# Akureyrarbær

## ÁRSSKÝRSLA 2001



# Hagnýtar upplýsingar

ÁRSSKÝRSLA 2001

Bæjarstjórnarfundir eru að jafnaði fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl. 16. Í júlí og ágúst er einn fundur í mánuði. Sjónvarpað er frá fundunum sama dag kl. 20.30 á sjónvarpsstöðinni Aksjón. Bæjarráðsfundir eru vikulega á fimmtudögum kl. 9.

## Akureyrarbær
## Sími : 460 1000

Samband frá skiptiborði kl. 8.00 - 16.00

Almenn afgreiðsla opin kl. 8.00 - 16.00 - opið hjá gjaldkera kl. 8.00 - 15.00

| Geislagata 9 | | | | Glerárgata 26 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | beint innval | | beint innval | | beint innval |
| Bæjarstjóri | 460 1000 | **Tækni- og umhverfissvið** | | **Félagssvið** | |
| | | Afgreiðsla | 460 1100 | Búsetu- og öldrunardeild | 460 1410 |
| Bæjarlögmaður | 460 1000 | Fax | 460 1111 | Fax | 460 1414 |
| | | Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs | 460 1100 | Fjölskyldudeild | 460 1420 |
| **Fjármálasvið** | | *Framkvæmdadeild:* | | Fax | 460 1440 |
| Fjárreiðudeild | 460 1030 | Deildarstjóri | 460 1104 | Íþrótta- og tómstundadeild | 460 1465 |
| Fax | 460 1031 | Hönnun | 460 1133 | Fax | 460 1414 |
| Fjármálastjóri | 460 1000 | Mælingar | 460 1130 | Menningardeild | 460 1461 |
| Gjaldkeri | 460 1037 | Verkefnisstj. gatna og fráveitumála | 460 1107 | Fax | 460 1414 |
| Húsnæðisdeild | 460 1000 | Verkefnisstjóri umhverfismála | 460 1134 | Skóladeild | 460 1455 |
| Bókhald | 460 1050 | *Umhverfisdeild:* | | Fax | 460 1460 |
| | | Skipulags- og byggingafulltrúi | 460 1142 | Sviðsstjóri félagssviðs | 460 1488 |
| **Þjónustusvið** | | Byggingaeftirlit | 460 1100 | Fax | 460 1460 |
| Fax | 460 1001 | Verkefnastjóri byggingaeftirlits | 460 1114 | | |
| Íbúaskrá - manntal | 460 1015 | Eftirlitsmaður | 460 1115 | | |
| Jafnréttismál | 460 1023 | Verkefnastjóri lóðaskrár | 460 1144 | | |
| Skjalastjóri | 460 1026 | Verkefnastjóri skipulagsmála | 460 1143 | | |
| Starfsmannadeild | 460 1060 | Verkefnastjóri Staðardagskrár | 460 1113 | | |
| Fax | 460 1061 | | | | |
| Sviðsstjóri þjónustusviðs | 460 1000 | **Fasteignir Akureyrarbæjar** | 460 1120 | | |
| Tölvudeild | 460 1080 | Fax | 460 1121 | | |
| Umsjónarmaður | 460 1092 | Framkvæmdastjóri | 460 1122 | | |
| Þjónustuanddyri | 460 1010 | Verkefnisstjóri viðhalds | 460 1126 | | |
| Kynningarmál | 460 1028 | Nýbyggingaeftirlit | 460 1127 | | |
| | | Umsjónarmaður leiguíbúða | 460 1124 | | |
| | | Þjónustuver viðhalds | 460 1193 | | |

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma, heimilisföng, forstöðumenn og fleira er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar,

www.akureyri.is

# Beinar línur

| | |
|---|---|
| **Atvinnumálanefnd** | 460 5700 |
| **Búsetu- og öldrunardeild:** | |
| Heimaþjónustan Bjargi | 462 6933 |
| Heimahjúkrun Bjargi | 462 6963 |
| Heimaþjónustan Víðilundi | 461 1249 |
| Heimahjúkrun Víðilundi | 461 2492 |
| Félagsmiðstöð Víðilundi | 462 7977 |
| Skammtímavistun fatlaðra Skólastíg 5 | 462 2756 |
| **Dagþjónusta fatlaðra:** | |
| Hæfingarstöðin við Skógarlund | 462 1754 |
| Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur | 461 4606 |
| **Hlíð - Öldrunarþjónusta** | 462 7930 |
| **Kjarnalundur - heimili aldraðra** | 462 1640 |
| **Sambýli - Bakkahlíð 39** | 462 7012 |
| **Framkvæmdamiðstöð - Rangárvöllum** | 460 1200 |
| Forstöðumaður | 460 1202 |
| Yfirverkstjóri gatna, holræsa og hreinsunar | 460 1203 |
| Yfirverkstjóri garðyrkjumála | 460 1204 |
| Umsjónarmaður jarðeigna, dýraeftirlit | 460 1105 |
| Forstöðumaður unglingavinnu | 460 1209 |
| **Grunnskólar:** | |
| Brekkuskóli | 462 2525 |
| Hlíðarskóli | 462 4068 |
| Giljaskóli | 462 4820 |
| Glerárskóli | 461 2666 |
| Lundarskóli | 462 4888 |
| Oddeyrarskóli | 462 4999 |
| Síðuskóli | 462 2588 |
| **Heilsugæslustöðin** | 460 4600 |
| **Íþróttamannvirki:** | |
| Íþróttahöllin | 462 5077 |
| Íþróttamiðstöð Glerárskóla | 462 1539 |
| Íþróttavöllurinn | 462 1588 |
| Skíðastaðir | 462 2280 |
| Sundlaug Akureyrar | 461 4455 |
| Skautahöll | 461 2440 |

# Hagnýtar upplýsingar

ÁRSSKÝRSLA 2001

| | |
|---|---|
| **Leikskólar:** | |
| Árholt - Háhlíð | 462 3676 |
| Flúðir - Þingvallastræti | 462 6602 |
| Holtakot - Þverholti 3 | 462 7081 |
| Iðavöllur - Gránufélagsgötu | 462 3849 |
| Kiðagil - Kiðagil 3 | 462 1761 |
| Klappir - Brekkugötu 34 | 462 7041 |
| Krógaból - Glerárkirkju | 462 7060 |
| Lundarsel - Hlíðarlundi 4 | 462 5883 |
| Pálmholt - Þingvallastræti | 462 3941 |
| Síðusel - Kjalarsíðu | 462 3034 |
| Sunnuból - Móasíðu 1 | 461 4922 |
| **Menntasmiðja kvenna Glerárgata 28** | 462 7255 |
| **Norðurorka Rangárvöllum** | 460 1300 |
| **Slökkvilið - eldvarnir og sjúkraflutningar - Árstíg 2** | 461 4200 |
| **Strætisvagnar og ferliþjónusta - Árstíg 2** | 462 4929 |
| **Söfn:** | |
| Amtsbókasafn | 462 4141 |
| Davíðshús | 462 6638 |
| Héraðsskjalasafn | 461 1052 |
| Listasafn | 461 2610 |
| Minjasafn | 462 4162 |
| Sigurhæðir | 462 6648 |
| **Tómstundastarf:** | |
| Kompaníið | 462 2710 |
| Punkturinn | 462 2711 |
| Tómstundastarf aldraðra | 462 7977 |
| **Tónlistarskólinn á Akureyri** | 462 1788 |

*Sjá nánari upplýsingar í símaskrá*

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma, heimilisföng, forstöðumenn og fleira
er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar,

www.akureyri.is

**Útgefandi:**
Akureyrarbær 2002

**Umsjón og prófarkalestur:**
Ragnar Hólm Ragnarsson

**Hönnun kápu:**
Stíll ehf.

**Hönnun, umbrot, prentun og bókband:**
Ásprent/POB ehf.



## Myndir

Að þessu sinni prýða ársskýrsluna myndir sem ljósmyndarinn Rúnar Þór Björnsson hefur tekið af Akureyringum á öllum aldri. Myndirnar tengjast ekki á beinan hátt því efni sem um er fjallað. Lista með nöfnum fólksins er að finna á blaðsíðu 68.

# Efnisyfirlit

**Ávarp bæjarstjóra** . . . 9
**Yfirstjórn bæjarins** . . . 10
Bæjarstjórn og bæjarráð . . . 10
Stjórnskipulag og áætlanagerð . . . 10
Samvinna og samstarf . . . 10
Heimsóknir og samskipti . . . 10
Viðtalstímar bæjarfulltrúa . . . 10
**Þjónustusvið** . . . 11
Þjónustuanddyri . . . 11
Tölvumál . . . 11
Skjalasafn . . . 11
Vefsíðan . . . 12
Starfsmannamál . . . 12
Fræðslumál . . . 12
Jafnréttismál . . . 12
Kynningarmál . . . 13
Mannfjöldi . . . 13
**Fjármálasvið** . . . 14
Fjárhagsáætlun . . . 14
Ársreikningur . . . 14
Ný reikningsskil . . . 15
Innkaup . . . 15
Viðbótarlán . . . 15
Innlausn félagslegra íbúða . . . 16
Félagslegar leiguíbúðir . . . 16
Húsaleigubætur . . . 16
**Félagssvið** . . . 17
Reynsluverkefnin . . . 17
Önnur verkefni . . . 18
Þjónustusvæði . . . 18
Starfsmenn . . . 18
Fjárhagsáætlun . . . 18
Fjölskyldudeild . . . 19
Dagþjónusta fatlaðra . . . 19
Atvinnuleit fatlaðra . . . 19
Ýmis úrræði í málefnum fatlaðra . . . 19
Fjárhagsaðstoð . . . 20
Barnavernd . . . 20
Skólamál . . . 20
Heilsugæslustöð . . . 22
Búsetu- og öldrunardeild . . . 23
Heimaþjónusta Akureyrarbæjar . . . 23
Heimahjúkrun . . . 23
Búsetuþjónusta við fólk með fötlun . . . 24
Skammtímavistun og sumardvöl . . . 24
Þjónustuhópur aldraðra . . . 24
Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra . . . 24
Þjónustumiðstöðin Víðilundi . . . 24
Öldrunarstofnanir . . . 25

Skóladeild . . . 26
Fagráðgjafar . . . 26
Sérfræðiþjónusta . . . 26
Almennir styrkir . . . 26
Umbunarsjóður . . . 26
Þróunarsjóður . . . 26
Sjálfsmat skóla . . . 26
Tölvuvæðing . . . 26
Skólavistun . . . 27
Skólamáltíðir . . . 27
Skólaárið – vetrarfrí . . . 27
Starfsmenn grunnskóla . . . 28
Nemendur . . . 28
Hlíðarskóli . . . 28
Sérdeildir . . . 28
Samræmd próf . . . 29
Almennar kennslustundir . . . 29
Sérkennslustundir . . . 30
Tengsl leik- og grunnskóla . . . 30
Tónlistarforskóli . . . 30
Tónlistarskólinn . . . 30
Leikskólar . . . 31
Framkvæmdir . . . 31
Almennt um starfsemina . . . 31
Fræðsla og rannsóknir . . . 32
Gæsluvellir og dagmæður . . . 32
Menningarmál . . . 33
Helstu verkefni á árinu . . . 33
Amtsbókasafnið á Akureyri . . . 33
Héraðsskjalasafnið á Akureyri . . . 35
Helstu verkefni á árinu 2001 . . . 35
Hús skáldsins: Sigurhæðir – Davíðshús . . . 36
Minjasafnið á Akureyri . . . 37
Listasafnið á Akureyri . . . 38
Menntasmiðjan . . . 39
Helstu verkefni árið 2001 . . . 39
Íþrótta- og tómstundadeild . . . 39
Félagsstarf í hverfum bæjarins . . . 39
Kompaníið . . . 39
Punkturinn . . . 40
Sundlaug Akureyrar og Íþróttahúsið við Laugargötu . . . 40
Íþróttamiðstöð Glerárskóla . . . 40
Íþróttahöllin . . . 40
Akureyrarvöllur og Íþróttaskemman . . . 40
Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli . . . 40
Skautahöllin . . . 40
**Fasteignir Akureyrarbæjar** . . . 41
**Tækni- og umhverfissvið** . . . 42
Framkvæmdadeild . . . 43
Malbikun . . . 43
Fráveita . . . 43
Viðhald gatna og holræsa . . . 43
Hreinlætismál . . . 43
Snjómokstur og hálkuvarnir . . . 43
Umferðarmál . . . 43
Bifreiðastæðasjóður . . . 43




Almenningsgarðar og útivist . . . . . 43
Opin svæði . . . . . 44
Ýmis verkefni . . . . . 44
Jarðeignir og dýraeftirlit . . . . . 44
Tjaldsvæði . . . . . 45
Slökkvilið . . . . . 45
Strætisvagnar Akureyrar . . . . . 45
Umhverfisdeild . . . . . 46
Aðalskipulag . . . . . 46
Deiliskipulag . . . . . 46
Byggingareftirlit . . . . . 46
Byggingaframkvæmdir . . . . . 46
Umferðarmál . . . . . 46
Staðardagskrá 21 – náttúru- og gróðurvernd . . . . . 46
**Norðurorka** . . . . . 48
Fjármál . . . . . 48
Ýmislegt . . . . . 48
Heitavatnsöflun . . . . . 49
Hitaveitukerfi . . . . . 50
Vatnsveitukerfi . . . . . 50
Gæðastjórnunarkerfið . . . . . 50
Eignarhaldsfélagið Rangárvellir . . . . . 50
**Atvinnumálanefnd** . . . . . 52
Stefnumótun í atvinnumálum . . . . . 52
Staða forgangsverkefna . . . . . 52
1. Markaðs- og kynningarátak Akureyrarbæjar . . . . . 52
2. Markaðsskrifstofa Akureyrar . . . . . 52
3. Stefnumótun í ferðamálum . . . . . 52
4. Samgöngumál . . . . . 52
5. Umhverfismál . . . . . 52
6. Fyrirtækjanet . . . . . 52
7. Orkumál og orkufrekur iðnaður . . . . . 52
8. Fyrirtæki ársins . . . . . 53
9. Viðburðaferðamennska . . . . . 53
10. Ferða- og fræðslumál . . . . . 53
11. Atvinnumál . . . . . 54
12. Niðurlag . . . . . 54
**Ársreikningar** . . . . . 55
**Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnum** . . . . . 65



# Ávarp bæjarstjóra

Sagt er að maður uppskeri sem hann sái og ljóst er að við Akureyringar getum horft fram á ríkulega uppskeru og bjarta tíma. Mikið starf til uppbyggingar hefur verið unnið í bænum síðustu misserin og útlitið er svo sannarlega gott þegar horft er til vilja ríkisvaldsins til eflingar byggðarlaginu. Til viðbótar þeirri miklu uppbyggingu sem Akureyringar hafa staðið í undanfarin ár þá hefur ríkisstjórn Íslands lagt fram á alþingi áform sín um stuðning við þetta góða starf.

Með nýrri þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum til næstu fjögurra ára, er stefnt að því að gera Akureyri að sterkum byggðakjarna til mótvægis við höfuðborgarsvæðið.

Í tillögum um aðgerðir er meðal annars gert ráð fyrir að komið verði á fót nýsköpunarmiðstöð í fyrirhuguðu rannsóknar- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri, og unnið að sérstakri byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Orðrétt segir í tillögu til þingsályktunar að markmið með nýrri byggðaáætlun sé meðal annars:

*Að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem öflugasta þéttbýlissvæðið utan höfuðborgarsvæðisins og styrkja þannig jafnframt byggð á Mið-Norðurlandi. Mikilvægt er í því sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað það sem bætir mannlíf á staðnum og dregur fólk að.*

Orð skulu standa og vonandi næst breið samstaða um þetta mikilvæga verkefni. Akureyringar og nærsveitarmenn eiga að henda þetta á lofti og blása til nýrrar sóknar í þessum anda með það að meginmarkmiði að efla hér byggð og styrkja enn frekar undirstöður samfélagsins. Nú er tækifærið og við höfum á traustum grunni að byggja, svo sem ársskýrsla Akureyrarbæjar fyrir árið 2001 ber órækt vitni um.

Fjárhagurinn er sterkur, íbúum heldur áfram að fjölga og á flestum sviðum er þróunin afar jákvæð. Á næstu blaðsíðum er fjallað ítarlega um helstu verkefni og framkvæmdir bæjarfélagsins og sýnt fram á þróun ýmissa þátta milli ára.





# Yfirstjórn bæjarins

## Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu voru haldnir 20 fundir í bæjarstjórn Akureyrar og 46 fundir í bæjarráði. Á aðalfundi 12. júní var Sigurður J. Sigurðsson endurkjörinn forseti bæjarstjórnar og kjörið nýtt bæjarráð. Ásgeir Magnússon var endurkjörinn formaður þess.

Tvær breytingar urðu á bæjarstjórn. Valgerður Hrólfsdóttir bæjarfulltrúi lést 21. júní og Vilborg Gunnarssdóttir óskaði lausnar frá starfi frá 1. október vegna brottflutnings. Þær voru báðar bæjarfulltrúar fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Í þeirra stað tóku þau Þóra Ákadóttir og Steingrímur Birgisson sæti sem aðalmenn í bæjarstjórn.

## Stjórnskipulag og áætlanagerð

Fasteignir Akureyrarbæjar tóku til starfa fyrri hluta árs eftir mikla vinnu við endurskipulagningu húsnæðismála bæjarins. Fasteignir Akureyrarbæjar eru sjálfstætt eignar- og rekstarfélag sem hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins, nema fasteignum Norðurorku á Rangárvöllum.

Félagið var stofnað í mars 2001 og var Guðríður Friðriksdóttir verkfræðingur ráðin framkvæmdastjóri. Fimm bæjarfulltrúar skipa stjórn þess, þeir sömu og skipa framkvæmdaráð.

Áfram var haldið að þróa vinnu við fjárhags- og starfsáætlanagerð. Þeirri vinnu er nú dreift á allt árið. Fjárhagsáætlun er unnin sem rammaáætlun. Unnið var að því að flytja starfsáætlanir yfir í form svonefndra skorkorta.



## Samvinna og samstarf

Mörg verkefni eru unnin í samstarfi við önnur sveitarfélög. Bærinn tekur m.a. þátt í starfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, launanefndar sambandsins, Eyþings - sambands sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Héraðsnefndar Eyjarfjarðar og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Hann á einnig aðild að byggðasamlögun, s.s. Sorpeyðingu Eyjafjarðar og Hafnasamlagi Norðurlands.

Á árinu var að störfum nefnd fimm bæjarfulltrúa sem fjalla átti um og meta áhrif af þátttöku bæjarins í samstarfsverkefnum með öðrum sveitarfélögum.

Í janúar lauk störfum samstarfsnefndar vegna sameiningar sveitarfélaga í Eyjafirði. Nefndin hafði starfað í samræmi við sveitarstjórnarlög. Ljóst varð af svörum nokkurra sveitarfélaga að tillaga um sameininginu í eitt sveitarfélag naut ekki trausts og þar með var umboð nefndarinnar fallið niður.

## Heimsóknir og samskipti

Eins og önnur ár var mikið um gestakomur til bæjarins og hér voru haldin fjölmörg þing og ráðstefnur. Af stórum þingum sem voru haldin á árinu, m.a. með stuðningi Akureyrarbæjar, má nefna sjóveðurþing á vegum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar WMO.

Samskipti við norrænu vinabæina fóru fram með hefðbundnum hætti. Bæjarstjóri og menningarfulltrúi sóttu tenglamót vinabæjanna í Lahti. Fulltrúar frá Randers komu til bæjarins og voru viðstaddir athöfn þegar kveikt var á jólatrénu á Ráðhústorgi, en jólatréð er árleg gjöf þeirra til Akureyringa. Bæjarstjóri vinabæjarins Gimli í Manitoba kom í heimsókn til Akureyrar í ágúst. Formaður bæjarráðs fór í heimsókn til sveitarfélagsins Vágs í Færeyjum og ræddi þar hugsanleg vinabæjarsamskipti.

## Viðtalstímar bæjarfulltrúa

Tvisvar í mánuði yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa. Þar eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka við erindum, fyrirspurnum og ábendingum gesta. Erindin eru færð til bókar og lögð fyrir í bæjarráði, sem síðan vísar þeim til umfjöllunar í nefndum og til starfsmanna eftir því sem tilefni er til.

Á árinu voru 14 viðtalstímar og bókuð erindi samtals 35. Árið áður voru bókuð erindi hins vegar 62.

# Þjónustusvið

Leiðarljós þjónustusviðs eru skilgreind þannig í starfsáætlun:

Upplýsingar og þjónusta við bæjarbúa og aðra viðskiptavini, bæjarstjórn, nefndir og starfsfólk á að vera skilvirk og

- þarfir þeirra sem þjónustuna eiga að fá hafa forgang
- þjónustan á að vera góð að mati neytenda.

Stjórnskipulag og starfshættir eiga að vera í sífelldri endurskoðun og þjóna sem best þeim markmiðum sem bæjarstjórn setur.

Þjónustusvið bæjarins á að vera í fararbroddi hvað varðar nýja starfshætti, þróun og tilraunir í stjórnsýslu.

Á miðju árinu varð sú breyting að starfsemi Menntasmiðjunnar, sem áður var tengd sviðinu, fluttist til félagssviðs. Að öðru leyti varð ekki mikil breyting á fjölda starfsmanna. Hermann Sigtryggsson, fyrrverandi íþróttafulltrúi, sem starfað hafði á sviðinu síðustu ár að ýmsum verkefnum lét af störfum vegna aldurs. Seinni hluta árs var ákveðið að ráða til starfa nýjan verkefnastjóra með aðaláherslu á kynningar- og upplýsingamál. Starfið var auglýst en ráðningu var ekki lokið um áramót.

## Þjónustuanddyri

Þjónustuanddyri er í Ráðhúsi Akureyrarbæjar. Það er lykillinn að upplýsingastreymi og boðskiptum til viðskiptavina og hlutverk þess er að veita bæjarbúum, starfsfólki og gestum bæjarins sem erindi eiga við bæjarkerfið sem besta þjónustu á einum og sama stað. Á árinu var tekinn í notkun nýr hugbúnaður fyrir íbúaskráningu sem á að verða til hagræðingar fyrir þjónustufulltrúana. Umsýsla þar hefur aukist til muna á þeim tæplega þremur árum sem þjónustuanddyrið hefur starfað. Fleiri stofnanir og deildir nýta nú þjónustuna til þess að afgreiða bæjarbúa og koma til þeirra upplýsingum.

Í þjónustuanddyri starfa fjórir þjónustufulltrúar við símsvörun, íbúaskráningu og almenna upplýsingagjöf. Jafnframt því taka þeir á móti ýmsum erindum og umsóknum sem berast til bæjarstofnana og deilda. Í anddyrinu má nálgast ýmis eyðublöð og upplýsingabæklinga frá deildum og stofnunum bæjarins og þar er m.a. hægt að sækja um störf, byggingalóðir, leikskólapláss og húsnæðisaðstoð.

## Tölvumál

Haustið 2000 var samið við Nett hf. um tölvuþjónustu við Akureyrarbæ. Nett tók við rekstri tölvudeildarinnar í ráðhúsinu á haustdögum 2000 en fljótlega þróaðist þjónustan þannig að miðlægir netþjónar voru fluttir í hús Nett við Furuvelli. Þannig varð þjónustan fljótt með nokkuð öðrum hætti en samningurinn gerði ráð fyrir, enda var vitað að um tilraunastarfsemi yrði að ræða og að samningsaðilar þyrftu í sameiningu að þreifa sig áfram að besta fyrirkomulaginu. Þess vegna gilti samningurinn aðeins til ársloka 2001.

Þar sem þjónusta Nett hf. - sem á árinu varð að ANZA hf. - var orðin mun umfangsmeiri en upphaflegur samningur gerði ráð fyrir, tók bæjarráð ákvörðun um það í júní að bjóða tölvuþjónustuna út á nýjan leik. Eftir útboð á vegum Ríkiskaupa reyndist Skyggnir hf. vera með lægsta tilboðið og var samningur við fyrirtækið til fjögurra ára undirritaður 12. desember. Í samningnum felst hýsing á tölvukerfum bæjarskrifstofanna, tölvupóstþjónusta og geymsla á vefsíðum, umsjón með gagnatengingum svo og notendaþjónusta.

Á árinu 2001 var gert verulegt átak í því að koma á gagnatengingum milli bæjarskrifstofanna og stofnana bæjarins til að auðvelda öll samskipti og gera stjórnendum stofnana hægara um vik að fá upplýsingar úr fjárhaldsbókhaldi. Allir skólar og leikskólar eru nú með fastar tengingar auk nokkurra annarra þjónustustofnana.

## Skjalasafn

Skjalakerfið GoProCase er notað á bæjarskrifstofum Akureyrar til að halda utan um erindi sem starfsmönnum, bæjarstjórn og pólitískum nefndum bæjarins berast til afgreiðslu. Á árinu fjölgaði notendum skjalakerfisins nokkuð en langt er enn í land að starfsmenn almennt tileinki sér þessa tækni, enda kostar innleiðing hennar meiri fyrirhöfn en tök hafa verið á. Helst náðist árangur á tækni- og umhverfissviði þar sem unnin var skjalaáætlun og skjalalykill þróaður auk þess sem unnið var að undirbúningi þess að taka GoProCase í notkun í stað Erindreka sem notaður hefur verið hjá byggingafulltrúa. Innleiðingu GoProCase á tækni- og umhverfissviði seinkaði vegna þess að tafir urðu á forritunarvinnu hjá Fasteignamati ríkisins.

## Vefsíðan

Í tengslum við kynningarátak á vegum atvinnumálanefndar var tekin upp umræða um endurnýjun og útvíkkun vefsíðu Akureyrarbæjar. Vefsíðan hefur fyrst og fremst verið upplýsingamiðill fyrir stjórnkerfi Akureyrarbæjar en nú er ætlunin að síðan veiti almennari upplýsingar um Akureyrarbæ og höfði meira til ferðamanna og væntanlegra íbúa bæjarins en taki þó áfram mið af upplýsingaþörf íbúa bæjarins.

Skipaður var starfshópur til að gera tillögur að nýrri vefsíðu og á grundvelli skýrslu hópsins var smíði nýrrar síðu boðin út í árslok 2001. Samið var við fyrirtækið Athygli um gerð síðunnar en að baki Athygli er fyrirtækið Atómstöðin. Ný síða á að vera tilbúin í maí 2002.

Að jafnaði heimsóttu um 300 manns vefsíðu Akureyrarbæjar á hverjum virkum degi á árinu 2001.

## Starfsmannamál

Á árinu 2001 var 3.131 launþega greidd vinnulaun hjá Akureyrarbæ að upphæð um 3.121 milljónir króna. Ársverk voru um 1.360 talsins.

Í vinnuskólanum voru 307 unglingar, 14 og 15 ára. Vinnutími á dag var 3,5 tímar í 7 vikur eða samtals 122,5 tímar. Þá var 16 ára unglingum gefinn kostur á sumarvinnu og voru 87 unglingar ráðnir að þessu sinni. Vinnutími var 7 klst. á dag í 6 vikur og hámarkstímafjöldi sem mátti vinna samtals 210 tímar. Um sumarvinnu sóttu 519 manns og voru 328 ráðnir til sumarstarfa og afleysinga hjá deildum og stofnunum bæjarins.

Samkvæmt ákvörðun bæjarráðs stóð starfsmannadeild fyrir könnun á atvinnuhorfum skólafólks dagana 6.-12. júní. Alls höfðu 47 manns sem voru í námi og án atvinnu samband við starfsmannadeildina. Ákveðið var að bjóða þessu fólki vinnu í 240 klst. Af þessum hópi tóku 34 tilboði bæjarins um vinnu.

Flestir kjarasamningar starfsfólks Akureyrarbæjar voru lausir á árinu. Samningar tókust við öll þau stéttarfélög sem Launanefnd sveitarfélaga hafði umboð til að semja við fyrir hönd Akureyrarbæjar og má þar nefna Verkalýðsfélagið Einingu-Iðju, Starfsmannafélag Akureyrarbæjar, KÍ, Félag tónlistarskólakennara, Félag íslenskra hljómlistarmanna, tónlistarkennara innan STAK, Félag leikskólakennara, Landssamband slökkviliðsmanna, Sjúkraliðafélag Íslands, Rafiðnaðarsamband Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félög tæknifræðinga og verkfræðinga, Þroskaþjálfafélag Íslands, Félag bókasafnsfræðinga, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa og fleiri stéttarfélög, en starfsfólk Akureyrarbæjar vinnur eftir um það bil 30 kjarasamningum. Kjarasamningur við STAK var felldur í atkvæðagreiðslu og því þurfti að setjast aftur að samningaborði. Nýr kjarasamningur var undirritaður 29. maí 2001 og hann síðan samþykktur af félagsmönnum.

## Fræðslumál

Í starfsmannastefnu bæjarstjórnar Akureyrar er lögð áhersla á símenntun starfsmanna. Að hluta til fer þessi fræðsla fram í stofnununum sjálfum og á þeirra vegum en það er hins vegar hlutverk fræðslunefndar Akureyrarbæjar að annast aðra fræðslu starfsmanna sem er ætluð öllum starfsmönnum, t.d. nýliðanámskeið sem haldin voru haust og vor 2001 og námskeið í starfamannasamtölum. Ennfremur skipulögðu starfsmenn fræðslunefndar þátttöku bæjarstarfsmanna í námskeiðum á vegum Tölvufræðslunnar á Akureyri.

Fræðslunefnd annast úthlutun styrkja úr Námsstyrkjasjóði sem stofnaður var til að styrkja þá starfsmenn til framhaldsnáms sem geta ekki sótt um styrki til fræðslu- og vísindasjóða stéttarfélaga sinna. Úthlutað var styrkjum til þriggja starfsmanna, einn til 12 mánaða námsleyfis, annar til 10 mánaða og sá þriðji til 4 mánaða.

## Jafnréttismál

Í starfsáætlun jafnréttisnefndar fyrir árið 2001 var áhersla lögð á samstarf við Jafnréttisstofu og fræðslu um jafnréttismál. Haldið var námskeið í samþættingu í samvinnu við Jafnréttisstofu fyrir ráðna stjórnendur og kjörna fulltrúa Akureyrarbæjar en samþætting er ný leið til þess að jafna hlut kynja á öllum sviðum samfélagsins. Markmiðið er að jafnrétti kynja verði samþætt í starfsáætlanir deilda og stofnana og taki þannig til allrar starfsemi bæjarins. Þá hefur nefndin lagt áherslu á að koma fræðslu um jafnréttimál inn í skólana og hefur jafnréttisfulltrúi af því tilefni boðið námskeið og fræðslu í skólum. Á vordögum 2001 keypti jafnréttisnefnd nýútkomna Jafnréttishandbók sem ætluð er fyrir starfsfólk skóla og færði hverjum grunnskóla eintak að gjöf. Tilgangurinn var að vekja athygli á bókinni og málefninu og nauðsyn þess að sýna því rækt í skólunum. Í samstarfi við Símey var á haustdögum haldið námskeið í rekstri handverks- og listfyrirtækja. Sótt var um styrki í Átak til atvinnusköpunar og kvennasjóð félagsmálaráðuneytis. Tuttugu konur og einn karlmaður sóttu námskeiðið sem tókst vel í alla staði. Vonir standa til að hópurinn myndi viðskiptanet sem gæti orðið til þess að vekja athygli á þeim og styrkja starfsemi þeirra.

Á Kvennafrídeginum 24. október hóf jafnréttisfulltrúi daginn með morgunandakt og kaffi fyrir starfskonur í Ráðhúsi. Jafnréttisnefnd stóð ásamt Jafnréttisstofu fyrir því að fá norður til Akureyrar Bríetur - konur úr félagi ungra feminista til þess að heimsækja framhaldsskólana og Háskólann á Akureyri.



Um kvöldið var opinn fundur í Deiglunni. Mikill áhugi var á málflutningi Bríeta meðal ungra kvenna á Akureyri.

Formaður jafnréttisnefndar fór til Gautaborgar í september 2001 og sat lokaráðstefnu um samnorrænt samþættingarverkefni sem Akureyri og Reykjavík tóku þátt í af hálfu Íslands. Um tilraunaverkefni var að ræða sem stóð í 3 ár. Á Íslandi átti íþrótta- og tómstundageirinn hlut að máli og hafði deildarstjóri íþrótta- og tómstundaráðs verkefnið með höndum fyrir Akureyrarbæ. Í nóvember fór bæjarstjóri fyrir hönd jafnréttisnefndar á ráðstefnuna Mænd kan - arbeidsliv og likestillning sem haldin var í Kaupmannahöfn.

Haustið 2001 hófu Stígamót tilraunastarfsemi á Akureyri með styrk og fulltingi jafnréttisnefndar og félagsmálaráðs. Gekk starfið vel og því miður sýndi sig að full þörf er fyrir starfsemi Stígamóta á Norðurlandi.

Jafnréttisnefnd ákvað að veita árlega jafnréttisviðurkenningu til fyrirtækis, deildar eða stofnunar á Akureyri. Það var gert í fyrsta skipti árið 2001 og hlaut Blikkrás ehf. viðurkenninguna. Þá veitir jafnréttisnefnd árlega styrki til jafnréttisverkefna sem þetta árið gengu bæði til félagasamtaka og einstaklinga.

Jafnréttisfulltrúi fundaði með félagsmálanefnd Dalvíkurbyggðar en hún fer með jafnréttismál fyrir bæjarfélagið. Áformað er að taka upp samstarf.

## Kynningarmál

Kynningarmál eru á verksviði margra innan bæjarkerfisins og hjá samstarfsaðilum, s.s. Atvinnuþróunarfélagi Eyjarfjarðar. Unnið var að sérstöku markaðs- og kynningarátaki á vegum atvinnumálanefndar. Á þjónustusviði er unnið að ýmsum verkefnum sem miða að því að góðar upplýsingar og kynningar berist til bæjarbúa og annarra. Auk vefsíðu Akureyrarbæjar og sjónvarps frá bæjarstjórnarfundum má nefna eftirfarandi verkefni sem unnin voru á árinu og þjónustusvið hafði umsjón með:

- Fréttir frá Akureyri. Fréttabréf sem dreift er í hvert hús á Akureyri og víðar. Blaðið er 4 síður og unnið af kynningarþjónustunni Fremri í samstarfi við starfsfólk bæjarins. Átta tölublöð komu út á árinu.
- Bæjarmál. Upplýsinga- og kynningarþættir sem sýndir eru á sjónvarpsstöðinni Aksjón. Þættirnir fjalla um þjónustu og starfsemi bæjarins. Þeir eru undirbúnir af stjórnendum og starfsfólki og unnir í samstarfi við sjónvarpsstöðina. Sýningar eru á mánudagskvöldum vetrarmánuðina og er hver þáttur 5-10 mínútna langur. Á árinu voru sýndir 23 þættir.
- Útgáfa ársskýrslu. Skýrslunni er dreift í öll hús á Akureyri.
- Kynning í blöðum og tímaritum. Sérstakar kynningar voru unnar og birtar í tímaritinu Ský seinni hluta vetrar og í blöðum Kaupmannasamtaka Akureyrar sem komu út í desember.

# Mannfjöldi

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 15.395 hinn 1. desember 2000. Endanleg íbúatala var 15.385. Samkvæmt bráðabirgðatölum voru íbúar 1. desember 2001 15.635 og hafði fjölgað um 250 eða um 1.62%. Karlar voru 7.711 og konur 7.924. Frá 2. desember 2000 til 1. desember 2001 fæddist 241 barn en 87 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá Hagstofu voru brottskráningar 1.073 en skráningar til bæjarins 1.169, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 96. Flutningar innan bæjarins voru 2.039. Elsti íbúi bæjarins, Elín Magnúsdóttir, er 106 ára.

# Fjármálasvið



Fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana og fyrirtækja bæjarins fyrir árið 2001 var samþykkt í bæjarstjórn 19. desember 2000. Heildarupphæð áætlunarinnar var ríflega 6,6 milljarðar króna. Hjá Bæjarsjóði voru rekstrargjöld áætluð 4.175.836 þús. kr. og tekjur málaflokka 1.909.779 þús. Áætluð rekstrargjöld voru því um 2.266 milljónir kr. nettó. Það svarar til 144.935 króna á hvern íbúa 1. desember 2001 (131.268 kr. á árinu 2000).

Skatttekjur voru áætlaðar 2.748.000 þús. kr. eða 175.759 krónur á íbúa (159.587 kr. árið 2000). Fjármagnskostnaður nettó var áætlaður 55 milljónir króna. Til gjaldfærðrar fjárfestingar var áætlað að verja 332.000 þús. kr. og til eignfærðrar fjárfestingar 673.000 þús. eða samtals 1.005 milljónum króna til fjárfestinga.

Útsvarsprósenta var ákveðin 12,7%. Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði var 0,36% af álagningarstofni en fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði var 1,65%.

Við endurskoðun fjárhagsáætlunarinnar í júlí var gert ráð fyrir verulegri hækkun tekna og útgjalda. Skatttekjur hækkuðu um 360 milljónir króna og rekstrarútgjöld um 518,6 milljónir króna. Skýringin á þessari hækkun, bæði tekna og gjalda, er umtalsverðar launahækkanir ýmissa starfshópa. Áætlun til gjald- og eignfærðrar fjártestingar var hækkuð um 244 milljónir króna og vegur þar stærst ný skíðalyfta í Hlíðarfjalli og kaup bæjarsjóðs á fasteignum íþróttafélaga.

Fjárhagsáætlanir áranna 2001 og 2002 má sjá á vefsíðu bæjarins *www.akureyri.is* undir Svið og deildir / Fjármálasvið / Fjármálaupplýsingar.

## Ársreikningur

Helstu niðurstöður úr fjármagnsyfirliti samstæðureiknings bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja árið 2001 má sjá hér að neðan.

**Fjármagnsyfirlit fyrir árið 2001 í millj. kr.**

| | Niðurstaða | Áætlun |
|---|---|---|
| Skatttekjur | 3.323 | 3.108 |
| Tekjur málaflokka og rekstrartekjur veitna | 3.385 | 3.287 |
| Rekstrargjöld | 5.964 | 5.530 |
| Tekjur umfram rekstrargjöld | 744 | 865 |
| Fjárfestingar samtals | 1.707 | 1.521 |
| Fjármagnsliðir | 201 | 281 |

Skatttekjur bæjarsjóðs voru 8,4% hærri en áætlað var. Almenn rekstrargjöld bæjarsjóðs voru 12,6% yfir áætlun. Heildarlaunagreiðslur voru 3.121 milljónir króna og ársverk 1.360.

**Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings í árslok 2001 og 2000 í millj. kr.**

| | 2001 | 2000 |
|---|---|---|
| Veltufjármunir | 1.769 | 1.783 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | 507 | 494 |
| Peningalegar eignir samtals | 2.276 | 2.277 |
| Skammtímaskuldir | 1.262 | 1.008 |
| Langtímaskuldir | 5.211 | 4.192 |
| Heildarskuldir án lífeyrisskuldbindinga | 6.473 | 5.200 |
| Neikv. peningaleg staða án lífeyrisskuldb. | 4.197 | 2.924 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 3.263 | 2.655 |
| Neikv. peningaleg staða m/lífeyrisskuldb. | 7.460 | 5.579 |

Ársreikning ársins 2001 má sjá á vefsíðu bæjarins www.akureyri.is undir Svið og deildir / Fjármálasvið / Fjármálaupplýsingar.

## Ný reikningsskil

Ný reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 tók gildi 1. janúar 2001. Á grundvelli hennar eru fjárhagsáætlun og ársreikningur bæjarsjóðs fyrir árið 2001 sett fram nú í síðasta sinn með þessum hætti. Með nýrri reglugerð eru teknar upp almennar reikningsskilaaðferðir í reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélögum ber að flokka gjöld sín og tekjur á sambærilegan hátt og setja fram fjárhagsáætlanir sínar, ársreikninga og aðrar fjárhagslegar upplýsingar með samræmdum hætti.

Tilgangur breytinganna er að ná fram skýrari mynd af fjárhagslegri stöðu og gera auðveldara að bera saman rekstur sveitarfélaga innbyrðis auk þess að gera samanburð við þjónustuaðila á almennum markaði mögulegan.

Nánari upplýsingar um ný reikningskil sveitarfélaga má nálgast á heimasíðu Félagsmálaráðuneytisins www.stjr.is Félagsmálaráðuneyti en þar er hnappur fyrir Reikningsskila- og upplýsinganefnd þar sem finna má ítarlegar upplýsingar um breytingarnar.

## Innkaup

Á síðasta ári var ráðist í endurskoðun verkferla við innkaup hjá Akureyrarbæ. Eitt fyrsta skrefið í því verkefni var að ráða í nóvember 2001 til starfa innkaupastjóra Akureyrarbæjar, Árna Þór Freysteinsson, sem er á fjármálasviði. Hlutverk innkaupastjóra er m.a. að hrinda í framkvæmd breyttu vinnulagi við innkaup á rekstrarvörum og þjónustu með útboðum, verðkönnunum og samningagerð við birgja Akureyrarbæjar. Fyrsta stóra verkefnið sem hrint var í framkvæmd á síðasta ári var útboð á eldsneyti fyrir Akureyrarbæ og stofnanir hans sem skilaði mjög góðum árangri. Í tengslum við endurbætur á heimasíðu Akureyrarbæjar er verið að undirbúa innkaupavef sem verður nýttur til að stýra innkaupum og miðla upplýsingum til þeirra sem sjá um innkaupin hjá hinum ýmsu stofnunum og deildum Akureyrarbæjar.

## Viðbótarlán

Með lögum um húsnæðismál frá 1998 voru gerðar viðamiklar breytingar á húsnæðismálum og einn þáttur í því var að tekin voru upp viðbótarlán sem ætluð eru einstaklingum sem búa við erfiðar aðstæður og þurfa aðstoð til kaupa á eigin íbúðarhúsnæði. Viðbótarlán kemur til viðbótar húsbréfum með veði í hlutaðeigandi eign. Heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði getur þó aldrei orðið umfram 90% af kaupverði íbúðar. Viðbótarlánum er úthlutað samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og starfsreglum sem Húsnæðisnefnd Akureyrar setur sér.

Sömu reglur gilda um yfirtöku áður afgreiddra lána og gilda um nýja lántöku. Umsókn um viðbótarlán er ekki tekin til afgreiðslu fyrr en fyrir liggur staðfest kauptilboð og greiðslumat frá fjármálastofnun ásamt öllum fylgigögnum. Umsóknareyðublað og reglur um veitingu viðbótarlána má nálgast á vefsíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is Svið og deildir / Fjármálsvið / Húsnæðisdeild. Upplýsingar og eyðublöð liggja jafnframt frammi í Þjónustuandyri að Geislagötu 9. Jón Heiðar Daðason jon@akureyri.is, sér um afgreiðslu umsókna um viðbótarlán og veitir nánari upplýsingar.

**Fjöldi umsókna og upphæðir nýrra og yfirtekinna viðbótarlána.**
Allar upphæðir eru í þús. kr.

| Ár | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi samþykktra nýrra lána | 200 | 182 | 143 |
| Samtals upphæð nýrra lána | 283.375 | 279.443 | 218.840 |
| **Meðaltals upphæð samþykktra lána** | 1.417 | 1.535 | 1.530 |
| Fjöldi samþykktra umsókna um yfirtöku | 0 | 14 | 34 |
| Samtals upphæð yfirtekinna lána | 0 | 19.310 | 46.999 |
| **Meðaltals upphæð yfirtekinna lána** | 0 | 1.379 | 1.382 |
| Fjöldi umsókna sem var synjað | 10 | 14 | 12 |
| Samtals upphæð synjaðra umsókna | 20.035 | 24.733 | 16.999 |
| **Fjöldi umsókna alls** | 210 | 210 | 189 |

**Fjöldi viðbótalána eftir mánuðum**




Á árinu 2001 var úthlutað nokkuð færri nýjum viðbótarlánum en árin á undan. Helsta ástæða þess er að umsóknum um yfirtöku eldri lána fjölgar með hverju árinu sem líður og má vænta þess að þróunin verði sú sama á næstu árum.

## Innlausn félagslegra íbúða

Á árinu 2001 var til afgreiðslu hjá húsnæðisnefnd Akureyrar innlausn 40 félagslegra eignaríbúða. Sex innlausnaríbúðum var breytt í leiguíbúðir á árinu en 28 íbúðir voru seldar á frjálsum markaði. Þar af voru 14 íbúðir seldar með tapi, þ.e. söluverðið var lægra en innlausnarverðið, en í þeim tilfellum greiðir varasjóður viðbótarlána hluta tapsins. Fasteignasalan Holt á Akureyri sér um söluna samkvæmt samningi við Akureyrarbæ frá árinu 2000. Sala íbúðanna hefur gengið mjög vel, enda hefur fasteignamarkaðurinn verið mjög líflegur síðustu ár, eftirspurn eftir góðu húsnæði meiri en framboðið og íbúðirnar almennt í góðu ástandi. Um áramót voru á Akureyri rúmlega 400 íbúðir sem Akureyrarbær hefur kaupskyldu og/eða forkaupsrétt á. Samanlagt markaðsverð þessara eigna er um 3,6 milljarðar kr.

## Félagslegar leiguíbúðir

Akureyrarbær rekur í dag rúmlega 200 félagslegar leigubúðir og er tilgangurinn með rekstri íbúðanna að tryggja einstaklingum og fjölskyldum, sem ekki hafa greiðslugetu til að kaupa sér íbúð, öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Haldin er biðlisti eftir leiguíbúðum Akureyrarbæjar og eru í gildi skýrar reglur um hverjir hafa rétt á að fara á biðlista. Reglurnar voru samþykktar í bæjarstjórn Akureyrar 20. desember 2001. Helstu skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla eru:

- Tekjumörk sem bundin eru fjölskyldustærð
- Eignamörk
- Hafi ekki greiðslugetu samkvæmt greiðslumati til íbúðarkaupa með viðbótarláni
- Búi við óöryggi í húsnæðismálum eða ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu

Á árinu 2001 var úthlutað 38 íbúðum en þar af var í 10 tilfellum um að ræða flutning milli íbúða. Um síðustu áramót voru samtals 86 umsækjendur á biðlista eftir leiguhúsnæði en þar af voru 14 að óska eftir flutningi í hentugara húsnæði. Á árinu var sex innleystum félagslegum íbúðum breytt í leiguíbúðir og hafinn var undirbúningur að byggingu fjögurra einstaklingsíbúða. Umsóknareyðublað og reglur um úthlutun má nálgast í þjónustudandyri að Geislagötu 9 eða á vefsíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is Svið og deildir / Fjármálasvið / Húsnæðisdeild.

## Húsleigubætur

Húsaleigubætur eru greiddar til leigjenda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og er markmiðið með greiðslu bótanna að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaði.

Á árinu 2001 voru greiddar húsaleigubætur hjá Akureyrarbæ alls 53,4 milljónir kr. sem er aukning um 20% frá árinu áður en þá voru greiddar húsaleigubætur samtals 44,4 milljónir. Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir fjölskyldugerð og atvinnustöðu var sem hér segir á árinu 2001.

**Húsaleigubætur**

| Atvinnustaða | Gift/samb. með börn | Gift/samb. án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypar konur | Einhleypir Karlar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Í atvinnu | 37 | 3 | 88 | 49 | 22 | 199 |
| Atvinnulaus | 2 | | 12 | 1 | 5 | 20 |
| Öryrkjar | 4 | 6 | 13 | 35 | 33 | 91 |
| Ellilífeyrisþegar | | 12 | | 23 | 10 | 45 |
| Heimavinnandi | 1 | | 6 | | | 7 |
| Nemar | 18 | 7 | 23 | 57 | 42 | 147 |
| **Samtals** | 62 | 28 | 142 | 165 | 112 | 509 |



**Meðaltals leigufjárhæð íbúða sem greiddar vorur húsaleigubætur vegna árið 2001**

| Stærð | Alm. Markaður | Stúdentagarðar | Leiguíb. Akb. | Félagasamtök | Búseti |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. herb | 27.388 kr. | 25.368 kr. | | | |
| 2. herb. | 36.079 kr. | 38.382 kr. | 23.534 kr. | 23.865 kr. | 29.281 kr. |
| 3. herb. | 37.332 kr. | 47.521 kr. | 33.446 kr. | 34.825 kr. | 38.417 kr. |
| 4. herb. | 48.911 kr. | | 35.084 kr. | 34.299 kr. | 43.053 kr. |
| 5. herb. | 61.666 kr. | | 40.444 kr. | 67.142 kr. | |
| 6. herb. | 54.000 kr. | | | | |

Umsóknareyðublað fyrir húsaleigubætur má nálgast á vefsíðu Akureyrarbæjar *www.akureyri.is* Svið og deildir / Fjármálsvið / Húsnæðisdeild. Jafnframt má nálgast upplýsingar á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins www.stjr.is en þar er hnappur fyrir húsaleigubætur. Umsóknareyðublöð, lög og reglugerðir um greiðslu húsaleigubóta liggja frammi í Þjónustuanddyri að Geislagötu 9 og má skila umsóknum þangað eða póstsenda á Húsnæðisdeild Akureyrar, Geislagötu 9. Húsaleigubótafulltrúi Anna Lísa Baldursdóttir, annalisa@akureyri.is, sér um afgreiðslu umsókna og veitir jafnframt nánari upplýsingar.

# Félagssvið

Almennt má segja að starfsemin á félagssviði hafi gengið vel á árinu 2001. Mikil og góð starfsemi var á öllum deildum og starfsemin efld eftir því sem efni leyfðu. Litlar skipulagsbreytingar voru þetta árið, nema hvað rekstur Menntasmiðjunnar var færður undir félagsmálaráð.

Á vegum félagsmálaráðs var unnið áfram að mótun fjölskyldustefnu og hún afgreidd fyrri hluta ársins 2002. Þessi stefnumótun er fyrst og fremst miðuð við þarfir barnafjölskyldna, nær til flestra málaflokka og kemur til viðbótar annarri stefnumörkun Akureyrarbæjar.

Breytingar sem gerðar voru 1999 með sameiningu allrar einstaklingsráðgjafar á fjölskyldudeild hafa fest sig í sessi en þörf er á aukinni samvinnu milli fjölskyldudeildarinnar og heilsugæslustöðvarinnar. Mikil aukning var á fjárhagsaðstoð milli ára en erfitt er að finna einhlíta skýringu á því. Þó er ljóst að mikil aukning hefur verið á aðstoð til einhleypra síðustu 10 ár og virðist sem fjölgað hafi í þeim hópi fólks sem þarf að lifa á lágmarksbótum almannatrygginga og þarf fjárhagsaðstoð til að láta enda ná saman. Alltaf fjölgar barnaverndarmálum en engin stór breyting varð þar á árið 2001.

Samtökin Stígamót komu með reglulegum heimsóknum til Akureyrar á fót umræðu- og vinnuhópum um málefni kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi af einhverjum toga. Stefnt er að því að þjálfa konur á Akureyri til að halda utan um þessa starfsemi hér fyrir norðan. Félagsmálaráð og jafnréttisnefnd studdu Stígamót fjárhagslega við þetta verkefni.

Fyrir forgöngu Geðverndarfélagsins og með fjárhagslegum stuðningi félagsmálaráðs, Rauða Krossins og heilbrigðisráðuneytisins, var sett á fót athvarf sem opið er öllum geðfötluðum á virkum dögum. Öryrkjabandalagið keypti einbýlishús sem leigt er fyrir starfsemi þessa. Aðsókn hefur verið ágæt og greinileg þörf er fyrir þetta viðbótarúrræði í þjónustu við geðfatlaða.

Nokkrar áherslubreytingar urðu í starfssemi Menntasmiðjunnar því ákveðið var að hafa menntasmiðju kvenna aðeins aðra hverja önn og á móti kæmi nýtt verkefni sem sérstaklega væri ætlað fyrir ungmenni í vanda. Hefst það á fyrri hluta ársins 2002.

## Reynsluverkefnin

Ekki náðist samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna en ný félagsþjónustulög því samhliða hefðu leitt til endurskoðunar á fyrirkomulagi félagsþjónustunnar. Ekki er samt sem áður ólíklegt að af þessari breytingu verði innan 5 ára þó svo ágreiningur um fjárhagshlið málsins hafi leitt til þessarar niðurstöðu núna. Rétt er þó að benda á að ágreiningur er líka um málið milli hagsmunasamtaka fatlaðra.

Þrátt fyrir að samningar um reynsluverkefnin rynnu út um áramótin 2001/2002 tókst ekki að ná samningum um framhald verkefnanna fyrir áramót. Vantaði nokkuð á að fjárhagslegur grundvöllur verkefnanna væri tryggður af hálfu ríkisins. Reynt er ennþá að ná samningum en á meðan rekur Akureyrarbær verkefnin á kostnað ríkisins. Verður að segja eins og er að þetta ástand er illþolandi fyrir bæði starfsmenn verkefnanna og stjórnendur Akureyrarbæjar.

Áfram var haldið með verkefnið „heilsueflandi heimsóknir til aldraðra“ og er reynslan af því góð. Verkefnið er fjárhagslega stutt af heilbrigðisráðuneytinu.

Starfsemi dagvistunar aldraðra í Víðilundi hófst í ársbyrjun. Hún hefur gengið vel á árinu og á vel heima með félagsstarfi aldraðra sem þar er rekið. Vert er að skoða þá hugmynd að gefa fleiri hópum en öldruðum kost á að sækja félagsstarfið að Víðilundi. Stefnt er að breytingum á húsnæði Akureyrarbæjar að Bjargi en ætlunin er að flytja starfsemi Punktsins þangað og efla í leiðinni félagsstarf aldraðra þar en þeir sem sækja Punktinn eru á öllum aldri.



## Önnur verkefni

Fjárhagserfiðleikar einstakra íþróttafélaga á Akureyri tóku mikinn tíma en Akureyrarbær keypti m.a. húsnæði af þeim og leysti mestan vanda þeirra með samningum á síðasta ári. Er vonandi að rekstur þeirra geti staðið undir sér í framtíðinni með þeim árlega stuðningi sem þau fá.

Á árinu var unnið að því að bæta aðstöðu og þjónustu við ýmsar stofnanir. Má í því sambandi nefna viðbyggingu Oddeyrarskóla, nýbyggingu Giljaskóla, leikskólann Iðavöll, endurbætur á Sundlaug Akureyrar, endurbætur Ketilhúss, viðbyggingu Amtsbókasafns, fjölnota íþróttahús og nýja skíðalyftu. Allar þessar framkvæmdir munu væntanlega stuðla að meiri og betri starfsemi á vegum bæjarins, öllum bæjarbúum til hagsbóta.

## Þjónustusvæði

Þjónustusvæði stofnana á félagssviði er mismunandi stórt eftir því hvaða málaflokkur á í hlut. Málefni fatlaðra ná til íbúa í 11 sveitarfélögum, starfssvæði heilsugæslunnar nær til íbúa 8 sveitarfélaga, samningur er við 6 sveitarfélög um aðgang að dvalar- og hjúkrunarrýmum á Hlíð og eitt sveitarfélag um aðgang að hjúkrunarrýmum eingöngu. Á árinu 2001 var unnið að endurnýjun samnings við 5 sveitarfélög um barnaverndarmál, félagsþjónustu og sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla.

## Starfsmenn

Ingólfur Ármannsson lét af störfum menningarfulltrúa í árslok og Þórgnýr Dýrfjörð hefur verið ráðinn í hans stað. Enn er óráðið í stöðu deildarstjóra búsetu- og öldrunardeildar sem Þórgnýr sinnti áður, enda óvissa um framhald hluta þeirra verkefna sem deildin hefur sinnt. Þorbjörg Ásgeirsdóttir var ráðin forstöðukona Menntasmiðjunnar og Margrét Guðjónsdóttir ráðin framkvæmdastjóri heilsugæslustöðvarinnar. Sinnir hún jafnframt starfi hjúkrunarforstjóra heilsugæslunnar. Pétur Pétursson hefur sagt upp starfi yfirlæknis heilsugæslunnar en ekki er búið að ráða yfirlækni í hans stað.

## Fjárhagsáætlun

Mikil vinna fór í endurskoðun fjárhagsáætlunar 2001 í kjölfar kjarasamninga sem gerðir voru á árinu. Síðustu samningarnir voru gerðir undir áramót og hefur þurft að endurskoða allar rekstraráætlanir fyrir árið 2002 vegna þess. Töluverð vinna er fram undan við gerð símenntunaráætlana sem kveðið er á um í þessum kjarasamningum. Áfram var unnið að fræðslu fyrir forstöðumenn, og sjálfstæði stofnana og deilda verður áfram aukið sem og ábyrgð forstöðumanna.

# Fjölskyldudeild

Starfsmenn deildarinnar voru 18 á árinu. Auk skrifstofufólks er þar um að ræða háskólamenntaða sérfræðinga svo sem félagsráðgjafa, sálfræðinga, þroskaþjálfa og sérkennara. Auk starfsliðs á skrifstofu kaupir deildin vinnu af sjálfstætt starfandi sérfræðingum, einkum sálfræðingum og talmeinafræðingum. Starfssviðið er mjög breitt, enda veitt þjónusta bæði á sviði hefðbundinnar félagsþjónustu, skólaþjónustu og fötlunarmála. Þjónustusvæði deildarinnar eru tvö: Þjónusta í málefnum fatlaðra nær yfir allt Eyjafjarðarsvæðið og Hálshrepp í Suður-Þingeyjarsýslu, en ráðgjafarþjónusta í félagsþjónustu, barnavernd og skólaþjónustu nær til fimm sveitarfélaga auk Akureyrar. Þau eru Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur.

## Dagþjónusta fatlaðra

Hæfingarstöðin við Skógarlund veitti um 45 einstaklingum hæfingu og iðju, sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðra, til að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi. Alls starfa 20 starfsmenn á Hæfingarstöð í 16 stöðugildum, þar af 5 þroskaþjálfar. Markhópur Hæfingarstöðvarinnar er fatlað fólk sem ekki hefur getu til að starfa á vernduðum vinnustað. Eitt meginmarkmið Hæfingarstöðvarinnar, auk þess að efla alhliða þroska einstaklingsins, er að aðstandendur notenda séu ánægðir með þjónustuna. Unnið var að því markmiði með ýmsum hætti, t.d. með því að efla samstarf á milli sambýla og Hæfingarstöðvar. Nefna má aukna áherslu á skapandi starf sem á sér einnig stað á öðrum hæfingarstöðvum á landinu. Virk símenntun var í gangi, m.a. fóru tveir starfsmenn til Danmerkur á námskeið um síðdaufblinda.

Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur er starfsþjálfunar- og endurhæfingarstaður og auk þess verndaður vinnustaður. Vinnustaðurinn er til húsa að Dalsbraut 1. Rekin er verslun á staðnum þar sem seldar eru helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins svo sem rúmfatnaður og kerti.

Á árinu voru 28 fatlaðir einstaklingar í verndaðri vinnu, að jafnaði hálfan daginn. Alls var 51 einstaklingur í starfsþjálfun á Plastiðjunni Bjargi/Iðjulundi á árinu. Að lokinni starfsþjálfun fyrir almennan vinnumarkað fengu níu einstaklingar vinnu á almennum vinnumarkaði.

## Atvinnuleit fatlaðra

Hlutverk atvinnuleitarfulltrúa fatlaðra er að finna fólki með skerta starfsgetu vinnu við hæfi á almennum vinnumarkaði. Oft er fólki beint í starfsendurhæfingu til að byrja með og síðan eru örorkuvinnusamningar notaðir til að auðvelda aðkomu að vinnumarkaði. Umsækjendur voru tólf á árinu og fengu fimm þeirra störf á almennum vinnumarkaði, þar af fjórir á örorkuvinnusamningum. Þessu til viðbótar fengu tveir einstaklingar sem sóttu um á árinu 2000 störf á almennum vinnumarkaði. Alls voru 32 örorkuvinnusamningar í gildi á árinu.

Á árinu var boðin „liðveisla á vinnustað“ eins og árið 2000 og var starfsmaður í hálfu starfi við það. Alls nutu sjö einstaklingar liðveislu á vinnustað á árinu.

## Ýmis úrræði í málefnum fatlaðra

Stuðningsfjölskyldur eru úrræði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Á árinu höfðu 23 börn stuðningsfjölskyldu. Fjögur voru á aldrinum 0-6 ára og 19 börn á aldrinum 7-16 ára.

Styrkir til náms, verkfæra- og tækjakaupa eru veittir skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðra. Til ráðstöfunar voru 1,2 milljónir króna. Úthlutað var tvisvar á árinu, 600 þús. kr. í hvort sinn. Alls bárust 40 umsóknir, þar af sóttu þrír um tvisvar. Alls fengu 22 einstaklingar styrki til náms og tækjakaupa á árinu.

Leikfangasafn er þáttur í faglegri þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra sbr. 9. gr. laga um málefni fatlaðra. Þar er veitt þroska- og leikþjálfun, tekið þroskamat á börnum og veitt uppeldisleg ráðgjöf til foreldra og annarra, svo sem leikskóla og stuðningsfjölskyldna sem annast börnin. Leikfangasafnið er búið sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns. Á árinu fengu fjögur börn þjálfun á leikfangasafni og komu þau alls 55 sinnum. Sjö börn komu í forathugun með tillliti til frekari greiningar. Ráðgjöf til foreldra eða þjónustuaðila var veitt vegna 119 fatlaðra barna eða barna með þroskafrávik.

Á skrá hjá fjölskyldudeild voru 92 fjölskyldur með umönnunarbætur vegna fötlunar. Þar af voru 19 á aldrinum 0-5 ára, 43 á aldrinum 6-10 ára og 30 á aldrinum 11-16 ára.

Öryrkjabandalag Íslands á 21 íbúð á Akureyri sem leigðar eru öryrkjum, auk húsnæðis tveggja sambýla. Fjölskyldudeild tekur á móti umsóknum um þessar íbúðir fyrir hönd Öryrkjabandalagsins og hefur samvinnu við það um úthlutun og ýmislegt er lýtur að útleigu. Á biðlista voru 22 umsækjendur.

## Fjárhagsaðstoð

Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru rúmar 37 milljónir króna á árinu og hækkuðu um 45% á milli ára.

Fjárhagsaðstoð 1992 – 2001




Umsóknir um fjárhagsaðstoð voru 971 frá 328 umsækjendum sem skiptust eftir fjölskyldugerð á eftirfarandi hátt.

Skipting fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð – 2001




## Barnavernd

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar fer með málefni barnaverndar á Akureyri og í fimm nágrannasveitarfélögum, þeim sömu og talin voru upp hér að framan.

Á árinu var unnið með málefni 110 fjölskyldna vegna 131 barns. Heildarfjöldi barnaverndartilkynninga, var 144 þar af 72 lögregluskýrslur vegna 52 barna undir lögaldri. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra voru drengir eða 40 á móti 12 stúlkum. Flest brot voru í flokknum þjófnaður (15) og eignaspjöll (12).

Helstu úrræði sem gripið var til skv. 21. gr. barnaverndarlaga voru eftirfarandi: Tilsjón í 7 tilvikum, persónulegir ráðgjafar í 9 tilvikum og 19 börn fengu stuðningsfjölskyldu.

Að auki var foreldrum í flestum tilvikum leiðbeint um uppeldi og aðbúnað barna, þeir voru aðstoðaðir við að leita meðferðar vegna áfengisvanda eða annarra persónulegra vandamála, og beitt var úrræðum á grundvelli annarra laga svo sem laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðra. Ennfremur var aukin áhersla á að tala við börnin sjálf. Á árinu fóru sjö börn í greiningar- og meðferðarvistun (Stuðlar og Barna- og unglingageðdeild), neyðarvistun á Stuðlum var notuð í fjórum tilvikum vegna þriggja barna og fjögur börn voru í langtímameðferð á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu.

Þrettán mál komu upp vegna 12 barna þar sem grunur var um kynferðislegt ofbeldi. Sex mál fóru í Barnahús. Sjö voru kærð til lögreglu. Skýrslutaka fór fram í Barnahúsi í tveimur tilvikum og í fimm tilvikum í Héraðsdómi Norðurlands eystra en þar af sá starfsmaður Barnahúss um yfirheyrslu í fjórum tilvikum.

Sumarið 2001 fór 21 barn í sveitardvöl á vegum deildarinnar.

## Skólamál

Alls bárust 340 tilvísanir vegna jafn margra barna. Kynjaskiptingin var ójöfn en óskað var eftir aðstoð vegna 224 drengja og 116 stúlkna. Að auki var unnið í málum 62 barna frá fyrra ári. Málefni þeirra barna sem vísað var til skólaþjónustu deildarinnar flokkast á eftirfarandi hátt:

Tilvísanir vegna fjölda barna



Fjöldi nemenda í grunnskólum sem deildin þjónar er 2.887 og sést nemendafjöldi í hverjum skóla fyrir sig hér að neðan. Einnig fjöldi tilvísana úr hverjum skóla sem vísað var til skólaþjónustu fjölskyldudeildar.

**Nemendafjöldi / Fjöldi tilvísana**

| Nafn skóla | Fjöldi nemenda | Fjöldi tilvísana |
|---|---|---|
| Brekkuskóli | 549 | 69 |
| Giljaskóli | 271 | 20 |
| Glerárskóli | 446 | 27 |
| Grenivíkurskóli | 51 | 10 |
| Hlíðarskóli | 9 | 2 |
| Hrafnagilsskóli | 194 | 15 |
| Lundarskóli | 507 | 38 |
| Oddeyrarskóli | 201 | 32 |
| Síðuskóli | 485 | 43 |
| Valsárskóli | 78 | 18 |
| Þelamerkurskóli | 96 | 8 |
| | **2.887** | **282** |

Leikskólar sem fjölskyldudeild þjónar eru 16, þar af 12 á Akureyri. Heildarfjöldi barna á leikskólunum var 1.089 og þar af var unnið í málum 77 barna. Hér að neðan sést fjöldi barna á hverjum leikskóla fyrir sig og málafjöldi úr hverjum leikskóla.

**Heildarfjöldi leikskólabarna / Fjöldi mála**

| Nafn skóla | Fjöldi barna | Fjöldi mála |
|---|---|---|
| Álfaborg | 23 | 2 |
| Álfasteinn | 24 | 2 |
| Árholt | 47 | 4 |
| Flúðir | 123 | 14 |
| Hlíðarból | 64 | 5 |
| Holtakot | 39 | 2 |
| Iðavöllur | 118 | 7 |
| Kiðagil | 126 | 5 |
| Klappir | 37 | 3 |
| Krógaból | 118 | 8 |
| Krummafótur | 32 | 2 |
| Krummakot | 52 | 4 |
| Lundarsel | 93 | 6 |
| Pálmholt | 56 | 5 |
| Síðusel | 87 | 7 |
| Sunnuból | 50 | 1 |
| | **1.089** | **77** |



# Heilsugæslustöð

Frá árinu 1997 hefur Akureyrarbær rekið Heilsugæslustöðina á Akureyri samkvæmt reynslusveitarfélagssamningi, en þeim samningi lauk um áramótin 2001/2002. Ekki er enn ljóst hvað tekur við í þeim efnum. Á árinu lauk framkvæmdum við 5. hæð og stórbætti það vinnuaðstöðu frá því sem áður var. Þá eru þrjár af fjórum hæðum stöðvarinnar nýuppgerðar, en framkvæmdir við neðstu hæðina (3. hæð) hafa frestast vegna langdregins samningaþófs um framtíð heilsugæslustöðvarinnar.

Starfsemi og þjónusta heilsugæslustöðvarinnar var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Ein staða heimilislæknis var áfram ómönnuð og bitnaði það jafnt á skjólstæðingum sem og á starfsfólki. Heilsuverndarstarfið, þ.e. mæðravernd, ungbarnavernd, heilsugæsla í skólum og krabbameinsleit, var í aðalatriðum í föstum skorðum.

**Fjöldi samskipta við heimilislækna árið 2001**




Unglingamóttaka var starfrækt annað árið í röð. Hún var opin í einn klukkutíma á viku og lokuð yfir sumarmánuðina. Alls nýttu 75 unglingar sér þjónustuna sem einna helst komu út af kynlífsvandamálum, áhyggjum og kvíða, sálfélagslegum vandræðum og kynsjúkdómum.

Farið var í heilsueflandi heimsóknir í samstarfi við búsetu- og öldrunardeildina. Hjúkrunarfræðingur og iðjuþjálfi buðu áfram öllum íbúum heilsugæsluumdæmisins, 75 ára og eldri sem búa heima og ekki fá heimahjúkrun, upp á tvær heimsóknir á ári. Um 75% þessa hóps þáði heimsóknir og yfir 95% voru almennt ánægðir með þær og myndu vilja mæla með þeim við aðra.

**Fjöldi koma og vitjana í heilsuvernd árið 2001**




Á haustmánuðum var hafin vinna við að samþætta betur starfsemi heilsugæslunnar og fjölskyldudeildarinnar. Ljóst er að þarna er um marga snertifleti að ræða og mörg spennandi verkefni eru fram undan í að skilgreina, samþætta og skýra starfsemi þessara deilda. Segja má að sú starfsemi bæjarins sem lýtur að grunnþjónustu við íbúana sé samofin grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins og falli vel að hugmyndafræði heilsugæslunnar.

Að vanda komu margir í heimsókn á Heilsugæslustöðina. Heilbrigðisráðherra kom tvisvar á árinu í kynnisferðir. Starfsfólk heilsugæslustöðvarinnar í Mjódd og heilsugæslufólk úr Keflavík kynnti sér starfsemina hér og blandaði geði við heimamenn. Fjölmargir nemar, kandidatar og kennarar komu á stöðina ásamt fleiri gestum.



# Búsetu- og öldrunardeild



## Heimaþjónusta Akureyrarbæjar

Heimaþjónusta Akureyrarbæjar samanstendur af þremur þáttum; hefðbundinni heimilisþjónustu, frekari liðveislu og félagslegri liðveislu. Þjónustusvæðið skiptist í tvö hverfi sem stýrt er af hverfisstjórum. Að auki sinnir heimaþjónustan þjónustumati fyrir nokkur nágrannasveitarfélög samkvæmt samningi þar um. Heimaþjónusta og heimahjúkrun starfa hlið við hlið og er fjallað um allar þjónustubeiðnir á sameiginlegum fundum.

Hefðbundin heimaþjónusta var á árinu veitt 669 einstaklingum á 524 heimilum og 448 höfðu stöðuga þjónustu allt árið. Þjónusta hófst á 102 heimilum og af þeim lauk henni á 12 heimilum. Eins og áður þurfa langflestir, eða 532, þjónustu vegna elli og sjúkleika. Í lok árs störfuðu 36 starfsmenn í 28,4 stöðugildum í þessum þjónustuþætti. Heimsendan mat nýttu sér 109 einstaklingar.

**Hefðbundin heimaþjónusta**




Frekari liðveisla er í raun sérhæfð heimilisþjónusta sem skal taka við þegar hefðbundinni þjónustu sleppir. Verið er að eyða skilum á milli þessara tveggja þjónustuþátta. Greinarmunurinn er gerður vegna þess að rekstraraðilar voru áður tveir. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra annaðist áður frekari liðveislu skv. lögum um málefni fatlaðra og fluttist hún til bæjarins sem reynslusveitarfélags. Við frekari liðveislu störfuðu á árinu 11 starfsmenn í 4,9 stöðugildum, auk þess voru 1,6 stöðugildi við næturvaktir í Borgarhlíð í tvo mánuði.

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslega aðstoð við að rjúfa persónulega einangrun og markmiðið er að auka færni fólks til að njóta menningar- og félagslífs. Þjónustu fengu 95 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma, samtals í 9.267 klst. Hver þeirra fær að jafnaði 10-16 tíma á mánuði og algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern og einn. Félagsleg liðveisla við íbúa á sambýlum var flutt í fyrra til sambýlanna sjálfra og annast forstöðumenn þeirra umsjón hennar. Að félagslegri liðveislu starfa um hundrað manns, yfirleitt í litlu starfshlutfalli.

Iðjuþjálfi heimaþjónustunnar veitir ráðgjöf til fólks um hjálpartæki, húsnæðisbreytingar og vinnulag til sjálfsbjargar við athafnir daglegs lífs. Iðjuþjálfanum bárust 50 formleg erindi á árinu, 36 vegna aldraðra og 14 vegna fatlaðra.

## Heimahjúkrun

Heimahjúkrun starfar við hlið heimaþjónustunnar undir faglegri stjórn Heilsugæslustöðvarinnar og deildarstjóri heimahjúkrunar hefur aðsetur á stöðinni. Þjónustan nær til alls heilsugæslusvæðisins, frá Fnjóskadal til Hjalteyrar. Á árinu fengu 372 einstaklingar þjónustu heimahjúkrunar þar af 16 utan Akureyrar. Nýir skjólstæðingar voru 99 og 93 voru útskrifaðir. Stöðugildi hjá heimahjúkrun eru 12,8.

**Fjöldi vitjana og skjólstæðinga í heimahjúkrun**



## Búsetuþjónusta við fólk með fötlun

Búsetuþjónusta við fólk með fötlun hefur það að markmiði sínu að sem flestir búi eins og best hentar þörfum þeirra og að hver og einn verði sem sjálfstæðastur. Deildin sér um starfsmannahald á 10 heimilum fatlaðra, sem í daglegu tali kallast sambýli og stýra níu forstöðumenn daglegri starfsemi. Íbúar sambýlanna eru 48. Stöðugildi á sambýlunum eru 65,5 Á árinu tók til starfa sérstök þjónusta við börn á einu sambýlinu en sú þjónusta hefur ekki verið til staðar áður.

Búsetudeild rekur auk þess áfangaheimili fyrir fólk með geðraskanir þar sem búa allt að sjö íbúar hverju sinni. Lengd búsetu á áfangaheimilinu er allt að þrjú ár. Stöðugildi við heimilið eru 3,27.

Búsetudeild sér um þjónustu við tvo þjónustukjarna fyrir fólk með fötlun. Í öðrum kjarnanum búa sex einstaklingar með geðfötlun í fimm íbúðum og ein íbúðin er notuð sem þjónustuíbúð og þar er m.a. mötuneyti fyrir íbúa hússins og fleiri. Í hinum þjónustukjarnanum búa sex einstaklingar í sex þjónustuíbúðum og er þar aðstaða fyrir fasta heimaþjónustu. Stöðugildi við þessa þjónustukjarna eru 5,46.

Í ljós hefur komið af rekstri þessara tveggja þjónustukjarna að þetta er fyrirkomulag sem hentar íbúum mjög vel. Þar hefur hver og einn sína íbúð og öll þjónusta er mjög einstaklingsmiðuð.

## Skammtímavistun og sumardvöl

Skammtímavistun er stoðþjónusta fyrir fatlaða og fjölskyldur þeirra. Þjónustunni er ætlað að gera foreldrum kleift að hafa fötluð börn sín heima svo lengi sem þeir óska. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja í viku í senn. Einnig er boðið upp á neyðarvistun en um þá þjónustu er hægt að sækja til forstöðumanns ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Meðan á dvöl stendur sinna gestir skóla eða vinnu eftir því sem við á. Í frítíma gera þeir það sem hugurinn girnist hverju sinni og er markmiðið að finna afþreyingu við hæfi hvers og eins. Lokað er í sjö vikur yfir sumarið en boðið er upp á sumardvöl í staðinn. Fjöldi gesta sem nýttu sér þjónustuna var 21. Boðið var upp á 1.037 nætur og þar af voru 945 nýttar.

## Þjónustuhópur aldraðra

Þjónustuhópur aldraðra starfar á vegum allra sveitarfélaga á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri en starfsmaður hópsins er ráðinn til Akureyrarbæjar. Í samræmi við breytta reglugerð við lög um málefni aldraðra var endurskipað í þjónustuhópinn á árinu. Sömu aðilar voru skipaðir: Magnús Ólafsson heilsugæslulæknir, formaður, Rut Petersen deildarstjóri heimahjúkrunar, Kristín Sigursveinsdóttir verkefnastjóri og Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri. Auk þeirra er í hópnum fulltrúi félaga eldri borgara á svæðinu, Rannveig Ragnarsdóttir, og tekur hún þátt í starfi hópsins þegar rædd eru önnur mál en einstaklingsmál.

Verkefni þjónustuhópsins eru eftirfarandi:

- Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
- Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
- Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
- Að meta vistunarþörf aldraðra.

Mestan tíma á fundum tók frágangur vistunarmats og umræða um ýmar lausnir og úrræði fyrir einstaklinga svo fylgja megi mótuðum stefnum í öldrunarmálum.

Biðlisti eftir stofnanaþjónustu, sér í lagi hjúkrunarrýmum, lengdist umtalsvert á árinu, 96 voru á vistunarskrá í árslok og margir hafa beðið mjög lengi úrlausnar.

## Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra

Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra hófust sem tilraunaverkefni á árinu 2000. Felast þær í því að íbúum, 75 ára og eldri, á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri sem búa heima og njóta ekki heimahjúkrunar er boðið upp á heimsókn heilbrigðisstarfsmanns tvisvar á ári. Tilgangur heimsóknanna er m.a. að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði eldri borgara sem lengst, að stuðla að öryggiskennd og sjálfstrausti og veita ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er. Um 75% þeirra sem boð fengu um heimsókn þáðu þjónustuna.

Verkefninu lauk formlega í árslok 2001 en bæjaryfirvöld ákváðu að halda þessu starfi áfram þar sem sýnt þykir að árangurinn lofar góðu.

## Þjónustumiðstöðin Víðilundi

Félagsstarf aldraðra fluttist frá íþrótta- og tómstundadeild til búsetu- og öldrunardeildar í upphafi árs. Starfið fer fram í Þjónustumiðstöðinni Víðilundi, í kjallara Bjargs við Bugðusíðu og í Húsi aldraðra. Dagskrá starfsins er fjölbreytt og er hún auglýst tvisvar á ári. Auk félagsstarfsins er í þjónustumiðstöðinni hægt að komast í hársnyrtingu og fá þjónustu fótaaðgerðafræðings. Boðið er upp á síðdegiskaffi og hádegisverð á staðnum.

Í upphafi árs tók til starfa dagþjónusta fyrir eldri borgara í kjölfar þess að leyfi fékkst frá Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu fyrir rekstri 12 dagvistarrýma til viðbótar þeim 12 sem fyrir voru á Hlíð. Nokkrar breytingar höfðu verið gerðar á húsnæðinu

til að rýma fyrir þessari nýju þjónustu. Gert er ráð fyrir að hægt sé að taka á móti allt að 16 dagvistargestum í einu. Margir koma þó ekki alla daga þannig að þjónustan nýtist mun fleirum.

Reynslan af því að hafa dagþjónustu með annarri starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar hefur verið góð.

## Öldrunarstofnanir

Á öldrunarstofnunum Akureyrarbæjar búa 180 manns. Á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð geta 82 íbúar verið í hjúkrunarrýmum og 26 í dvalarrýmum. Í raðhúsum við Hlíð eru 16 dvalarrými en þar hafa að hluta einnig verið leiguíbúðir sem smám saman hefur verið breytt í stofnanarými. Í heimili aldraðra í Kjarnalundi eru 48 dvalarrými og í sambýli aldraðra við Bakkahlíð eru 8 hjúkrunarrými. Í hjúkrunarrýmum er fólk sem þarf mikla umönnun og hjúkrun, og námu daggjöld frá ríki 9.329 kr. á dag. Í dvalarrýmum er tiltölulega sjálfbjarga fólk og minni þjónusta, og námu daggjöld frá ríki 4.030 kr. Dagvist fyrir aldraða er rekin í tengslum við dvalarheimilið Hlíð en þangað koma einstaklingar af heimilum sínum í þjónustu og afþreyingu yfir daginn. Heimil dagvistarrými voru 12 og að jafnaði nýtt af um 40 manns. Greiðslur fyrir dagvistarrými námu 2.808 kr. á dag en af þeim greiða þjónustuþegar 500 kr. en ríkið afganginn. Starfsmenn við framangreinda þjónustuþætti eru um 200 í 134 stöðugildum.

Þjónusta sjúkraþjálfara er veitt í Hlíð og í Kjarnalundi og á báðum stöðum er aðstaða til líkamsþjálfunar og endurhæfingar. Á árinu var hún veitt í alls 2.396 skipti. Þar að auki komu til aðstoðarmanns sjúkraþjálfara 99 einstaklingar í samtals 4.535 skipti.

Félagsstarf fyrir íbúa Hlíðar og Kjarnalundar vinnur að þjálfun hugar og handar jafnt sem dægrastyttingu fyrir íbúa í Hlíð og Kjarnalundi. Gestir í dagvist sem nefnd var hér að framan njóta einnig þjónustu félagsstarfssins. Starfsmenn eru sjö í 4,9 stöðugildum.

Í eldhúsi Hlíðar er líka eldaður hádegisverður fyrir íbúa Kjarnalundar og Bakkahlíðar 39, heimsendur matur sem seldur er gegnum heimaþjónustu og máltíðir sem eru í boði í þjónustumiðstöðinni Víðilundi. Þar eru 14 starfsmenn í 11,5 stöðugildum.

Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum 1997 - 2001



# Skóladeild

Hlutverk skóladeildar er að vera leiðandi í stefnumörkun, vinna að áætlanagerð í samráði við skólastjóra, hafa eftirlit með rekstri og faglegu starfi skólanna, stuðla að samstarfi skólastiga, koma fram fyrir hönd skólanna þegar það á við, taka við athugasemdum varðandi starfsemi skólanna og vinna úr þeim, leysa úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma, halda utan um biðlista og innritun í leikskóla, safna saman upplýsingum um starfsemi skólanna og koma þeim á framfæri.

Starfsmenn voru sjö í 5,5 stöðugildum fyrri helming ársins en sex í 5,5, stöðugildum seinni hluta ársins.

## Fagráðgjafar

Samkvæmt ákvörðun skólanefndar störfuðu tveir fagráðgjafar á skóladeild fyrri hluta ársins, þ.e. í upplýsinga- og tæknimennt, og tónlist og tónmennt. Ákveðið var að ljúka verkefninu tónlist og tónmennt um mitt ár. Vegna mikillar eftirspurnar eftir þjónustu og ráðgjöf í upplýsingamennt og almennt um notkun tölva í skólum var ákveðið að auka stöðuhlutfall í þeirri ráðgjöf upp í 80%.

## Almennir styrkir

Á árinu fengu átta kennarar í leik- og grunnskóla styrk í formi starfsafsláttar vegna framhaldsnáms. Veittir voru styrkir að upphæð 820.000 kr. á árinu vegna náms- og kynnisferða. Til sérstakra verkefna á vegum RHA, þ.e. Blöndunar í skólastarfi og spurningaforritsins Kanna, var veitt styrkjum að upphæð 475.000 kr.

## Umbunarsjóður

Í lok ársins var samþykkt breyting á reglum Umbunar- og gjafsjóðs sem gekk út á það að hætta að koma til móts við gjafir foreldrafélaga og/eða annarra til skólanna og beina fjármunum eingöngu til skólanna vegna sérsstaks framtaks eða atburða sem vekja athygli og eru ekki hluti hefðbundins skólastarfs.

Á árinu var veitt úr sjóðnum 310.589 kr. Meðal verkefna má nefna að foreldrafélag blásardeildar Tónlistarskólans fékk 100.000 kr. til að sauma vesti á nemendur blásaradeilar. Einnig voru veittir styrkir til foreldrafélaganna á Akureyri vegna fræðslufunda fyrir foreldra og foreldrafélög í Brekkuskóla, Glerárskóla og Lundarsels vegna gjafa til skólanna.

## Þróunarsjóður

Markmið sjóðsins er að stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi í leik- og grunnskólum Akureyrar. Umsóknir í sjóðinn voru níu og var alls sótt um styrki að upphæð 7.458.900 kr. en ráðstöfunarfé sjóðsins var 3.500.000 kr.

Úthlutunarnefnd sem í áttu sæti fulltrúar skólanefndar, skóladeildar, kennaradeildar HA, kennara og skólastjóra lagði fram tillögu um úthlutun sem samþykkt var í skólanefnd og má sjá hér að neðan.

**Úthlutun styrkja úr þróunarsjóði**

| Skóli | Heiti verkefnis | Upphæð: |
|---|---|---|
| Brekku-, Oddeyrar- og Síðuskóli | Stærðfræðiverkefni í WebCT fyrir unglinga | 300.000 |
| Lundarskóli | Læsi til framtíðar | 400.000 |
| Síðusel, Krógaból og Sunnuból | Lífsleikni í leikskóla | 750.000 |
| HAK og HA | Ofþyngd skólabarna og tengsl hennar við námsárangur og líðan | 100.000 |
| Skóladeild og skólaþróunarsvið HA | Umbótastarf í grunnskólum Akureyrar | |
| | „Barnið í brennidepli" | 1.600.000 |
| Pálmholt | Lestrarnám í leikskóla | 350.000 |

## Sjálfsmat skóla

Á árinu luku grunnskólarnir við gerð sjálfsmatsáætlunar og eru allir skólarnir búnir að gera kannanir meðal nemenda og foreldra á völdum þáttum skólastarfsins. Einnig hafa kennarar og aðrir starfsmenn lokið vinnu við að svara spurningum úr skólarýni. Giljaskóli lauk einn skóla við sjálfsmatsskýrslu en vinna er hafin eða langt komin við skýrslugerð í hinum grunnskólunum.

## Tölvuvæðing

Áfram var haldið með tölvuvæðingu skólanna og var á árinu gerður samningur um kaupleigu á 79 nýjum tölvum. Hér má sjá hvernig þróun í tölvueign skólanna hefur verið frá árinu 1998:




Eins og staðan er í dag eru að meðaltali rétt um 11 nemendur um hverja nemendatölvu og um 3 kennarar um hverja tölvu í stjórnun og undirbúningi. Til samanburðar voru 38 nemendur um hverja nemendatölvu 1998 og 15 kennarar um hverja tölvu í stjórnun og undirbúningi.

Allir grunnskólarnir og skóladeild hafa lokið gerð heimasíðu þar sem er að finna allar helstu upplýsingar um starf þeirra ásamt myndum úr skólastarfinu. Hægt er að komast inn á þær í gegnum heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is.

## Skólavistun

Skólavistun fyrir börn í 1.-4. bekk er starfandi við alla sex grunnskólana á Akureyri. Þar sem skólarnir eru allir einsetnir er skólavistun opin eftir að reglubundnum skóladegi barnanna lýkur, upp úr hádegi, og er opin til kl. 17.15 en miðað er við að viðverutími barns í skóla og skólavistun sé ekki lengri en átta klst. á dag. Skólaárið 2001-2002 eru nemendur í 1.-4. bekk 963 og að meðaltali nýta 262 nemendur skólavistunina eða 27,2%. Fjöldi stöðugilda á ársgrundvelli var um 20.

## Skólamáltíðir

Skólanefnd tók ákvörðun á árinu um að öllum nemendum grunnskóla standi til boða heitur matur í hádeginu, en hingað til hefur aðeins nemendum í skólavistun staðið það til boða. Var farið af stað með tilraun í Lundarskóla og Oddeyrarskóla í haust en það eru einu skólarnir sem eru komnir með fullbúin eldhús. Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar skal gjald fyrir fæði standa undir öllum kostnaði við rekstur skólamötuneytanna. Fyrir liggur áætlun um hvernig eldhús verði byggð upp í hinum skólunum.

## Skólaárið - vetrarfrí

Með nýjum kjarasamningum og breytingu á grunnskólalögum í kjölfarið var svigrúm skóla og sveitarfélaga aukið verulega við skipulagningu skólaársins. Skóladögum nemenda var fjölgað um tíu og starfsdögum kennara utan starfstíma nemenda um tvo. Skólum er nú heimilt að taka upp vetrarleyfi nemenda og sveigjanlegt upphaf og lok skólastarfs. Þessi breyting varð til þess að sl. haust hófst skólastarf viku fyrr en áður eða 27. ágúst. Einnig samþykkti skólanefnd að höfðu samráði við skólastjóra að taka upp vetrarfrí og var það dagana 26. og 29. október. Loks samþykkti skólanefnd viðmið varðandi skóladagatöl skólanna, m.a. um hámarksfjölda prófdaga í grunnskólunum eftir bekkjum, en með prófdögum er átt við daga sem nemendur mæta eingöngu í skólann til að taka próf.



## Starfsmenn grunnskóla

Mun betur gekk að ráða kennara til starfa við grunnskólana en undanfarin ár og hefur hlutfall fagmenntaðra kennara ekki verið jafn hátt í mörg ár hér á Akureyri eins og sjá má á næstu mynd.




Stöðugildum námsráðgjafa var fjölgað um eitt á árinu og var því skipt þannig að 60% staða fór í Lundarskóla og 40% staða í Oddeyrarskóla. Var þá komin heimild til að ráða námsráðgjafa í alla grunnskóla með unglingadeildir (8.-10. bekk).

## Nemendur

Nemendur voru alls 2.500 í grunnskólum Akureyrar haustið 2001. Hafði þeim fjölgað um 58 frá árinu áður og er þetta mesta fjölgun nemenda á undanförnum árum. Af þessum 2.500 nemendum voru 13 í skólum annarra sveitarfélaga sem Akureyrarbær greiðir sérstaklega fyrir.

## Hlíðarskóli

Á vormánuðum skilaði starfshópur af sér tillögum um starfsemi Bröttuhlíðarskóla og starfsdeild Brekkuskóla. Niðurstaða starfshópsins var í megindráttum sú að áfram verði þörf fyrir sérúrræði á borð við þau sem áður eru nefnd. Var hópurinn sammála um að þörfin væri brýn og frekar vaxandi og að almenni grunnskólinn væri ekki tilbúinn til að mæta þörfum nemenda með aðlögunarvanda. Lagði hópurinn til að stofnaður yrði nýr skóli sem byggði á grunni áðurnefndra úrræða. Skólanefnd og bæjarstjórn samþykktu niðurstöðu hópsins og var Hlíðarskóli stofnaður í júní. Var keypt nýtt húsnæði fyrir skólann og eftir ítarlega skoðun var ákveðið að kaupa Varpholt í Hörgárbyggð fyrir starfsemina, enda húsnæðið þar talið henta starfseminni afar vel. Hlíðarskóli er sérskóli fyrir 16 nemendur og almenn markmið starfseminnar eru:

- Að vinna úr einstaklingsbundnum vanda nemenda sinna vegna hegðunar-, aðlögunar- og/eða samskiptaröskunar í samvinnu við foreldra, heimaskóla nemandans og önnur þjónustuúrræði eftir því sem við á.
- Að endurskipuleggja nám og námsaðferðir nemenda ef nauðsyn krefur
- Að veita Grunnskólum Akureyrar fræðslu og ráðgjöf um málefni markhóps skólans
- Að fylgja útskrifuðum nemendum eftir til að tryggja að þörfum þeirra verði áfram mætt

## Sérdeildir

Eitt af meginmarkmiðum skólanefndar í starfsáætlunum síðustu ára hefur verið: „Að þörfum hvers nemanda verði mætt í samræmi við áhuga, getu og þarfir í heimaskóla. Í sérstökum tilvikum eigi foreldrar barna með sérþarfir kost á námsvist í sérdeild fyrir barn sitt, ef það er talið fá betri þjónustu þar." Í samræmi við þetta markmið og greinda þörf var ákveðið að setja á stofn tvær nýjar sérdeildir á árinu, þ.e. sérdeild fyrir heyrnarskert og heyrnarlaus börn í Lundarskóla, og móttökudeild fyrir nýbúa í Oddeyrarskóla. Þá eru starfandi fjórar sérdeildir í grunnskólum Akureyrar



því fyrir eru sérdeild fyrir einhverfa í Síðuskóla og sérdeild fyrir börn með alvarlegar greindarfatlanir og aðrar viðbótarfatlanir í Giljaskóla.

Þrátt fyrir stofnun sérdeilda hefur skólanefnd ekki horfið frá blöndun í skólunum, enda eru flestir nemendur þessara sérdeilda skráðir í almenna bekki í sínum skóla og er ætlað að sækja þangað kennslu eftir því sem aðstæður og geta leyfa.

## Samræmd próf

Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4., 7., og 10. bekk grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum. Það er mjög ánægjulegt að árangur nemenda á Akureyri hefur verið að batna á síðustu árum í samanburði við jafnaldra þeirra annars staðar á landinu. Þetta má sjá í töflu hér að neðan en í henni eru tilgreindar normaldreifðar einkunnir sem segja til um hvar nemendur á Akureyri eru í röðinni miðað við jafnaldra þeirra. Rétt er að taka fram að hækkun um 0,2-0,5 á milli ára er verulegt stökk þegar horft er til fjölda nemenda og þess að hér er um meðaleinkunnir að ræða.

**Samræmd próf**

| Bekkur | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 4. | 4,85 | 5,54 | 5,3 | 5,5 |
| 7. | 4,9 | 5,12 | 5,22 | 5,1 |
| 10. | 4,6 | 4,7 | 5,0 | 5,0 |

Árangur nemenda á Akureyri er nú mjög sambærilegur við það sem gerist í Reykjavík en nemendur þar hafa löngum verið með hæsta meðaltalið í þessum prófum. Einnig er rétt að benda á að nemendur í 7. bekk 2001 eru að bæta árangur sinn verulega miðað við jafnaldra sína frá því þeir tóku prófin í 4. bekk 1998.

## Almennar kennslustundir

Samkvæmt grunnskólalögum hefur kennslustundum til almennrar kennslu fjölgað nokkuð síðustu ár. Nú er miðað við að vikulegar kennslustundir nemenda séu 30 í 1.- 4. bekk, 35 í 5.- 7. bekk og 37 í 8. - 10. bekk. Í töflu hér að neðan má sjá fjölda almennra kennslustunda ásamt fjölda þeirra pr. nemanda:

**Almennar kennslustundir**

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi stunda | 4.275 | 4.472 | 4.516 | 4.585 |
| Fjöldi stunda pr. nemanda | 1,77 | 1,86 | 1,87 | 1,86 |
| Meðaltal í deild | 20,4 | 19,4 | 20 | 20,5 |

**Fjöldi stunda pr. nemanda**








## Tónlistarforskóli

Allir nemendur í 1. og 2. bekk grunnskólanna fá einn tíma á viku í forskóla í tónlist eins og verið hefur undanfarin ár. Þar er lagður grunnur að nótnalæsi og farið í grunnatriði tónlistariðkunar til þess að búa nemendur undir frekara tónlistarnám. Þessi kennsla er skipulögð í samráði við Tónlistarskólann á Akureyri.

## Sérkennslustundir

Samkvæmt reglugerð um sérkennslu er miðað við að sveitarfélög úthluti sem nemur 0,25 stundum pr. nemanda til sérkennslu. Einnig geta öll sveitarfélög sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sérkennslu samkvæmt ákveðnum reglum þar um. Undangengin ár hefur Akureyrarbær gert mun betur í þessum málaflokki en lög og reglugerð kveða á um. Einnig má fullyrða að þjónusta við nemendur hér sé með því besta sem gerist á landinu. Til þess að skoða þróun þessa málaflokks er forvitnilegt að bera saman fjölda stunda pr. nemanda síðan 1996 en það er síðasta árið sem þessi þjónusta var á hendi ríkisins.

## Tónlistarskólinn

Starfið var með hefðbundnum hætti á árinu 2001. Í skólanum voru 430 nemendur en á biðlista voru 109. Á vorönninni voru haldnir um 75 tónleikar. Megnið af þeim fór fram í kynningarviku skólans sem haldin var í febrúar. Í skólanum voru tekin 311 stigspróf í 37 námsgreinum. Þá voru kenndar 503 kennslustundir á viku. Í skólanum störfuðu 38 starfsmenn í 32,69 stöðugildum.

### Sérkennslustundir pr. nemanda




### Fjöldi nemenda í Tónlistarskólanum



Starf skólans raskaðist verulega á haustönninni vegna sex vikna verkfalls tónlistarskólakennara. Áhrif verkfallsins urðu veruleg en rúmlega 40 nemendur flosnuðu upp úr námi vegna þess í lok ársins. Ljóst er einnig að nýir kjarasamningar eiga eftir að valda miklum breytingum á skólastarfinu í náinni framtíð, bæði hvað varðar skipulag og kennsluhætti skólans. Tónleikahald féll nánast alveg niður á haustönninni sökum vekfallsins.

Fremur erfiðlega gekk að fá kennara í laus störf á árinu. Féll þess vegna niður allt hljómsveitarstarf í alþýðutónlistardeild. Er það stórt skref afturábak frá því sem var en vonir standa til þess að hægt verði að endurvekja það nám á árinu 2002.

Í byrjun árs varð bylting á aðstöðu til slagverkskennslu og hljómsveitaræfinga í skólanum þegar endurnýjun á gamla Náttúrugripasafninu var lokið. Þetta þýðir að nú hafa blásarasveitir skólans aðstöðu til að æfa með fullmannað slagverk en mörg ár eru síðan það var unnt hér á Akureyri og árangurinn er auðheyrður hjá blásarsveitunum.

Á árinu var flygill af gerðinni Steinway & son´s sendur til Þýskalands til viðgerðar. Flygill þessi er flaggskip hljóðfæraflota skólans og var í mjög svo bágbornu ástandi eftir margra ára vanrækslu. Eftir viðgerðina er hljóðfærið sem nýtt og nú búið að lengja líftíma þess um áratugi.

Kammermúsíkkennsla hófst einnig á árinu en það er stefna skólans að hafa sem mest samspil og að láta sem flesta nemendur taka þátt í einhverskonar samspilshóp, stórum eða smáum. Auk þess er kammermúsíkin mjög góð fyrir tónlistarþroska nemenda.

Það er stefna skólans að stuðla að því að hér á Akureyri verði mikil og almenn tónlistarþekking. Skólinn vill skila frá sér áhugasömum og metnaðarfullum tónlistariðkendum sem auðga og bæta bæjarlífið.

## Leikskólar

Á árinu var fjölgað um 72 rými á Iðavelli, 27 rými á Krógabóli og 15 á Sunnubóli. Heildarfjölgun barna á árinu í leikskólum Akureyrar varð þó ekki nema 93 börn vegna þess að enn fjölgar börnum sem eru í lengri vistun, þ.e. í 6,5-9,5 tíma vistun eins og sjá má á næstu mynd.

Á umsóknarlista eftir leikskólaplássi voru um áramót 39 börn fædd á árunum 1996-1999 en 207 börn fædd 2000.

## Framkvæmdir

Nýbygging leikskólans Iðavallar var vígð 31. mars. Um haustið bættu leikskólarnir Krógaból og Sunnuból við sig auknu leigurými. Stækkað var um 173 fm á Krógabóli og 130 fm á Sunnubóli.

Lokið var við frágang á bílastæði við Lundarsel og bílastæði stækkuð við Flúðir og Pálmholt. Ný girðing var sett við leikskólann Síðusel.

Nýting á leikskólarýmum




## Almennt um starfsemina

Heimiluð stöðugildi í leikskólum Akureyrarbæjar í desember voru 171,27 og hlutfall leikskólakennara við kennslu barna var 53,81%.

Í leikskólum fer fram fjölbreytt og litríkt starf og kynningarbæklingar eru til fyrir hvern leikskóla á skóladeildinni og í þjónustuanddyrinu. Eru foreldrar hvattir til að kynna sér starfsemi þeirra leikskóla þar sem þeir sækja um fyrir börn sín og fá að heimsækja og skoða skólana.

**Leikskólar**

| **Leikskólar á Akureyri** | **1998** | **1999** | **2000** | **2001** |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi leikskóla | 11 | 12 | 12 | 12 |
| Fjöldi barna í leikskólum | 798 | 829 | 863 | 963 |
| Fjöldi rýma í leikskólum | 598 | 614 | 669 | 790 |
| Hlutfall barna af árgangi í leikskóla | | | | |
| 5 ára | 88,6% | 91,2% | 96,1% | 94,7% |
| 4 ára | 91,5% | 89,1% | 92,7% | 97,5% |
| 3 ára | 90,0% | 89,9% | 94,5% | 97,8% |
| 2 ára | 73,9% | 69,4% | 64,7% | 88,5% |
| 1 árs | 5,9% | 5,1% | 0,9% | 5,4% |
| **Leikskólar Akureyrarbæjar:** | | | | |
| Heildarstöðugildi | 106,1 | 116,54 | 139,82 | 171,27 |
| Hlutfall leikskólakennara á deild | 39,5% | 39,9% | 41,8% | 53,7% |
| Brúttóstærð húsnæðis pr. rými í $m^2$ | 7,36 | 7,63 | 7,31 | 7,38 |
| Leikrými á rými í $m^2$ | 3,58 | 3,59 | 3,47 | 3,48 |

Í tilefni af árþúsundamótum gerði Örn Ingi 15 mínútna þátt um hvern leikskóla sem sýnir myndir úr skólalífinu. Þessir þættir eru bæði til fróðleiks og skemmtunar.

Opið hús var á öllum leikskólunum laugardaginn 5. maí. Boðið var upp á sýningu á verkum barnanna og leikskólarnir kynntu starfsemi sína.

Leikskólar vinna eftir ákveðnu dagskipulagi en jafnframt því halda þeir í gamlar hefðir og gera sér dagamun. Haldin eru þorrablót, öskudagsskemmtanir og farið í skrúðgöngu 15. júní. Að auki er boðið upp á náttfataball, listaverkasýningar, leiksýningar og tónleika. Farið er í vettvangsferðir og ýmsir gestir koma í heimsókn. Þrátt fyrir þetta allt er það fyrst og fremst þetta stóra og smáa sem kemur upp á í daglegu lífi leikskólabarnanna sem mestu máli skiptir. Foreldrar fá nokkur fréttabréf á árinu og dagatal fyrir hvern mánuð.

## Fræðsla og rannsóknir

Sameiginlegur námskeiðsdagur var haldinn fyrir allt starfsfólk leikskóla Akureyrarbæjar og starfsfólk leikskólanna í nágrannasveitarfélögunum. Jóhann Ingi Gunnarson flutti fyrirlestur um „Árangursríka liðsheild - öflugt sjálfstraust“.

Fjölbreytt námskeið voru í boði fyrir starfsfólk leikskólanna eins og undanfarin ár. Má þar nefna nýliðanámskeið, kjarna- og valgreinanámskeið. Leikskólastjórar sóttu ýmis námskeið á vegum stjórnendafræðslu Akureyrarbæjar og einnig sóttu starfsmenn sem vinna við sérkennslu í leikskólum ýmis námskeið. Af öðrum námskeiðum fyrir starfsmenn má nefna tölvunámskeið, mat á skólastarfi, heimspeki með börnum og námskeið um Litla rauða krossinn. Einnig sóttu starfsmenn ráðstefnu sem haldin var á vegum HA og bar heitið Gaggala tutti - 1-3 ára í leikskóla.

Leikskólinn Pálmholt fékk áframhaldandi styrk frá Þróunarsjóði leikskóla til að vinna verkefnið „Lestrarnám í leikskóla“. Leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból fengu styrk frá Þróunarsjóði leikskóla til að vinna verkefnið „Lífsleikni í leikskóla“. Þeir fengu líka styrk úr Kristnihátíðarsjóði. Leikskólarnir Pálmholt, Krógaból, Síðusel og Sunnuból fengu einnig styrk úr Þróunarsjóði leik- og grunnskóla Akureyrar til að vinna að þessum þróunarverkefnum.

## Gæsluvellir og dagmæður

Gæsluvöllurinn Eyrarvöllur var eini gæsluvöllurinn sem starfræktur var allt árið 2001 og dróst aðsókn að honum saman á árinu miðað við árið 2000. Gæsluvöllurinn Bugðuvöllur var starfræktur frá 1. júní—31. ágúst og dróst aðsókn að honum einnig verulega saman. Opnunartími gæsluvallanna er frá kl 13.-16. sídegis.

Í árslok 2001 voru 25 dagmæður starfandi á Akureyri og voru börn í dagvist hjá þeim samtals 119. Akureyrarbær hóf á árinu að greiða niður kostnað sambúðarforeldra hjá dagmæðrum um 22% eftir að barn nær eins árs aldri.



# Menningarmál

Menningarfulltrúi er starfsmaður menningarmálanefndar og er hlutverk hans að hafa fyrir hönd nefndarinnar yfirumsjón með menningarstofnunum á vegum bæjarins. Á árinu lét Ingólfur Ármannsson af störfum sem menningarfulltrúi eftir margra ára farsæl störf hjá Akureyrarbæ. Við starfi hans tekur Þórgnýr Dýrfjörð sem gengt hefur starfi deildarstjóra Búsetu- og öldrunardeildar.

## Helstu verkefni á árinu

Úr menningarsjóði var úthlutað 21 styrk til félaga og einstaklinga. Í gildi voru einnig níu rekstrarsamningar sjóðsins við félög og kóra: Jassklúbb Akureyrar, Leikklúbbinn Sögu, Lúðrasveit Akureyrar, Sópranó - styrktarklúbb um nám Bjargar Þórhallsdóttur söngkonu, Sumartónleika í Akureyrarkirkju, Tónlistarfélag Akureyrar, Zontaklúbb Akureyrar, Kirkjulistarviku og Karlakór Akureyrar Geysi.

„Vorkoma“, árleg athöfn menningamálanefndar á sumardaginn fyrsta, var haldin í Ketilhúsinu og formleg vígsla hússins var hluti af henni. Þá voru einnig útnefndir bæjarlistarmenn þeir Óli G. Jóhannsson myndlistarmaður og Óskar Pétursson söngvari. Húsverndunarsjóður veitti að vanda viðkenningu sína og var veitt viðurkenning vegna endurbyggingar Kaþólsku kirkjunnar við Hrafnagilsstræti.

Fulltrúar Akureyrarbæjar fóru á vinabæjamót í Lathi í Finnlandi og áfram var unnið að verkefnum á sviði Vest-Norænnar samvinnu og í undirbúningi voru stór verkefni svo sem tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands til Grænlands á árinu 2002. Gilfélagið annaðist framkvæmd Listasumars með hefðbundnu sniði samkvæmt samningi við Akureyrarbæ, en það stendur frá Jónsmessu fram að afmæli bæjarins 29. ágúst.

Framkvæmdir vegna viðbyggingar Amtsbókasafnsins hófust á árinu og áfram var haldið við undirbúning byggingar menningarhúss á Akureyri. Til ráðgjafar var fengið bandaríkst fyrirtæki, ARTEC, sem skilaði áfangaskýrslu um nýtingu hússins í árslok. Niðurstöður hennar staðfestu þá forathugun sem bæjaryfirvöld höfðu áður gert.

# Amtsbókasafnið á Akureyri

Hlutverk Amtsbókasafnsins er að tryggja að íbúar á Akureyri njóti bókasafnsþjónustu sem er sambærileg eða betri en hún gerist best annars staðar á landinu.

Á árinu heimsóttu 133.944 gestir Amtsbókasafnið.









Það eru 406 gestir að meðaltali hvern dag sem opið var. Gestir fengu að láni 168.655 safngögn sem er 6% aukning frá árinu 2000. Gestir á lestrarsal voru rúmlega 10.000 og fengu þeir til afnota 67.563 gögn. Heimsendingar til aldraðra og öryrkja voru 14.476 sem er nær óbreytt frá fyrra ári.

Á árinu var áfram unnið að uppbyggingu á safnkosti bókasafnsins. Auk bóka á íslensku, ensku, norðurlandamálum og þýsku, var hafist handa við innkaup á bókum á ítölsku og spænsku. Er það liður í þeirri stefnu safnsins að auka fjölbreytni í úrvali bóka á öðrum tungumálum en ensku og íslensku. Alls voru keyptar 5.606 bækur og tímarit til safnsins. Ný myndbönd voru 245 og 111 geisladiskar bættust í safnið. Enn um hríð hafa frestast innkaup á mynddiskum en vonandi verður fljótlega ráðin bót þar á. Verður þá hægt að bjóða upp á mun fjölbreyttara úrval kvikmynda og fræðsluefnis en nú er.

Safnið tók ásamt öðrum almenningsbókasöfnum á Íslandi þátt í undirbúningi nýs bókasafnskerfis fyrir allt landið og í sameiginlegum aðgangi Íslendinga að rafrænum gagnasöfnum.

Fyrir utan daglegt starf og þjónustu sem starfsfólk vann að, stóð safnið einnig fyrir nokkrum kynningum og sýningum er tengjast markmiðum safnsins. Þó er slíkri starfsemi afar þröngur stakkur skorinn í núverandi húsakynnum.

Á lestrarsal var sett upp sýningin „Frá huga til hugar" þar sem rakin var saga prents á Íslandi með sérstakri skírskotun til útgáfu á Biblíunni. Þessi sýning kom frá Landsbókasafni Íslands Háskólabókasafni. Prentgripir voru ýmist úr einkasafni Ragnars Fjalars Lárussonar, frá Landsbókasafni eða úr Amtsbókasafninu. Minjasafnið á Akureyri lagði sýningunni til gripi er tengdust prentun og prentsögu, sem og Iðnaðarsafnið á Akureyri.

Einnig var sýning á fingurbjörgum í eigu Oddnýjar Hjaltadóttur starfsmanns safnsins, sem og kynningar í hverjum mánuði á gögnum safnsins um ákveðna málaflokka.

Safnið tók þátt í ljóðasamkeppni IBBY samtakanna (International Board on Books for Young People) ásamt skólabókavörðum á Akureyri. Keppnin var meðal grunnskólabarna á Norðurlandi og barst gífurlegur fjöldi ljóða.

Dagur bókarinnar var haldinn hátíðlegur 23. apríl í samstarfi við skólabókasöfnin og Bókasafn Háskólans á Akureyri. Nemendur úr 9. bekkjum grunnskóla við Eyjafjörð fluttu ljóð eftir ungar skáldkonur, að undanskildum nemum úr Síðuskóla sem fluttu dagskrá með tali og tónum eftir ýmsar skáldkonur.

Í júní var efnt til sumarlestrar meðal barna sem voru að ljúka þriðja bekk. Þema sumarlestrarins var „Gömul leikföng, gömul hús". Verkefnið var unnið í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri og Hús skáldsins. Þátttakan var mjög góð og mikill áhugi fyrir áframhaldi á þessari nýjung.

Tveir liðir eru orðnir fastir í starfsemi safnsins hin síðari ár, en það er „Alþjóða bangsadagurinn" sem er haldinn 27. október ár hvert og Norræna bókasafnavikan sem er jafnan í fyrrihluta nóvember. Báðir þessir viðburðir tókust að vonum vel í ár og má sem dæmi

nefna að bangsadagurinn var lengdur upp í heila viku. Þema Norrænu bókasafnavikunnar var „Orð og tónar í norðri” og var m.a. leikin norræn tónlist og dagskrá norrænna útvarpsstöðva var útvarpað beint gegnum hátalara á safninu.

Þann fyrsta júní var undirritaður samningur um framkvæmd viðbyggingar við Amtsbókasafnið. Framkvæmdir hófust fljótlega eftir undirritun. Í árslok var lokið við að steypa kjallara viðbyggingarinnar.

## Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Hlutverk Héraðsskjalasafnsins á Akureyri er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda héraðssögunnar til notkunar fyrir stjórnendur, stofnanir og einstaklinga, til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir.

Héraðsskjalasafnið skal varðveita skjöl frá eftirgreindum aðilum: Bæjar- og sveitarstjórnum, sýslu- og héraðsnefndum, byggðasamlögum og hreppsstjórum á safnsvæðinu. Ennfremur skjöl allra embætta, stofnana, fyrirtækja og annarrar starfsemi á þeirra vegum. Einnig skjöl allra félaga og samtaka í héraðinu, sem njóta verulegra styrkja af opinberu fé svo og skjöl frá einstaklingum o.fl., sem ætla má að séu hluti af sögu héraðsins.




## Helstu verkefni á árinu 2001

Unnið var samkvæmt venju að áframhaldandi innheimtu, skráningu og frágangi skjala. Safnið fékk í sína vörslu mörg merkisskjöl, bæði frá opinberum aðilum og úr einkaeign. Má þar m.a. nefna skjala- og bréfasafn Hallgríms Kristinssonar, kaupfélagsstjóra og forstjóra SÍS, bréfasafn frá árunum 1830-1909 úr eigu Sverris Ragnars á Akureyri og skjöl Kvenfélagsins „Framtíðin“ á Akureyri 1906-2000.



Upplýsingaþjónusta og aðstoð við sveitarfélög, stofnanir og almenning er stór þáttur í starfsemi safnsins og fór vaxandi á árinu 2001, eins og verið hefur undanfarin ár.

Unnið var að kynningu á starfsemi safnsins með sýningum og voru haldnar þrjár sýningar með það markmið í huga. Sú fyrsta var haldin að vorinu á bókmerkjum úr ex-libris safni Guðmundar Frímann en ex-libris eða bókmerki nota bókasafnarar til að merkja bækur sínar. Á sýningunni voru eingöngu merki sem tengdust konum, annaðhvort teiknuð af konum eða úr eigu kvenna.

Önnur sýningin var haldin í tengslum við norrænan skjaladag 10. nóvember og var sá dagur haldinn hátíðlegur víða um Norðurlönd. Markmiðið með deginum var að vekja athygli á skjalasöfnunum og sýna hversu margvíslegt efni er þar að finna. Þema dagsins var ástin og bar sýningin yfirskriftina „Ástir og elskendur".

Þriðja sýningin var á jólakortum frá ýmsum tímum og stóð hún frá 1. desember og fram yfir jól.

Á árinu 2001 hófust framkvæmdir við viðbyggingu safnahússins í Brekkugötu 17. Fyrsta skóflustungan var tekin 1. júní og hafa framkvæmdir staðið óslitið síðan. Héraðsskjalasafnið fær alla 3. hæðina í nýbyggingunni fyrir lestrarsal, skrifstofur og aðra vinnuaðstöðu. Geymslur fær safnið í kjallara nýbyggingar auk verulegrar stækkunar á geymslum í eldri byggingunni og mun þessi bygging gjörbreyta aðstöðu safnsins sem nú fær í fyrsta sinn sérstakt húsnæði fyrir sína starfsemi.

## Hús skáldsins: Sigurhæðir - Davíðshús

Hús skáldsins hefur það hlutverk að sjá um og reka menningarmiðstöðvar í húsum skáldanna og heiðursborgaranna Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi og séra Matthíasar Jochumssonar. Íbúð Davíðs, húsmunir og bókasafn, er til sýnis eins og hann skildi við það við andát sitt 1964 og í Sigurhæðum er minningarsafn um Matthías. Auk þess eru í þessu „Setri orðlistar" haldin námskeið, bókmenntakynningar, sýningar og dagskrár og tekið á móti heimsóknum einstaklinga og hópa. Í Sigurhæðum eru einnig tvö skrifstofuherbergi til reiðu þeim sem vilja fást við ritstörf og í Davíðshúsi er gestaíbúð, ætluð rithöfundum og öðrum listamönnum til tímabundinnar dvalar.

Á árinu 2001 var gestaíbúð í Davíðshúsi endurnýjuð að miklu leyti frá grunni. Lagnir voru yfirfarnar og eldhús efri hæðar endurbætt. Gengið var frá hellulögn á framanverðri lóð Sigurhæða og hún lagfærð í tengslum við mannvirkjagerð í brekkunni neðan við húsið.

Að langmestu leyti var starfið í formi þeirrar hefðar sem hefur verið að skapast síðan stofnuninni var komið á fót og forstöðumaður ráðinn í hálft starf 1997. Enn er hann eini starfsmaðurinn en í heilli stöðu frá sl. ári. Auk umsjónar með húsum og munum, fyrirsvars út á við, kynningar og móttöku einstaklinga og hópa, skal sérstaklega geta eftirtalinna atriða:

- Námskeið á útmánuðum vetrar voru tvö. Annað í ljóðalestri og hitt í Laxdæla og Eyrbyggja sögum ásamt þriggja daga ferð á söguslóðir. Sóttu þau 20 manns.
- Ljóðakvöld voru í húsunum til skiptis nær vikulega frá janúar fram í apríl. Gestir voru 5-25 hverju sinni.
- Bókmenntadagskrár voru mánaðarlega í hvoru húsi frá júní til ágúst. Gestir samtals á annað hundrað.



- „Huldufólkið“ - hópur fólks á Akureyri og úr Eyjafirði sem fæst við skáldskap hittist mánaðarlega í Sigurhæðum og bar saman bækur sínar, og tvisvar las fólk úr þessum hópi upp í opinni dagskrá í húsinu.
- Tveir leshringir kvenna áttu sér samastað í Sigurhæðum til mánaðarlegra funda yfir vetrartímann. Sinnti annar einkum lestri og umræðum um nýútkomnar bækur en hinn „kvennaguðfræði“.
- Skólaheimsóknir voru húsunum gerðar af fimm bekkjardeildum úr Lundarskóla, þremur úr Síðuskóla, þremur úr Brekkuskóla og af öllum nemendum grunnskólans í Hrísey.
- Móttökur með stuttri dagskrá voru nokkrar í húsunum, auk þess sem einstök félög fengu að halda þar fundi sína og var þá sinnt sérstaklega.

Gestaíbúð í Davíðshúsi var nær fullnýtt utan framkvæmdatíma í febrúar fram í miðjan mars. Eftirtaldir átta aðilar nutu úthlutunar dvalar þar, 3-10 vikur hver:

- L.A. fyrir Gunnar Eyjólfsson leikara í janúar.
- Karen Kerstin, bandarísk myndlistarkona, mars-maí.
  Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur, í júní.
  Anna Dóra Antonsdóttir, rithöfundur, júní-júlí.
  Kristín S. Bjarnadóttir, rithöfundur, í ágúst.
  Stofnun Vilhjálms Stefánssonar fyrir fræðimenn, ágúst-september.
- Björn S. Stefánsson, hagfræðingur, í október.
- Einar Örn Gunnarsson, rithöfundur, nóvember-desember.

Skrifstofur í Sigurhæðum voru aðeins hálfnýttar til leigu en auk þess var þar unnið að undirbúningi vefseturs stofnunarinnar. Alls nutu níu aðilar aðstöðunnar þar um lengri eða skemmri tíma.

Gestir munu hafa orðið nokkru færri en árið áður og má einkum kenna það tvennu: Aðgengi að Sigurhæðum var erfitt lengst af árinu vegna framkvæmda í brekkunni, og afleysingar engar í fríum og forföllum og því ekkert sérauglýst starf á haustdögum.

## Minjasafnið á Akureyri

Gestir Minjasafnsins voru 6.700 og gestir í Laufási 13.400. Íslendingar voru í meirihluta í Minjasafninu eða um 75% en 42% í Laufási. Mest fjölgun í Minjasafninu er meðal nemenda í skipulögðum heimsóknum. Farþegum skemmtiferðaskipa fjölgar mikið í Laufási.




*Árið 1998 var safnið lokað vegna breytinga*

Þrjár skammtímasýningar voru í Minjasafninu: „Sjúkdómar og dánarmein fornmanna“, ljósmyndasýningin „Snerting“ og sýning á ljósmyndum Gísla Ólafssonar fyrrverandi yfirlögregluþjóns. Auk þess var brugðið upp svipmyndum af leiðöngrum að flaki bresku flugvélarinnar Fairey Battle. Viðburðadagskrá var með hefðbundnu sniði. Nýbreytni var að fyrsta sunnudag í mánuði yfir veturinn var boðið upp á tilbreytingu í safninu. Einnig var í fyrsta sinn uppskerudagur að hausti í Laufási.

Minjasafnið tók á móti 15 gjöfum, samtals 428 gripum. Flestir flokkast undir skólaminjar, en aðrir eru úr flokkunum félagssaga, híbýlahættir, heimilishald og heimilisiðnaður. Laufásbænum áskotnaðist brúðarbúningur ættaður frá Laufási, saumaður um 1880.

Ljósmyndadeild eignaðist 59 gamlar ljósmyndir og tvö filmusöfn, samtals 479 filmur. Unnið var að kópíeringu og frágangi mynda og filma til varðveislu. Einnig voru tölvuskráðar 503 mannamyndir. Mikið var selt út af skönnunarvinnu, einkum til bóka- og blaðaútgáfu.

Nemendur í skipulögðum heimsóknum í Minjasafnið voru 1.534 talsins af öllum skólastigum, flestir af grunnskólastigi. Margir þeirra komu í tilefni af sérdagskránum „Sumarlestur 2001, gamlir leikir og gömul hús“ og „Jólahald í gamla daga“.




*Árið 1995 var langt kennaraverkfall og árið 1997 var lokað á haustönn*

Minjasafnið aðstoðaði Iðnaðarsafnið við skráningu og athugun á framtíðaraðstöðu. Flugsafnið á Akureyri og Félag safnara við Eyjafjörð sendu safninu erindi.

Loks má geta þess að Minjasafnið veitti forstöðu verkefni um þverfaglegar rannsóknir og kynningu á gamla verslunarstaðnum á Gásum. Verkefnið er unnið í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands.

## Listasafnið á Akureyri

Alþjóðlegar sýningar og heimsþekktir listamenn í bland við myndlist eftir góðkunna heimamenn einkenndi starfsemi Listasafnsins á Akureyri á árinu 2001, en sérstök áhersla var lögð á að kynna listamenn sem búa og starfa á Akureyri. Árið hófst með stærstu hátæknisýningu sem ráðist hefur verið í á Norðurlöndum - „Detox“ - og vógu listaverkin rúmlega átta tonn í flutningi. Þessi sýning höfðaði einstaklega sterkt til unglinga. Í kjölfarið fylgdu einkasýningar á verkum Kristins G. Jóhannssonar og Jónasar Viðars og var lengi tvísýnt um hvor seldi meira, en að lokum hafði Jónas vinninginn. Óli G. Jóhannsson bætti um betur og seldi hvert einasta verk á sýningu sinni þegar hann rak smiðshöggið á dagskrá safnsins í desember. Fremur fátítt er að verk seljist á sýningum í dag og þau skipti sem listamenn hafa selt upp heilu sýningarnar eru teljandi á fingrum annarrar handar í íslenskri listasögu. Alls seldu akureyrskir myndlistarmenn verk fyrir rúmlega tíu milljónir króna, sem jafngildir tíföldum fjárlögum safnsins til listaverkakaupa árið 2001.

Í apríl var haldin yfirlitssýning á verkum þekktasta ljósmyndara 20. aldar, Henri Cartier-Bresson, meistara augnabliksins, að frumkvæði Listasafnsins á Akureyri. Samhliða sýningu Cartier-Bresson hampaði Áhugaljósmyndaraklúbbur Akureyrar völdum verkum úr myndaröðinni „Akureyri - bærinn okkar“. Sýning Cartier-Bresson var síðan sett upp í Ljósmyndasafni Reykjavíkur til að ná niður kostnaði.

Sumarsýning Listasafnsins fjallaði um Akureyri í myndlist og samanstóð af verkum sextán myndlistarmanna sem búa og starfa í bænum. Í tengslum við sýninguna var efnt til viðamikillar skoðanakönnunar á myndlistarsmekk almennings í samstarfi við Námsmatsstofnun, þar sem áhorfendur voru beðnir um að gefa öllum verkunum einkunn, velja besta verkið á sýningunni og veita ýmsar aðrar upplýsingar. Ítarlega niðurstöðu könnunarinnar er að finna á heimasíðu safnsins: www.artak.strik.is. Þar kemur fram að rúmlega helmingur fastagesta safnsins eru háskólamenntaðir, að konur eru í miklum meirhluta og að kvenfólk sem telur sig til vinstri í pólitík og aðhyllist jafnréttisstefnu eru í hópi dyggustu stuðningsmanna safnsins. Besta verkið á sýningunni, að mati tæplega 3.000 innlendra og erlendra „listgagnrýnenda“, var „Minningar“ eftir Amí (Önnu Maríu Guðmann). Í lok sýningarinnar dró sýslumaðurinn á Akureyri úr þátttökuseðlum, en í fyrstu verðlaun var verk eftir vinsælasta listamanninn og ferð fyrir tvo til New York í boði Flugleiða.

Í ágúst var haldin sýning á verkum langþekktasta núlifandi listamanns Norðurlanda, Dananum og Íslandsvininum Per Kirkeby (f. 1938) - í fyrsta sinn á Íslandi. Þessi stórmerkilega sýning var send beint aftur úr landi án viðkomu á höfuðborgarsvæðinu.

Í september var haldið aftur til fortíðar með sýningunni „Íslenskir frumherjar í byrjun 20. aldar“ sem unnin var í samstarfi við Listasafn Íslands. Þessi sýning er liður í því að kynna þróun íslenskrar myndlistar með safnfræðslu og skólakerfi Akureyrarbæjar að leiðarljósi.

Sértekjum Listasafnins á Akureyri var vart til að dreifa fyrr en árið 2000. Árið 2001 námu styrkir og



sértekjur hátt í þremur milljónum króna, eða um 15 prósent af framlagi bæjar og ríkis. Þar af lagði Menningarborgarsjóður fram eina milljón í tengslum við sýninguna á verkum Per Kirkeby, einn hæsta styrk sem sjóðurinn hefur veitt. Ennfremur styrkti Flugfélag Íslands og mikill fjöldi fyrirtækja í bænum og annars staðar á landinu sýningarhald Listasafnsins. Þess ber einnig að geta að sýningin „Detox“ kostaði um sex milljónir króna og var stærsti hluti hans greiddur af norska ríkinu.

Fjölmargar opinberar móttökur á vegum Akureyrarbæjar voru haldnar í safninu á árinu, sem og móttökur einkaaðila. Listasafnið fékk heilu og hálfu opnurnar í umfjöllun um hverja sýningu í staðbundnum fjölmiðlum, en þó aðallega landsmálafjölmiðlum - og ekki aðeins í dagblöðum heldur einnig í tímaritum, útvarpi og sjónvarpi. Aðsókn að safninu segir því ekki nema hluta sögunnar. Þó var hún margfalt meiri en hjá sambærilegum listasöfnum á höfuðborgarsvæðinu miðað við höfðatölu og lætur nærri að samanlagður íbúafjöldi Akureyrarbæjar, eða hátt í 13 þúsund manns, hafi sótt safnið heim árið 2001.

## Menntasmiðjan

Menntasmiðjan býður upp á nám í lífsleikni fyrir konur í þeim tilgangi að styrkja þær og efla til virkni í samfélaginu. Auk þess sinnir Menntasmiðjan fullorðinsfræðslu og símenntun af ýmsu tagi, fyrir almenning, bæjarstarfsmenn og sérstaklega fyrir konur.

Menntasmiðjan var færð undir félagssvið (félagsmálaráð) í júlí 2001 og var Þorbjörg Ásgeirsdóttir ráðin forstöðumanneskja frá 1. ágúst, en áður hafði ábyrgð verið deilt milli þeirra verkefnisstjóra er störfuðu í Menntasmiðjunni.

### Helstu verkefni árið 2001

Haldið var áfram með Menntasmiðju kvenna sem er nám í lífsleikni fyrir konur. Námið stendur yfir í u.þ.b. 16 vikur, vorönn og haustönn. Einnig var efnt til námskeiða fyrir fólk í atvinnuleit og voru þau í samvinnu við Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra. Haldin voru samningsbundin og/eða starfstengd námskeið fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar, en frá undirritun síðustu kjarasamninga STAK er þetta verkefni ekki lengur í umsjá Menntasmiðjunnar. Loks má geta þess að Menntasmiðjan er þátttakandi í verkefni sem ber heitið Violeta og er samstarfsverkefni níu Evrópulanda, unnið innan Sókrates-áætlunar Evrópusambandsins. Verkefnið miðar að því að mynda tengslanet fullorðinsfræðslustofnana sem vinna með atvinnumál kvenna.

# Íþrótta- og tómstundadeild

Helstu verkefni ÍTA á árinu 2001 voru vinna við fjármálalega úttekt á íþróttahreyfingunni á Akureyri og í framhaldi af því samningagerð við fjögur íþróttafélög vegna reksturs mannvirkja, sem og samskiptasamningur við Íþróttabandalag Akureyrar. Á deildinni var jafnframt unnið að frekari uppbyggingu skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli í samvinnu við VMÍ, undirbúningi vegna byggingar fjölnota íþróttahúss, unnar voru kannanir vegna nýtingar mannvirkja og viðhorfs til þjónustu, staðið var að uppbyggingu tveggja púttvalla. Fræðsla og þjálfun starfsmanna var fyrirferðamikil, m.a. í félagsmiðstöðvum og unnið var að starfs- og rekstraráætlunum ÍTA.

## Félagsstarf í hverfum bæjarins

Stærstu verkefni félagsstarfsins á árinu 2001 voru opnunarhátíð félagsmiðstöðva í Sundlaug Akureyrar, Landsmót SAMFÉS á Ísafirði, SAMFÉS-ball í Hafnarfirði, söngkeppni félagsmiðstöðva á Akureyri og förðunarkeppni félagsmiðstöðva á Akureyri. Unnið var að reglulegri skráningu þátttakenda og skipulögð vinna fór fram með unglingunum í anda samþættingar í jafnréttismálum. Mikið var um heimsóknir á milli félagsmiðstöðva.

Unglingum sem sækja félagsmiðstöðvar fjölgar á hverju ári. Árið 2001 sóttu 5.870 stúlkur og 5.910 drengir starfsemi félagsmiðstöðvanna á Akureyri.

## Kompaníið

Hlutverk Kompanísins er að vera upplýsinga- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk 16 ára og eldri. Kompaníið er staður þar sem ungt fólk getur unnið að hugðarefnum sínum og fengið til þess aðstoð. Fjölmargir klúbbar ungs fólks eru starfandi í Kompaníinu og þar er einnig aðstaða fyrir hljómsveitir til æfinga. Á árinu 2001 tók Guðrún Halla Jónsdóttir við sem forstöðumaður af Maríu Jónu Jónsdóttur.

Í Kompaníinu fór fram móttaka 50 unglinga frá Danmörku, N-Írlandi og Belgíu vegna evrópskra ungmennaskipta. Leikklúbburinn Saga vann að

undirbúningi fyrir norrænt leiklistarverkefni sem sýnt var í Íþróttamiðstöð Glerárskóla. Aðstaðan var leigð út fyrir ballett, skauta o.fl. Undirbúningur vegna Unglistar 2002 fór fram í miðstöðinni og unnið var að reglulegri sjónvarpsþáttagerð.

## Punkturinn

Punkturinn er handverksmiðstöð þar sem gestir geta sótt námskeið í vinnslu á ýmiskonar handverki ásamt því að vinna sjálfstætt. Á Punktinum getur fólk stundað hvers konar vinnu við handverk og fengið til þess leiðsögn og aðstoð. Punkturinn tók þátt í handverkssýningu að Hrafnagili á árinu 2001. Á Punktinum voru haldnar þrjár sýningar á gömlu handverki. Sérstök áhersla var lögð á námskeið í tréútskurði.

## Sundlaug Akureyrar og Íþróttahúsið við Laugargötu

Sundlaug Akureyrar veitir aðstöðu og þjónustu svo hægt sé að efla sundiðkun og stuðla að hollri hreyfingu. Í Sundlaug Akureyrar fer fram sundkennsla grunn- og framhaldsskóla á Akureyri ásamt sundþjálfun félaga í Sundfélaginu Óðni. Sundlaug Akureyrar er notuð af fólki á öllum aldri og hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Íþróttahúsið við Laugargötu þjónar grunnskólakennslu í íþróttum sem og almennum trimmurum. Áframhaldandi endurbætur og uppbygging á þjónusturými Sundlaugarinnar fór fram á árinu 2001, nýtt gufubað og aðstaða fyrir ljósalampa voru tekin í notkun sem og ný starfsmannaaðstaða. Tækjum í fjölskyldugarði var fjölgað. Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi var einn af stóru viðburðunum sem haldnir voru í Sundlaug Akureyrar.

Um 375.500 gestir heimsóttu sundlaugina á árinu. Sundlaugin var opin 360 daga á árinu eða í 5.069 klst. sem þýðir að 993 gestir heimsóttu laugina að meðaltali á dag eða 71 gestur á klst.

## Íþróttamiðstöð Glerárskóla

Í Íþróttamiðstöð Glerárskóla fer fram grunnskólakennsla í íþróttum ásamt æfingum og keppni íþróttafélaga og sundþjálfun Sundfélagsins Óðins. Siglingaklúbburinn Nökkvi hefur einnig notað laugina fyrir æfingar. Leiksýning Leikklúbbsins Sögu vegna norræns leiklistarverkefnis var sett upp í Íþróttamiðstöð Glerárskóla, Glerárskóli hélt sínar skólaskemmtanir í íþróttahúsinu og mikil aukning varð á þjálfun ellilífeyrisþega í sundlaug íþróttamiðstöðvarinnar.

Um 125.000 gestir sóttu íþróttahúsið á árinu og um 55.000 sundlaugina.

## Íþróttahöllin

Íþróttahöllin veitir gestum góða aðstöðu og þjónustu, hvort sem er til íþróttaiðkunar, félagsstarfs eða skemmtana. Í Höllinni fer fram kennsla í íþróttum grunn- og framhaldsskóla ásamt æfingum og keppni íþróttafélaga. Fjölmargar stórhátíðir fara einnig fram í húsinu. Skákfélag Akureyrar, Ljósmyndaklúbbur Akureyrar, Tónlistarskólinn á Akureyri, Íþróttabandalag Akureyrar, Vaxtaræktin og Menntaskólinn á Akureyri hafa fasta aðstöðu í húsinu. Á árinu 2001 fór fram í Íþróttahöllinni alþjóðlegt þing veðurfræðinga sem er eitt stærsta og fjölmennasta þing sem haldið hefur verið á Akureyri.

## Akureyrarvöllur og Íþróttaskemman

Akureyrarvöllur er aðalkeppnisvöllur bæjarins í knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Fjölmargir trimmarar nota aðstöðuna til að ganga og hlaupa á sumrin og ganga á gönguskíðum á vetrum. Akureyrarvöllur var vettvangur flugeldasýningar vegna hátíðar um verslunarmannahelgina 2001 og sóttu hana fjölmargir Akureyringar og gestir.

Hlutverk Íþróttaskemmunnar var að þjónusta almenning og íþróttafélög vegna æfinga og heilsueflingar. Skemman var lögð niður á árinu.

## Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli

Í Hlíðarfjalli er aðstaða til alhliða skíða- og snjóbrettaiðkunar og er markmiðið að stuðla að hreyfingu almennings og keppnisfólks. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu í samvinnu við Vetraríþróttamiðstöð Íslands undanfarin ár. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er eitt aðalaðdráttarafl ferðamanna yfir vetrarmánuðina. Skíðafélag Akureyrar hefur þar aðstöðu fyrir æfingar og keppni auk félagsaðstöðu í Strýtu. Stærsta verkefnið á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli á árinu 2001 var uppbygging nýrrar fjögurra sæta stólalyftu. Á árinu var samstarf við skíðasvæði Bláfjallanefndar aukið sem og samstarf við skíðasvæðin á Eyjafjarðarsvæðinu. Unnið var að uppbyggingu brettagarðs með reilum og pöllum. Prufudagar á skíðum og snjóbrettum fóru fram ásamt Telemarkmóti, Landsmóti, FIS-móti og Andrésar Andarleikum. Rekstrardagar veturinn 2000/2001 voru 132 og seldust alls 28.000 lyftumiðar sem er met í opnunardögum ásamt sölu lyftumiða.

## Skautahöllin

Starfsemi í Skautahöllinni var með hefðbundnu sniði og fer hún vaxandi ár frá ári. Bætt aðstaða hefur hleypt miklum krafti í skautaíþróttina, jafnt á meðal ungmenna sem fullorðinna. Skautahöllin á Akureyri er rekin af Skautafélagi Akureyrar með rekstrarframlagi frá Akureyrarbæ.

# Fasteignir Akureyrarbæjar

Fasteignir Akureyrarbæjar er eignarhalds- og rekstrarfélag í eigu Akureyrarbæjar sem hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins, nema fasteignum Norðurorku á Rangárvöllum. Stjórn Fasteigna er skipuð af bæjarráði og í henni sitja fimm menn.

Félagið var stofnað í mars 2001 og hófst þá undirbúningur að starfsemi félagsins. Settar voru fram vinnureglur sem unnið verður út frá við útreikning á leiguverði og ákveðið á hvaða verði húseignirnar verða fluttar til félagsins. Skráðar hafa verið allar fasteignir, bæði þær sem verða í útleigu hjá félaginu og þær sem þarf að rífa eða selja. Stofnanir Akureyrarbæjar eru leigjendur hjá félaginu.

Helstu verkefni Fasteigna eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleiga þeirra. Félagið er þjónustustofnun sem hefur það að markmiði að uppfylla þarfir og væntingar viðskiptavina sinna og veita góða þjónustu við notendur húsnæðis í eigu bæjarins. Hlutverk starfsmanna og stjórnar félagsins er að tryggja að viðskiptavinir okkar og eigandi hafi hag af breytingunni til lengri tíma litið.

Verulegur uppsafnaður vandi er í viðhaldi húseigna í eigu Akureyrarbæjar þar sem fjárveiting undanfarinna ára hefur aðeins verið hluti af raunverulegri þörf og því ljóst að það tekur nokkur ár að koma ástandi húsnæðisins í það horf sem ákjósanlegt er. Ábyrgð á rekstri fasteigna hjá Akureyrarbæ hefur verið dreifð og stundum óljóst hvar hún liggur. Með þessari breytingu færist öll umsýsla á einn stað þannig að hægt verður að miðla reynslu af viðhaldi og rekstri fasteigna inn í viðhald þeirra og taka tillit til þess þegar nýtt húsnæði er hannað.

Til að tryggja sem bestan árangur við rekstur fasteigna þurfa bæði leigusalar og leigutakar að vinna sameiginlega að verkefninu og hafa ávallt hugfast að það er undir báðum aðilum komið hvernig til tekst.

Fasteignir Akureyrarbæjar hafa það að markmiði
- að bæta viðhald húsnæðis í eigu bæjarins með kerfisbundnum hætti.
- að tryggja faglega hönnun, framkvæmd og viðhald bygginga í eigu Akureyrarbæjar.
- að ná fram hagkvæmari innkaupum á vöru og þjónustu.
- að gæði og ending fasteigna sé sem best verður á kosið.
- ná fram betri nýtingu á húsnæðinu.
- að tryggja notendunum sem besta þjónustu.
- að ná fram hagræðingu í rekstri fasteigna.

Húsnæðið sem félagið hefur umsýslu með og tók yfir um áramót þjónar mjög mörgum og ólíkum hlutverkum og má þar nefna skóla, íþróttahús, sundlaugar, skrifstofuhúsnæði, dvalarheimili fyrir aldraða, leiguíbúðir og fleira. Heildarstærð eigna sem Fasteignir Akureyrarbæjar hafa umsýslu með er um 120.000 m$^2$ þegar með er talið það húsnæði sem er í byggingu og það sem ætlunin er að rífa eða selja. Þar af eru skólar um 27.000 m$^2$, leikskólar 4.200 m$^2$, íþróttamannvirki 20.000 m$^2$, þjónustuhús aldraðra um 9.000 m$^2$ og lista og menningarhús um 6.000 m$^2$. Reiknað stofnverð eða byggingarkostnaður þeirra eigna sem verða færðar til félagsins er um 9,9 milljarðar króna og yfirfærsluverð er um 4,5 milljarðar króna og heildar flatarmál um 73.000 m$^2$. Því til viðbótar eru leiguíbúðir Akureyrarbæjar og eru þær um 21.000 m2, um 1.6 milljarðar að stofnverði og er fjöldinn 214 íbúðir.

Akureyrarbær leigir frá þriðja aðila um 8.000 m$^2$ og í byggingu eru 12.800 m$^2$, þar af er fjölnota íþróttahús um 9.500 m2. Það húsnæði sem ætlunin er að finna önnur not fyrir, rífa eða selja er um 7.500 m$^2$.

Stærsti leigutaki hjá Fasteignum Akureyrarbæjar er málaflokkurinn skólar og leikskólar sem greiða um 260 milljónir kr. í leigu til félagsins. Íþróttamannvirkin og sundlaugar greiða um 170 milljónir kr., aldraðir um 79 milljónir kr. og aðrir minna. Heildar leigutekjur eru um 600 milljónir króna á verðlagi janúar 2002.



Fasteignir Akureyrarbæjar taka að sér fleiri verkefni tengd rekstri fasteigna sé þess óskað af leigutökum eða eigendum félagsins. Dæmi um slíka þjónustu er ræsting, öryggisgæsla og snjómokstur. Um það verður gerður sérstakur þjónustusamningur.

Stærstu nýbyggingarverkefni sem voru í vinnslu á árinu 2001 eru stækkun Giljaskóla, nýr leikskóli við Iðavöll, viðbygging við Oddeyrarskóla, fjölnota íþróttahús, viðbygging við Amtbókasafn, nýr leikskóli við Iðavöll, undirbúningur að nýjum leikskóla í Naustahverfi, undirbúningur fyrir viðbyggingu við Síðuskóla, framkvæmdir við Ketilhús, framkvæmdir við Sundlaug Akureyrar, auk fjölda annarra minni verkefna.




# Tækni og umhverfissvið

Á árinu var haldið áfram að vinna að þeim breytingum á sviðinu sem samþykktar voru í bæjarstjórn árið 2000, en á síðasta ári var skrifstofu sviðsins breytt í samræmi við nýtt skipurit. Á þessu ári var gatnadeild og umhverfisdeild sett undir eina yfirstjórn og um leið flutt undir eitt þak í nýtt og glæsilegt húsnæði á Rangávöllum. Hin nýja rekstrareining hefur fengið heitið framkvæmdamiðstöð, en þar fer fram öll sú starfsemi sem áður var inni í Gróðrarstöð við Krókeyri og úti í Gatnadeild við Þórsstíg, nema stjórnsýsluhlutinn sem er nú á skrifstofu sviðsins í Ráðhúsinu. Undir framkvæmdamiðstöð heyrir rekstur og umhirða opinna svæða, gatna og holræsa, ásamt dýraeftirliti og umsjón með leigulöndum bæjarins. Auk þessa eru starfsemi Lystigarðs og unglingavinna undir Framkvæmdamiðstöð.

Á árinu var tekin ákvörðun um að taka upp nýtt form á starfsáætlun, svokölluð skorkort, en með því eru tekin upp markvissari vinnubrögð við setningu markmiða og mælikvarða fyrir starfsemina en áður var. Þetta nýja form verður tekið upp á árinu 2002. Að öðru leyti var starfsemi sviðsins með svipuðu sniði og undanfarin ár.



# Framkvæmdadeild

Til nýframkvæmda á árinu var varið 248,2 milljónum króna, en til samanburðar nam sú upphæð 201,7 milljónum króna árið 2000. Hafnarstæti frá Kaupvangsstræti til norðurs var gert að vistgötu og heimiluð takmörkuð umferð til norðurs og austur Ráðhústorg í Skipagötu. Lokið var við bílastæði austan við Landsbanka. Hafnar voru framkvæmdir við Lækjargötu og verður þeim haldið áfram 2002. Kostnaður varð um 20,2 milljónir kr. Nýjar götur sem gerðar voru á árinu eru Baldursnes, Njarðarnes, Klettaborg og götur í fjórða áfanga Giljahverfis. Lengd þessara gatna er um 2.100 m. Lokið var við frágang Gleráreyra og Borgarbrautar. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð samtals 77,3 milljónir kr. Kostnaður við skrifstofu bæjarverkfræðings, mælingar og kortagerð varð samtals 54,3 milljónir króna.

## Malbikun

Í Giljahverfi voru Skessugil og hluti Vesturgils malbikuð og í Teigahverfi voru Holtateigur, Miðteigur, Mosateigur og syðsti hluti Mýrarvegar malbikaðir. Þá var Langholt malbikað eftir að það var fært til austurs sunnan Miðholts. Að mestu var lokið við malbikun gangstétta og gerð graseyja við ofantaldar götur. Lengd þessara gatna er samtals 1.160 m og varð kostnaður um 33,5 milljónir króna. Gangstéttar við Hlíðarbraut, Fögrusíðu og Mýrarveg norðan Akurgerðis voru malbikaðar á árinu ásamt ýmsum gangstígum utan gatna, aðallega í Hlíðahverfi. Flatarmál þessara gangstétta og stíga er um 7.500 m$^2$. Kostnaður varð um 21,7 milljónir kr.

## Fráveita

Til framkvæmda í fráveitumálum var varið 59,4 milljónum króna (41,0 millj. kr. árið 2000). Lokið var við byggingu dælustöðvar við Silfurtanga og hún tengd við fráveitukerfið. Var hún gangsett um miðjan desember og varð kostnaður um 38,2 milljónir kr.

Kostnaður við tengingu stöðvarinnar við fráveitukerfið ásamt aðveitulögnum að henni varð um 20,6 milljónir kr.

## Viðhald gatna og holræsa

Til viðhalds gatna og holræsa var varið 35,1 milljón króna, þar af 3,5 milljónum vegna þjóðvegar. Slitlag var m.a. lagt á Krossanesbraut milli Þverholts og Hlíðarbrautar, Þingvallastætis milli Þórunnarstrætis og Oddeyrargötu og milli Byggðavegs og Mýrarvegar, Þórunnarstræti milli Hamarsstígs og Þingvallastrætis, hluta Þórunnarstrætis milli Hrafnagilsstrætis og götu að FSA og norðurakrein Kaupvangsstrætis milli Hafnarstrætis og Eyrarlandsvegar.

## Hreinlætismál

Til sorphreinsunar og sorpeyðingar var varið 65,3 milljónum króna, til gatna- og holræsahreinsunar 16,6 milljónum króna og til reksturs gámasvæðis 3,9 milljónum króna eða samtals 85,8 milljónum króna. Til reksturs skólpdælustöðva var samtals varið 4,9 milljónum króna.

## Snjómokstur og hálkuvarnir

Árið 2001 var kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir 30,3 milljónir króna (31,0 milljónir kr. árið 2000). Fyrri hluti ársins var fremur erfiður en seinni hluti þess var eins og við má búast.

## Umferðarmál

Framkvæmdum við 30 km hverfi var haldið áfram á árinu og var Holtahverfi, Hlíðahverfi og Gerðahverfi I gert að 30 km svæðum á árinu. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð um 11,5 milljónir kr.

## Bifreiðastæðasjóður

Sérmerkt stæði til fastrar mánaðarleigu eru nú 15 austan Skipagötu og 4 vestan Hólabrautar. Eftirspurn eftir þessum stæðum hefur verið á bilinu 12 til 14.

Gjaldskyldum stæðum með tveimur miðamælum við neðanverðan Gilsbakkaveg og Oddagötu var fjölgað um 37 á árinu. Gerð voru 17 gjaldskyld stæði í Hafnarstræti og við sunnanvert Ráðhústorg og í sunnanverðri Brekkugötu voru gerð 11 gjaldskyld stæði. Gjaldskyldum stæðum fjölgaði um 65 á árinu. Gjaldskyld stæði í árslok voru því 277 (212 árið 2000). Kostnaður við þessar framkvæmdir varð um 2,3 milljónir kr.

## Almenningsgarðar og útivist

Lystigarður er grasagarður rekinn á vísindalegum grunni ásamt því að vera skrúðgarður. Starfsemin var með venjubundnum hætti árið 2001. Helstu verkefni voru lokaáfangi á stöllum í neðri hluta garðsins. Rekstrarkostnaður var 17.3 milljónir króna og 1,0 milljón var varið til framkvæmda.

Útivistarsvæði eru þau svæði sem samkvæmt aðalskipulagi eru skilgreind sem útivistarsvæði, skógræktarsvæði og ýmis svæði ætluð til sérstakra nota.



Möl var sett í nýju trimmbrautina og fyrsti áfangi á steinbogabrú hafinn. Plantað var 26.000 plöntum í Kjarna og Eyrarlandsháls. Rekstrarkostnaður var 10,4 milljónir króna og 2,0 milljónum var varið til framkvæmda.

## Opin svæði

Fegrun og hirðing er deild sem annast hirðingu bæjarins ásamt lóðum ýmissa stofnana, s.s. skóla o.fl. Deildin annast einnig nýframkvæmdir. Undir deildina falla þar að auki önnur viðamikil verkefni, s.s. rekstur véla og tækja, ræktunarstöðvar, jólaskreytingar o.fl. Hjá deildinni voru um 40 sumarstörf.

Í daglegri hirðingu eru um 100 ha. sem m.a. eru slegnir á 10-15 daga fresti. Plantað var um 50.000 plöntum, trjám, runnum og sumarblómum. Í ræktunarstöðinni voru framleidd öll sumarblóm og nokkuð af trjám og runnum til notkunar á vegum bæjarins. Viðamestu framkvæmdir deildarinnar voru við þriðja áfanga tjaldsvæðisins á Hömrum og við lokaáfanga brekkunnar við Sigurhæðir og ýmis smærri verkefni í hverfum bæjarins. Rekstrarkostnaður var 45,7 milljónir kr. og til framkvæmda var varið 11,0 milljónum. Til bifreiða- og tækjakaupa var varið 4,0 milljónum.

Opin leiksvæði er deild sem sér um viðhald og nýbyggingar á opnum leiksvæðum og boltavöllum bæjarins ásamt því að annast sömu þjónustu við leikskóla og gæsluvelli. Í daglegri umsjón deildarinnar eru 45 leiksvæði, 10 leikskólalóðir og 8 gæsluvellir. Deildin annast einnig eftirlit og viðhald á leiktækjum á skólalóðum. Hjá deildinni voru 15 sumarstörf. Leiksvæði við Stórugerði var endurgert. Rekstrarkostnaður var 14,3 milljónir kr. og 650 þús. var varið til framkvæmda.

## Ýmis verkefni

Unglingavinna annast sumarvinnu fyrir 13 og 14 ára unglinga ásamt því að gangast fyrir ýmiskonar fræðslu og tómstundastarfi fyrir unglingana. Unglingavinnan hóf starfemi 6. júní. Alls komu 309 unglingar til vinnu. Mest af vinnu unglinganna felst í hirðingu bæjarins undir stjórn 19 flokkstjóra. Samtals unnu unglingarnir í 33.773 vinnustundir. Rekstrarkostnaður var 27,0 milljónir kr.

Í sérstökum vinnuflokki sem hafði aðsetur að Hömrum störfuðu 15 fatlaðir einstaklingar við ýmis verkefni á svæðinu. Auk þeirra störfuðu 11 einstaklingar hjá ýmsum stofnunum bæjarins, s.s. leikskólum og Lystigarði. Rekstarkostnaður var 4,2 milljónir króna.

Sumarvinna 16 ára unglinga annast atvinnuskapandi verkefni fyrir þann aldurshóp. Hver unglingur fékk vinnu í 6 vikur. Vinnan felst aðallega í hirðingu bæjarins og vinnu hjá ýmsum félögum og stofnunum. Alls komu 87 unglingar til vinnu, heldur fleiri en sumarið 2000. Rekstrarkostnaður var 13,6 milljónir kr.

## Jarðeignir og dýraeftirlit

Meindýraeyðing og gæludýraeftirlit annast eftirlit og skráningu vegna hunda og annarra gæludýra, auk þess að hafa umsjón með hundahreinsun í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðar. Deildin annast einnig eyðingu meindýra; rotta, vargfugls, refa og minka o.fl. Starfsemin var með hefðbundnum hætti árið 2001 og var rekstrarkostnaður 3,8 milljónir króna.

Jarðeignir og búfjáreftirlit hefur umsjón með búfjárhaldi og leigulöndum bæjarins ásamt fjallgirðingu og fjallskilum, varnir gegn riðu og forðagæslu. Haldið var áfram að girða leigulönd í bænum. Rekstrarkostnaður var 10,8 milljónir króna og til framkvæmda var varið 1,0 milljón.

## Tjaldsvæði

Rekstur tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti er bundinn sérstökum samningi við Skátafélagið Klakk. Félagið annaðist einnig rekstur nýs tjaldsvæðis að Hömrum. Samtals voru gistinætur 20.000, þ.e. 16.000 á svæðinu við Þórunnarstræti en 4.000 á Hömrum. Til Framkvæmda við uppbyggingu að Hömrum var varið 10 milljónum kr.

## Slökkvilið

Á árinu 2001 voru útköll hjá Slökkviliði Akureyrar 156, þar af 23 utanbæjar. Árið áður voru útköllin 131, þar af 11 utanbæjar. Stærsta brunatjónið á árinu var þegar kviknaði í húsnæði Strýtu þann 9. júní. Ekkert manntjón varð í bruna á árinu.

Fjöldi útkalla slökkviliðs pr. mánuð




Sjúkraútköll voru alls 1.167 árið 2001, þar af 133 utanbæjar, en voru 1.266, þar af 212 utanbæjar, árið 2000. Sjúkraflutningar út fyrir svæði heilsugæslustöðvarinnar voru 82, mest flutningar á milli stofnana. Af þessum 1.167 sjúkraútköllum voru 276 bráðatilfelli (314 árið áður).



Tími útkalla slökkviliðs




Tíu sinnum var björgunarbíllinn (klippubíll) kallaður úr, þar af var hann notaður átta sinnum eftir umferðaslys, mest utanbæjar.

Á árinu fóru sjúkraflutningsmenn í 166 sjúkraflug (179 árið áður), aðallega með flugvélum Flugfélags Íslands, þar af 158 innanlands og 8 utanlands.

Hinn 11. júní var undirritaður samningur við Svalbarðsstrandarhrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgárbyggð um að Slökkvilið Akureyrar tæki að sér framkvæmd brunavarna í sveitarfélögunum, þ.e. slökkvistarf og eldvarnareftirlit ásamt viðbrögðum við mengunaróhöppum.

Eldvarnareftirlitið fór í yfir 180 skoðanir á árinu. Með nýrri byggingareglugerð hefur svokölluðum lokastöðuúttektum fjölgað en þær eru gerðar með starfsmanni byggingafulltrúa. Einnig er mikið um skoðanir vegna leyfisveitinga, svo sem á veitinga- og gistihúsum.

Í desember var haldin eldvarnarfræðsla fyrir öll börn í 3. bekk í Grunnskólum Akureyrar, Þelamerkurskóla, Valsárskóla og Hrafnagilsskóla, þar sem farið var yfir þær hættur sem eldur og reykur getur skapað.

Alls sóttu um 100 starfsmenn fyrirtækja og stofnana fræðslu í meðferð handslökkvitækja og réttum viðbrögðum við eldsvoða.

## Strætisvagnar Akureyrar

Árið 2001 er annað árið í röð þar sem fækkun farþega á sér stað og hefur þeim fækkað um rúmlega 100 þúsund frá 1999. Þriðji og síðasti vagninn frá Ikarus kom á árinu. Rekstrarkostnaður strætisvagna nam 41.9 milljónum króna á árinu og ferliþjónustunnar 14.7 milljónum króna. Ferðir ferliþjónustu hafa aukist um 3.000 á milli ára eða 21%. Reist voru þrjú ný biðskýli á árinu en tvö eldri rifin niður.

# Umhverfisdeild

Umhverfisdeild hefur umsjón með skipulagsmálum, byggingareftirliti og fasteignaskráningu, umferðarmálum, LUKA, Staðardagskrá 21 og náttúruverndarmálum.

Nánari upplýsingar um starfsemi deildarinnar ásamt almennum upplýsingum um lausar lóðir, gjaldskrár, allar auglýstar skipulagsbreytingar, deiliskipulagsuppdrætti sem unnir hafa verið á tölvutæku formi, aðalskipulag Akureyrar, uppdrætti og greinargerðir, er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is.

## Aðalskipulag

Nokkrar minniháttar breytingar voru gerðar á gildandi aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018. Breytingarnar voru unnar af starfsfólki deildarinnar.

**Aðalskipulag**

| Verkefni | | Í vinnslu á árinu | Lokið á árinu |
|---|---|---|---|
| Lindasíða | Miðsvæði í íbúðarsvæði | | X |
| Hraungerði | Tvær einbýlishúsalóðir | | X |
| Glerárdalur | ,,Go-kart" braut | X | |

## Deiliskipulag

Eftirtalin deiliskipulagsverkefni voru í vinnslu á árinu. Deiliskipulag er unnið af starfsmönnum deildarinnar, ráðgjöfum eða byggingaraðilum. Öll skipulagsvinna sem unnin er utan deildar er undir yfirumsjón umhverfisdeildar. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 25,4 milljónir kr.

**Deiliskipulag**

| Verkefni | | Í vinnslu á árinu | Lokið á árinu |
|---|---|---|---|
| Gerðahverfi | Tvær einbýlishúsalóðir | | X |
| Hlíðarfjall | Svifbraut | | X |
| Hesthúsahverfi | Breiðholt | | X |
| Hesthúsahverfi | Hlíðarholt | | X |
| Naustahverfi | 1. áfangi | X | |
| Hafnarsvæði | Fiskihöfn | X | |
| Klettaborg | Íbúðarsvæði | | X |
| Höepfner | Skemmtibátahöfn | X | |
| Háskólinn á Akureyri | Rannsóknarhús | | X |
| Menntaskólinn á Ak | Heimavistir | | X |
| Naust III | Safnasvæði | X | |
| Íþróttasvæði Þórs | Fótboltahús | | X |
| Lindasíða | Íbúðasvæði | X | |
| Skálateigur | Íbúðasvæði | X | |

## Byggingareftirlit

Starfsemi eftirlitsins var með hefðbundnu sniði. Afgreidd voru 390 mál er vörðuðu byggingarleyfi húsa, breytingar á húsum, byggingarstjóra og iðnmeistara. Skráðar úttektir á byggingarstöðum árið 2001 voru 893 á móti 884 árið áður, og eru þá ótaldar óskráðar skoðanir, stöðu- og lokaúttektir á húsum. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 21,3 milljónir kr.

Auk þessa hefur verið unnið við ýmsar smærri viðbyggingar, sólskála, garðhús, bílgeymslur og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

## Umferðarmál

Á árinu var haldið áfram framkvæmdum við ,,30 km hverfi". Að þessu sinni var unnið að uppsetningu hliða í Holtahverfi, Hlíðahverfi og Gerðahverfi I. Mælingar sýna að þessar aðgerðir hafa almennt skilað árangri, sérstaklega hvað snertir þá sem hraðast aka og eru þar af leiðandi hættulegastir í umferðinni. Markmið umhverfisráðs er að í framtíðinni verði öll íbúðahverfi ,,30 km hverfi".

Umhverfisráð stóð einnig eins og undanfarin ár fyrir umferðarfræðslu 5-6 ára barna í samvinnu við Umferðarráð og lögreglu.

Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 123 þús. kr.

## Staðardagskrá 21 - náttúru- og gróðurvernd

Hinn 24. apríl afgreiddi bæjarstjórn 1. útgáfu af Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri. Í henni eru 19 kaflar með markmiðum og framkvæmdaáætlun í 17 málaflokkum umhverfis- og félagsmála. Þá var Ólafs-

**Atvinnu- og þjónustuhúsnæði**

| Tegund | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|
| Landbúnaður | 0 | 0 |
| Fiskiðnaður | 0 | 0 |
| Vörugeymslur/geymar | 1852 | 21794 |
| Vinnsla búsafurða | 0 | 0 |
| Iðnaður | 2167 | 10065 |
| Verslun | 76 | 264 |
| Veitinga- og gistihús | 24 | 66 |
| Verslun/iðnaður | 0 | 0 |
| Verslun/skrifstofur | 0 | 0 |
| Skrifstofuhúsnæði | 0 | 0 |
| Önnur þjónustustarfsemi | 1748 | 10615 |
| Félagsleg starfsemi | 254 | 806 |
| Opinber starfsemi | 6216 | 22694 |
| Samtals | 12337 $m^2$ | 66304 $m^3$ |

## Íbúðarhúsnæði samanburður

| | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Í byggingu á árinu | 256 | 325 | 247 | 198 | 184 | 181 | 202 | 209 | 279 | 260 | 320 |
| Fokhelt í árslok | 114 | 119 | 101 | 70 | 62 | 51 | 87 | 77 | 78 | 150 | 155 |
| Ekki fokh. í árslok | 45 | 75 | 54 | 47 | 54 | 47 | 63 | 51 | 117 | 52 | 53 |
| Hafin bygg. á árinu | 81 | 112 | 53 | 43 | 67 | 65 | 104 | 59 | 151 | 65 | 118 |
| Fullgert á árinu | 43 | 132 | 92 | 81 | 74 | 83 | 52 | 80 | 84 | 58 | 112 |

víkuryfirlýsingin samþykkt af bæjarstjórn 6. febrúar. Hún kveður á um framlag íslenskra sveitarfélaga til sjálfbærrar þróunar.

Á árinu lágu fyrir markmið fyrir væntanlegt deiliskipulag óshólma Eyjafjarðarár og út kom ný skýrsla um fuglalíf svæðisins. Málefni Gróðrarstöðvarhússins við Krókeyri og svæðisins þar í kring voru á dagskrá, en húsið var rýmt á árinu vegna skipulagsbreytinga.

Náttúruverndarnefnd hafði með þessi mál að gera og fjölmörg önnur, þ.á m. þau sem lutu að eftirfylgni á framkvæmdaáætlun Staðardagskrár 21 með því að vísa verkum hennar til viðkomandi nefnda og ráða.

Kostnaður við þennan málaflokk á árinu varð alls 3,2 milljónir kr.

## Íbúðarhúsnæði

| | Samtals íbúðir | Einbýli | Íbúðir í raðhúsum | Íbúðir í fjölbýli |
|---|---|---|---|---|
| Hafin bygging á árinu | 118(65)* | 21(11) | 16(23) | 81(31) |
| Fullgert á árinu | 112(58) | 11(1) | 53(10) | 48(47) |
| Fokhelt á árinu | 118(54) | 22(10) | 24(38) | 72(97) |
| Í smíðum í árslok | 208(202) | 39(29) | 24(61) | 145(11)2) |
| Hafin smíði við íbúðab., bílg., sólskála og viðbyggingar | 15778 m_(9315) | | 52015 m3(30582) | |

**Tölur innan sviga eru frá fyrra ári*



# Norðurorka

Norðurorka stendur að framleiðslu, flutningi og sölu á orku og vatni á Akureyri og annars staðar þar sem kaupendur finnast.

## Fjármál

Árið 2001 var fyrsta heila starfsár Norðurorku og jafnframt fyrsta árið sem fjárhagur HVA og RA er sameinaður. Erlend lán veitunnar hækkuðu mikið í krónum talið vegna verulegrar gengisfellingar íslensku krónunnar. Hinsvegar lækkuðu vextir á erlendu lánunum jafnframt umtalsvert.

Tekjur veitunnar hækkuðu nokkuð frá fyrra ári, mest vegna söluaukningar og urðu heldur meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Heildartekjur Norðurorku árið 2001 voru 1.252 milljónir kr., þar af voru tekjur heitavatnssölu 523 milljónir kr., af raforkusölu 553 milljónir króna og af vatnssölu 176 milljónir króna.

Gjaldskrá vatns- og hitaveitu voru óbreyttar frá fyrra ári en gjaldskrá rafveitu var hækkuð um 4,9% þann 1. júlí sl. og var það gert til að mæta hækkun á innkaupsverði raforku frá Landsvirkjun og hafði ekki umtalsverð áhrif til hækkunar á nettótekjum rafveitunnar. Samtímis var taxti rofinnar rafhitunar hækkaður um 10% þar sem hann var og er enn hlutfallslega, miðað við aðra taxta, óhagstæður fyrir veituna. Viðskiptavinir Norðurorku eiga nær allir kost á að tengjast hitaveitu sem er ódýrari kostur fyrir þá og veitunni mun hagstæðari.

Rekstrargjöld urðu svipuð og áætlað var en heildarrekstrargjöld voru 1.164 milljónir króna. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi ársreikningi.

Skuldir veitunnar með næsta árs afborgunum langtímaskulda eru 3.069 milljónir króna og er þess vænst að þær fari lækkandi. Áætlanir í skuldamálum hafa að mestu gengið eftir undanfarin ár þó nokkur afturkippur hafi komið á árinu 2001 af ástæðum sem veitan fékk ekki við ráðið. Það má auðvitað spyrja hvort ekki ætti að færa meira af skuldum yfir í íslenskar krónur til að forðast áföll vegna gengissveiflna. Því er til að svara að það hefur verið gert að hluta. Það ber þó að hafa í huga í þessu sambandi að vextir og verðtryggingar á innlendum lánum eru mun óhagstæðari en vextir á erlendum lánum.

## Ýmislegt

Í síðustu ársskýrslu var greint frá sameiningu HVA og RA í eitt fyrirtæki, Norðurorku. Ekki skulu lesendur þreyttir á sama efninu annað árið í röð. Þó ber þess að geta að auðvitað hafa komið fram hnökrar á framkvæmd sameiningarinnar. Þeir hafa verið smáir og almennt má segja að vel gangi og að flest markmið hafi náðst. Allir starfsmenn hafa lagt sig fram um að hlutirnir gengju sem best. Undir árslok var skipuriti Norðurorku breytt lítillega. Framkvæmda- og rekstrardeild voru sameinaðar í eina „tæknideild“ og ráðinn var fjármálastjóri á fjármáladeild eins og ráð hafði verið fyrir gert í upphafi. Þrír fastir starfsmenn létu af störfum á árinu, einn vegna aldurs og tveir að eigin ósk.



Þann 1. desember síðastliðinn flutti framkvæmdadeild Akureyrarbæjar í nýbyggð og nýinnréttuð eldri hús á Rangárvöllum og er nú ýmis aðstaða svo sem mötuneyti samnýtt.

Á árinu hófust viðræður við ríkið vegna hugsanlegrar sameiningar Norðurorku og RARIK. Vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á lögum um raforkumál, kaupum ríkisins á Orkubúi Vestfjarða, fyrirætlunum ríkisins um að gera RARIK að hlutafélagi og af ýmsum öðrum ástæðum, hafa viðræðurnar skilað takmörkuðum árangri til þessa.

Norðurorka á í viðræðum við önnur sveitarfélög um samvinnu og hugsanlegan samruna veitna. Þessar viðræður eru þó skammt á veg komnar. Í þessu sambandi, og af öðrum ástæðum, svo sem væntanlegum breytingum í lagaumhverfi veitufyrirtækja, var hafin athugun á því að breyta Norðurorku í hlutafélag. Þær athuganir eru en á byrjunarstigi en ekkert virðist því til fyrirstöðu að gera Norðurorku að hlutafélagi og raunar er ýmislegt sem mælir fremur með því. Norðurorka og þá ekki síst Norðurorka hf. getur hins vegar bærilega haldið áfram að vera til sem sjálfsæð eining án samruna við aðra þrátt fyrir að lagaumhverfi veitufyrirtækja breytist og meint frelsi komist á í framleiðslu og sölu raforku. Hins vegar er að mörgu leyti æskilegt að stuðla að því að til verði sterkara orkufyrirtæki á Norður- og Austurlandi en nú er.

Norðurorka er hluthafi í tveimur „þróunarfélögum“, Íslenskri orku ehf og Þeistareykjum ehf, sem hafa að markmiði að rannsaka jarðhita í Öxarfirði og á Þeistareykjum. Vonir eru bundnar við að nægileg orka finnist á þessum svæðum til að þar megi framleiða raforku. Það eru þó mörg ár þar til það verður, nema veruleg eftirspurn myndist eftir raforku á næstunni.

## Heitavatnsöflun

Ný borhola að Laugalandi á Þelamörk LÞNS-10 var tekin í gagnið í lok síðasta árs og var hún allnokkur búbót. Segja má að lokið hafi verið við virkjun holunnar á vordögum þegar sett var niður ný dæla en upphaflega var hún virkjuð með notaðri dælu sem aðeins var reiknað með að dyggði nokkra mánuði vegna mikils slitálags í nýjum borholum.

Eitt vandamál kom þó upp við rekstur hinnar nýju




**Rafveita, aukning á notkun forgangsorku var 3,7% frá fyrra ári.**

Stuðlarnir á myndinni sýna notkun á rafmagni í MWh á mánuði. Neðri hlutinn sýnir forgangsorku en efri hlutinn ótryggt rafmagn. Forgangsorka er raforka sem verður alltaf að vera til staðar, hún fylgir árstíðum og er notkun mest í desember vegna jólaskreytinga. Ótryggt rafmagn er notað á gufukatla, yfirleitt vegna iðnaðar og er notkun mest þegar mikil loðna berst á land.

holu vegna þess að hún er rúmlega 103 °C heit. Varð þess vegna suða í loftskilju sem skilaði sér í góðum gufumekki út um yfirfall. Við það tapast vissulega nokkuð að þeirri orku sem holan gefur og var því tekin ákvörðun, í samráði við eigendur mannvirkja á Þelamörk, að leggja nýtt bakrásarkerfi fyrir mannvirkin og að tengja allt neyslu- og sundlaugarvatn í gegn um varmaskipta. Lokið var við verkið á haustdögum og er gufumökkur nú ekki sjáanlegur á Þelamörk.

Haldið var áfram rannsóknum vegna frekari vatnsöflunar og er sú vinna að mestu unnin af Orkustofnun samkvæmt samningi. Helstu verk sem í gangi voru eru: Jarðhitarannsóknir á Þelamörk, eftirlit með jarðhitasvæðum og jarðfræðikortlagning. Samtals var unnið fyrir um 10 milljónir kr. fyrir utan eigin vinnu. Ekkert var unnið við boranir á árinu.

## Hitaveitukerfi

Stærstu verkin á árinu voru lagning hitaveitu í nýtt hverfi við Klettaborg og lagning stofnlagnar út í Krossanes. Stofnlögn fyrir Klettaborg er DN 65 og tengist hún við dreifikerfið við Gleráreyrar en fyrir iðnaðar- og hafnarsvæðið í Krossanesi var lögð DN 100 lögn sem tengist við dreifikerfið í Þverholti. Aukið var við stofnlagnir í Nesjahverfi og jafnframt unnið við heimæðar í Giljahverfi.

Nokkuð var um viðhaldsverkefni í dreifikerfi en þau stærstu voru að taka í burt hitaveitubrunna en samtals voru teknir 9 brunnar. Kostnaður við hvern brunn var að meðaltali 600.000 kr.

## Vatnsveitukerfi

Stærstu verkin á árinu voru lagning vatnsveitu í Giljahverfi 4B og lagning nýs vatnsveitustofns fyrir Krossanes. Vatnsveitustofn Giljahverfis er ¢110 mm en nýr vatnsveitustofn fyrir Krossanes er ¢225 mm sem kemur til viðbótar ¢110 mm stofni sem var fyrir. Stærð vatnsveitustofns að Krossanesi kemur til af brunavörnum við olíubirgðastöðvar Olíudreifingar og Skeljungs sem þar eru.

## Eignarhaldsfélagið Rangárvellir

Eignarhaldsfélagið Rangárvellir byggði og innréttaði aðstöðu fyrir Framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar og Norðurorku á Rangárvöllum á sl. ári. Byggð voru tvö 812 $m^2$ límtréshús og innréttuð starfsmannaaðstaða og lager í eldra húsnæði, um 500 $m^2$. Auk þess voru malbikuð útisvæði, u.þ.b. 8000 $m^2$ og lóðin girt af með 1.8 m. hárri girðingu.

Norðurorka tók í notkun sinn hluta bygginganna í september og framkvæmdamiðstöðin flutti alla starfsemi sína að Rangárvöllum 1. desember 2001.




**Hitaveita, aukning á notkun var 3,8% frá fyrra ári.**

Stuðlarnir á myndinni sýna notkun á heitu vatni í rúmmetrum á mánuði. Línan sýnir meðalhitastig hvers mánaðar. Greinilega sést hvaða áhrif veðurfar hefur á vatnsnotkun.



Eignarhaldsfélagið fjölgaði starfsmönnum um tvo á árinu, einn í mötuneyti og einn við þrif. Eignarhaldsfélagið leigir út húsnæði til Framkvæmdamiðstöðvar, Norðurorku og Fasteigna Akureyrarbæjar og rekur mötuneyti fyrir alla starfsmenn á Rangárvöllum. Starfsmenn félagsins eru nú fimm auk framkvæmdastjóra í hálfu starfi.




**Vatnsveita, aukning á notkun var 1,4% frá fyrra ári.**

Stuðlarnir á myndinni sýna notkun á köldu vatni í rúmmetrum á mánuði. Neðri hlutinn sýnir vatn frá vatnslindum í Hlíðarfjalli og Glerárdal. Efri hlutinn sýnir það vatn sem dælt er frá Vöglum. Eins og sést á myndinni kemur mest af köldu vatni úr lindum í fjallinu fyrir ofan Akureyri og er það ómetanleg auðlind. Línan á myndinni sýnir meðalrennsli í rúmmetrum á mánuði af vatni ef það er jafnað út yfir árið.

# Atvinnumálanefnd

Í upphafi ársins 1999 lagði núverandi atvinnumálanefnd fram stefnu í atvinnumálum til næstu fimm ára. Markmið stefnumótunar var að greina leiðir til að efla atvinnulíf og gera aðgerðaáætlun um framkvæmd slíkra leiða í því skyni að auka samkeppnishæfni atvinnulífs á Akureyri.

Atvinnumálanefnd endurskoðar stefnumótunina árlega með tilliti til breytts umhverfis og þess árangurs sem náðst hefur og leggur endurskoðaða stefnumótun fyrir bæjarstjórn í janúar ár hvert.

## Staða forgangsverkefna:

**1. Markaðs- og kynningarátak Akureyrarbæjar**

Þetta verkefni tengist aðgerðaáætlun þeirri sem unnin var upp úr lífskjarakönnun og fylgt var eftir með tillögum verkefnahóps sem lagði til að Akureyrarbær færi í markaðssetningu á fyrirtækjamarkaði og einstaklingsmarkaði með það markmið að Akureyri væri kynnt sem ákjósanlegur staður til reksturs hverskonar atvinnustarfsemi og búsetu. Bæjarstjórn tók myndarlega á tillögum vinnuhópsins og lagði verkefninu til tæpar 13 m.kr. sem ráðstafað var til mismunandi markaðsverkefna. Stýrihópurinn sem stjórnaði átakinu hélt 25 fundi á árinu þar af nokkra með atvinnumálanefnd. Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn skili af sér til nýráðins verkefnastjóra í kynningar- og upplýsingamálum Akureyrarbæjar í lok mars 2002.

**2. Markaðsskrifstofa Akureyrar**

Þetta verkefni var í fullum gangi hjá atvinnumálanefnd í lok ársins 2000 og þótti einsýnt að það yrði fyrirferðarmikið á árinu 2001. Verkefnið fékk töluverða umfjöllun hjá stýrihópnum um markaðs- og kynningarmál sem skilaði tillögum til atvinnumálanefndar en þær gengu út á skilgreiningu á samvinnu Akureyrarbæjar við starfandi fyrirtæki í greininni. Viðræður hafa verið í gangi á milli Akureyrarbæjar, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Ferðaskrifstofu Akureyrar um samvinnu á þessu sviði en á þessari stundu er ekki útséð með hvort af samningi verður.

**3. Stefnumótun í ferðamálum**

Á árinu var leitað tilboða í vinnu við gerð stefnumótunar í ferðamálum. Var Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar falið að sjá um það mál og náði það samkomulagi við Iðntæknistofnun um að leiða verkefnið. Atvinnumálanefnd fékk fyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar til að gera könnun meðal erlendra gesta í Leifsstöð um heimsóknir til Akureyrar og á Eyjafjarðarsvæðið.

**4. Samgöngumál**

Atvinnumálanefnd vann ekki mikið í þessum málaflokki á liðnu ári en Atvinnuþróunarfélagið og Eyþing hafa haft ákveðið frumkvæði í málefnum tengdum jarðgöngum undir Vaðlaheiði sem var eitt af áhersluatriðum atvinnumálanefndar í stefnumörkun í atvinnumálum. Virk umræða er um verkefnið í þjóðfélaginu og margt sem bendir til þess að undirbúningsframkvæmdir fari af stað á líðandi ári.

**5. Umhverfismál**

Atvinnumálanefnd er þátttakandi í verkefnum er tengjast Staðardagskrá 21 en eins og kunnugt er hefur framtak Akureyrarbæjar í umhverfismálum vakið verðskuldaða athygli. Settur var saman vinnuhópur um þá verkþætti er nefndin hefur með höndum en þeir lúta að leiðum til frekari endurvinnslu á sorpi og úrgangi á Eyjafjarðarsvæðinu.

**6. Fyrirtækjanet - undirbúningur að starfsemi 2-3 fyrirtækjaneta**

Hugmyndin að baki fyrirtækjaneti snerist um samstarf fyrirtækja í ferðaþjónustu. Horft var til fyrirtækja sem sérhæfðu sig í afþreyingu og var markmiðið að byggja upp samstarfsnet þeirra. Einnig getur netið snúist um samstarf mismunandi þátta ferðaþjónustunnar, s.s. milli flutningsaðila, gistiþjónustunnar, veitingareksturins o.fl. Verkefnið er á frumstigi.

**7. Orkumál og orkufrekur iðnaður**

Atvinnumálanefnd á fulltrúa í verkefnahópi sem hefur unnið að staðarvalsathugunum fyrir stóriðju við Eyjafjörð ásamt Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og Fjárfestingarstofu Íslands - Orkusviði. Stöðugt er unnið að ýmsum athugunum en skortur á fjármunum gerir það að verkum að hægt þokast. Verkefnið er háð vinnu um svæðisskipulag fyrir Eyjafjörð en hún er komin á lokastig. Einnig ber á það að líta að sveitarfélögin í Eyjafirði hafa ekki markað sameiginlega stefnu í þessu máli og því erfitt að vinna verkefnið á sveitarfélagsgrunni.

Virk kynning á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir staðsetningu á stóriðnaðarverum hefur þó verið í gangi og í tengslum við það hefur japanskt fyrirtæki boðað komu sína til þess að skoða aðstæður.



## 8. Fyrirtæki ársins

Atvinnumálanefnd hefur staðið að útnefningu á fyrirtæki ársins á Akureyri frá árinu 1995. Eftirtalin fyrirtæki hafa hlotið viðurkenningu atvinnumálanefndar Akureyrar:

1995 Samherji hf., 1996 Höldur hf., 1997 KEA Nettó, auk þess fengu Raftákn ehf. og Bókval ehf. sérstök verðlaun sama ár, 1998 Útgerðarfélag Akureyringa hf., auk þess fengu KEA og Kaupþing Norðulands sérstök verðlaun sama ár, 1999 AKO/Plastos hf., auk þess fengu Fiskeldi Eyjafjarðar og Sandblástur og málmhúðun hf. sérstök verðlaun sama ár, 2000 Fiskeldi Eyjafjarðar hf., auk þess fengu Bautinn/Smiðjan og Jákup Jacobsen, stofnandi og eigandi Rúmfatalagersins sérstök verðlaun það ár og árið 2001 var SS-Byggir útnefnt fyrirtæki ársins, auk þess sem Kjarnafæði og Gunnar M. Gunnarsson, hjá Sérleyfisbílum Akureyrar-Norðurleið, fengu sérstaka viðurkenningu.

## 9. Viðburðarferðamennska

Atvinnumálanefnd hefur komið reglulega að nokkrum uppákomum á vegum einstaklinga og samtaka. Má þar nefna Jólabæinn Akureyri sem hefur verið í umsjá Miðbæjarsamtakanna, Akureyri ein með öllu í umsjón Fremri kynningarskrifstofu og Menningarnætur í umsjón ferðaþjónustuaðila á Akureyri. Aðkoma nefndarinnar hefur verið fyrst og fremst í formi fjárstuðnings.

## 10. Ferða- og fræðslumál

Atvinnumálanefnd hefur stutt við bakið á Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar sem stofnuð var fyrir tilstuðlan nefndarinnar árið 2000. Stuðningurinn hefur verið í formi fjárframlags til ákveðinna verkefna sem SÍMEY hefur staðið fyrir. Þá hefur atvinnumálanefnd stutt við bakið á Upplýsingamiðstöðinni vegna þeirrar þjónustu sem innt er að hendi við komur farþegaskipa til Akureyrar.



### 11. Atvinnumál

Auk þess að fylgjast með atvinnulífi á Akureyri, veita upplýsingar um þróun, stöðu og horfur í atvinnumálum bæjarins og taka þátt í umræðum um atvinnumál af hálfu bæjarins, hefur atvinnumálanefnd komið að endurreisn atvinnulífsins þegar tilefni hefur gefist til þess. Það er ekki sjálfgefið að Akureyrarbær eða atvinnumálanefnd komi með beinum hætti að endurreisn atvinnulífsins. Rekstrarlegar forsendur verða að vera fyrir hendi og hefur atvinnumálanefnd stutt við bakið á atvinnulífinu með þeim hætti að aðstoða við úttekt á stöðu og horfum fyrir viðkomandi grein.




### Niðurlag

Á einu kjörtímabili er ekki hægt að gera ráð fyrir að áhrif af starfi atvinnumálanefnda komi í ljós fyrr en líða tekur á tímabilið. Markmið með stefnumótun var að Akureyri tæki forskot í nýtingu þekkingar til að skapa forskot og vöxt í atvinnumálum. Það átti síðan að leiða til bættra lífsgæða, fjölbreyttari menntunarmöguleika og starfsumhverfis sem stuðlaði að meiri íbúafjölgun á Akureyri en öðrum þéttbýlisstöðum á Íslandi.

Þessi markmið hafa að verulegu leyti gengið eftir og hefur greinilega komið í ljós að markviss framsetning á atvinnustefnu og eftirfylgni á henni hafa skapað starfsskilyrði, viðhorf og ímynd sem nauðsynleg eru hverju bæjarfélagi.

Ný tækifæri í atvinnulífinu hafa litið dagsins ljós og fjöldi starfa hefur orðið til við hátæknistörf, í heilbrigðisgeiranum og við Háskólann. Þetta hefur leitt til fólksfjölgunar í bænum langt umfram það sem menn hafa séð um árabil. Dökku hliðarnar á þessu máli er fækkun starfa í hefðbundnum iðnaði og er sífellt erfiðara að verja slík störf vegna framboðs af ódýru vinnuafli um allan heim.






# Akureyrarbær

## Bæjarsjóður og bæjarfyrirtæki

Ársreikning 2001 ásamt skýringum er að finna í heild sinni
á vefsíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is

# Ársreikningur 2001

# Bæjarstofnanir og bæjarfyrirtæki

| | Bæjarsjóður | Ýmsir sjóðir | Norðurorka |
|---|---|---|---|
| **Skatttekjur** | 3.371.344 | | |
| **Rekstur málaflokka:** | | | |
| Almenn rekstrargjöld | 5.265.933 | 21.160 | 748.314 |
| Tekjur málaflokka | ( 2.150.299) | ( 23.252) | ( 1.252.205) |
| | 3.115.635 | ( 2.092) | ( 503.891) |
| Skatttekjur að frádregnum rekstrargjöldum | 255.710 | 2.092 | 503.891 |
| **Vextir af hreinu veltufé** | 31.026 | 51.534 | 19.171 |
| Tekjur að frádregnum rekstri málaflokka og vöxtum af hreinu veltufé | 286.736 | 53.626 | 523.062 |
| **Greiðslubyrði lána:** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 70.122 | 9.728 | 283.883 |
| Vextir af langtímaskuldum | 69.612 | 5.449 | 122.625 |
| Innborganir vegna langtímakrafna | ( 62.651) | ( 313) | ( 2.261) |
| Vextir af langtímakröfum | ( 12.271) | ( 12.704) | ( 2.413) |
| Greiðslubyrði lána, nettó | 64.813 | 2.160 | 401.835 |
| Til ráðstöfunar (ráðstafað umfram tekjur) eftir greiðslur vegna lána | 221.923 | 51.466 | 121.227 |
| **Fjárfesting:** | | | |
| Gjaldfærð fjárfesting, nettó | 679.536 | | |
| Eignfærð fjárfesting, nettó | 719.957 | | 159.045 |
| Fjárfesting samtals | 1.399.493 | 0 | 159.045 |
| (Ráðstöfun umfram tekjur) óráðstafaðar tekjur | ( 1.177.571) | 51.466 | ( 37.818) |
| **Aðrir liðir:** | | | |
| Tekin ný langtímalán | 625.104 | | |
| Nýjar langtímakröfur | ( 26.666) | | |
| Breyting á næsta árs afborgun langtímakrafna | ( 24.620) | 4.353 | 193 |
| Breyting á næsta árs afborgun langtímaskulda | ( 24.762) | ( 798) | 93 |
| Kaup á hlutabréfum | | | ( 10.740) |
| Sala á hlutabréfum | | 88 | |
| Tekjur af áhættufjármunum | | 70 | |
| Breytingar á lífeyrisskuldbindingum | 322.703 | | 53.346 |
| Framlög eigin fyrirtækja | 450.000 | ( 503.068) | |
| Samtals | 1.321.759 | ( 499.356) | 42.893 |
| **Hækkun (lækkun) á hreinu veltufé** | 144.188 | ( 447.889) | 5.074 |
| **Breyting á hreinu veltufé:** | | | |
| Hreint veltufé í árslok | 131.476 | 508.878 | ( 57.818) |
| Hreint veltufé í ársbyrjun | ( 12.713) | 956.767 | ( 62.892) |
| Breyting á árinu | 144.188 | ( 447.889) | 5.074 |

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

# Fjármagnsyfirlit ársins 2001

| Félagslegar-íbúðir | Eignarhaldsfélagið Rangárvellir | Millifærslur | Samtals | Fjárhagsáætlun |
|---|---|---|---|---|
| | | (48.607) | 3.322.737 | 3.108.000 |
| 48.119 | 20.681 | (140.044) | 5.964.163 | 5.529.691 |
| (70.337) | (33.761) | 144.505 | (3.385.350) | (3.287.077) |
| (22.218) | (13.080) | 4.461 | 2.578.814 | 2.242.614 |
| 22.218 | 13.080 | (53.068) | 743.924 | 865.386 |
| (20.784) | (15.535) | | 65.412 | 64.753 |
| 1.434 | (2.455) | (53.068) | 809.335 | 930.139 |
| 22.336 | 2.261 | (2.261) | 386.069 | 415.672 |
| 13.570 | 3.423 | (2.413) | 212.267 | 211.877 |
| | | 2.261 | (62.964) | (44.440) |
| | | 2.413 | (24.975) | (15.247) |
| 35.906 | 5.684 | 0 | 510.397 | 567.862 |
| (34.471) | (8.139) | (53.068) | 298.938 | 362.277 |
| | | (35.447) | 644.089 | 546.681 |
| 36.126 | 147.743 | | 1.062.871 | 974.720 |
| 36.126 | 147.743 | (35.447) | 1.706.960 | 1.521.401 |
| (70.597) | (155.882) | (17.620) | (1.408.022) | (1.159.124) |
| 31.828 | 196.463 | | 853.395 | 696.000 |
| (2.694) | | | (29.360) | (35.000) |
| | | (193) | (20.267) | 6.769 |
| | (6.688) | 193 | (31.963) | 11.760 |
| | | | (10.740) | (35.000) |
| | | | 88 | |
| | | | 70 | |
| 3.140 | | | 379.189 | 103.240 |
| 35.447 | | 17.620 | 0 | |
| 67.721 | 189.775 | 17.620 | 1.140.412 | 747.769 |
| (2.876) | 33.893 | 0 | (267.610) | (411.355) |
| (27.093) | (48.304) | | 507.139 | 363.394 |
| (24.217) | (82.196) | | 774.749 | 774.749 |
| (2.876) | 33.893 | 0 | (267.610) | (411.355) |

# Bæjarstofnanir og bæjarfyrirtæki

| | Skýr. | Rekstur | | Gjaldfærð fjárfesting | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Gjöld | Tekjur | Gjöld | Tekjur |
| **Skatttekjur:** | | | | | |
| Útsvör | | | 2.596.716 | | |
| Fasteignaskattar | | | 365.550 | | |
| Jöfnunarsjóður | | | 409.078 | | |
| Samtals | | | 3.371.344 | | |
| **Málaflokkar:** | | | | | |
| Yfirstjórn bæjarins | | 179.779 | 13.046 | 5.646 | |
| Félagsþjónusta | | 1.935.159 | 1.119.291 | 89.409 | 12.700 |
| Fræðslumál | | 1.172.402 | 50.544 | 144.619 | 6.947 |
| Menningarmál | | 213.025 | 65.249 | 12.224 | |
| Íþrótta- og tómstundamál | | 310.521 | 113.781 | 197.048 | 38.696 |
| Brunamál og almannavarnir | | 136.288 | 75.541 | 1.015 | |
| Hreinlætismál | | 96.381 | 24.448 | | |
| Skipulags- og byggingamál | | 59.848 | 4.637 | 19.694 | |
| Götur, holræsi og umferðarmál | | 239.520 | 266.374 | 230.304 | 72.672 |
| Umhverfismál | | 143.944 | 1.895 | 14.807 | 206 |
| Heilbrigðismál | | 227.551 | 256.415 | 26.107 | |
| Atvinnumál | | 24.594 | 250 | 9.942 | |
| Önnur mál | | 452.621 | 59.040 | 421 | |
| Rekstur eigna | | 30.813 | 89.716 | 61.090 | 2.900 |
| Vélamiðstöð gatnagerðar | | ( 8.325) | | 854 | |
| Strætisvagnar Akureyrar | | 51.812 | 10.071 | 476 | |
| Samtals | | 5.265.933 | 2.150.299 | 813.657 | 134.121 |
| **Eigin fyrirtæki:** | | | | | |
| Ýmsir sjóðir | | 21.160 | 23.252 | | |
| Norðurorka | | 1.164.360 | 1.252.205 | | |
| Félagslegar íbúðir | | 48.119 | 70.337 | | |
| Eignarhaldsfélagið Rangárvellir | | 35.149 | 33.761 | | |
| Samtals | | 1.268.787 | 1.379.556 | | |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | | | |
| Vextir samkvæmt fjármagnsyfirliti | 21 | 121.810 | | | |
| Áfallnar verðbætur og gengismunur | 21 | 795.973 | | | |
| Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga | 21 | ( 716.730) | | | |
| Reiknaðir raunvextir samtals | | 201.053 | | | |
| **Samtals** | | 6.735.774 | 6.901.199 | 813.657 | 134.121 |
| **Mismunur** | | 165.425 | | | 679.536 |
| | | 6.901.199 | 6.901.199 | 813.657 | 813.657 |

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

# Rekstrar- og framkvæmdayfirlit ársins 2001

| Eignfærð fjárfesting | | Samtals | | Fjárhagsáætlun | |
|---|---|---|---|---|---|
| Gjöld | Tekjur | Gjöld | Tekjur | Gjöld | Tekjur |
| | | | 2.596.716 | | 2.517.000 |
| | | | 365.550 | | 386.000 |
| | | | 409.078 | | 205.000 |
| | | | 3.371.344 | | 3.108.000 |
| | | 185.425 | 13.046 | 201.154 | 11.520 |
| 63.699 | | 2.088.267 | 1.131.991 | 1.887.401 | 1.090.244 |
| 293.972 | | 1.610.993 | 57.491 | 1.560.741 | 52.300 |
| 100.425 | | 325.674 | 65.249 | 318.075 | 61.993 |
| 237.436 | | 745.005 | 152.477 | 687.081 | 138.827 |
| | | 137.302 | 75.541 | 143.020 | 82.878 |
| 2.215 | | 98.596 | 24.448 | 93.927 | 25.255 |
| | | 79.542 | 4.637 | 74.059 | 2.530 |
| | | 469.824 | 339.046 | 497.871 | 372.770 |
| 4.196 | | 162.947 | 2.101 | 162.566 | 2.375 |
| 5.347 | | 259.005 | 256.415 | 201.148 | 194.913 |
| | | 34.536 | 250 | 36.476 | 274 |
| | | 453.042 | 59.040 | 200.652 | 47.000 |
| | | 91.904 | 92.616 | 88.704 | 74.083 |
| | | ( 7.471) | | ( 6.730) | |
| 12.667 | | 64.955 | 10.071 | 64.100 | 13.070 |
| 719.957 | | 6.799.547 | 2.284.420 | 6.210.245 | 2.170.032 |
| | | 21.160 | 23.252 | 19.285 | 17.620 |
| 159.045 | | 1.323.405 | 1.252.205 | 1.270.831 | 1.212.825 |
| 36.126 | | 84.245 | 70.337 | 38.999 | 66.000 |
| 147.743 | | 182.892 | 33.761 | 145.310 | 33.700 |
| 342.914 | | 1.611.702 | 1.379.556 | 1.474.425 | 1.330.145 |
| | | 121.810 | | 131.877 | |
| | | 795.973 | | 817.993 | |
| | | ( 716.730) | | ( 669.263) | |
| | | 201.053 | | 280.607 | |
| 1.062.871 | | 8.612.302 | 7.035.319 | 7.965.277 | 6.608.177 |
| | 1.062.871 | | 1.576.983 | | 1.357.100 |
| 1.062.871 | 1.062.871 | 8.612.302 | 8.612.302 | 7.965.277 | 7.965.277 |

# Bæjarstofnanir og bæjarfyrirtæki

| | Bæjarsjóður | Ýmsir sjóðir |
|---|---|---|
| **Peningalegar eignir:** | | |
| Veltufjármunir: | | |
| Handbært fé | 189.573 | 4.950 |
| Skammtímaverðbréf | | 367.905 |
| Óinnheimtar tekjur | 433.195 | 1.989 |
| Skammtímakröfur | 39.462 | 16.658 |
| Viðskiptakröfur - eigin fyrirtæki | 372.276 | 121.664 |
| Vöru- og efnisbirgðir | 42.457 | |
| Gjaldfallnar og næsta árs afborganir langtímakrafna | 40.361 | 7.112 |
| | 1.117.324 | 520.277 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | |
| Hlutabréfaeign | | 163.547 |
| Verðbréfaeign | 135.156 | 225.119 |
| Næsta árs afborganir | ( 40.361) | ( 7.112) |
| | 94.795 | 381.555 |
| | 1.212.119 | 901.833 |
| **Skuldir:** | | |
| Skammtímaskuldir: | | |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 772.735 | 1.341 |
| Viðskiptaskuldir - eigin fyrirtæki | 121.664 | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 91.449 | 10.059 |
| | 985.848 | 11.400 |
| Langtímaskuldir: | | |
| Skuldabréf | 1.827.988 | 59.087 |
| Næsta árs afborganir | ( 91.449) | ( 10.059) |
| | 1.736.539 | 49.029 |
| | 2.722.387 | 60.429 |
| **Peningaleg staða (neikvæð) án lífeyrisskuldbindinga** | ( 1.510.269) | 841.404 |
| **Lífeyrisskuldbindingar:** | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | ( 2.778.800) | |
| **Peningaleg staða (neikvæð) með lífeyrisskuldbindingum** | ( 4.289.069) | 841.404 |
| **Aðrir liðir:** | | |
| Fastafjármunir færðir í efnahagsreikning | 8.300.202 | 7.267 |
| Eiginfjárreikningar | ( 4.011.133) | ( 848.671) |
| **Aðrir liðir samtals** | 4.289.069 | ( 841.404) |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | |
| **Skuldbindingar utan efnahagsreiknings** | | |

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2001

| Norðurorka | Félagslegar-íbúðir | Eignarhaldsfélagið Rangárvellir | Millifærslur | 2001 Samtals | 2000 Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| 13.657 | 8 | | | 208.188 | 452.811 |
| | 281.332 | | | 649.237 | 548.823 |
| 228.325 | 1.775 | | | 665.284 | 556.784 |
| 1.779 | 57.425 | | ( 3.552) | 111.772 | 83.510 |
| | | | ( 493.940) | 0 | 0 |
| 44.424 | | | | 86.881 | 73.457 |
| 2.433 | | | ( 2.433) | 47.473 | 67.740 |
| 290.618 | 340.540 | 0 | ( 499.924) | 1.768.836 | 1.783.125 |
| 78.471 | | | | 242.018 | 235.157 |
| 43.787 | | | ( 91.298) | 312.765 | 326.733 |
| ( 2.433) | | | 2.433 | ( 47.473) | ( 67.740) |
| 119.825 | 0 | 0 | ( 88.865) | 507.310 | 494.149 |
| 410.444 | 340.540 | 0 | ( 588.789) | 2.276.146 | 2.277.274 |
| 88.973 | 8.343 | 3.032 | ( 3.552) | 870.872 | 652.209 |
| 607 | 335.324 | 36.344 | ( 493.940) | 0 | 0 |
| 258.856 | 23.966 | 8.928 | ( 2.433) | 390.825 | 356.167 |
| 348.436 | 367.633 | 48.304 | ( 499.924) | 1.261.697 | 1.008.376 |
| 2.522.195 | 1.051.666 | 232.155 | ( 91.298) | 5.601.793 | 4.548.565 |
| ( 258.856) | ( 23.966) | ( 8.928) | 2.433 | ( 390.825) | ( 356.167) |
| 2.263.339 | 1.027.700 | 223.227 | ( 88.865) | 5.210.969 | 4.192.398 |
| 2.611.775 | 1.395.334 | 271.530 | ( 588.789) | 6.472.665 | 5.200.774 |
| ( 2.201.332) | ( 1.054.794) | ( 271.530) | 0 | ( 4.196.520) | ( 2.923.500) |
| ( 457.700) | ( 26.600) | | | ( 3.263.100) | ( 2.655.300) |
| ( 2.659.032) | ( 1.081.394) | ( 271.530) | 0 | ( 7.459.620) | ( 5.578.800) |
| 3.525.657 | 1.408.741 | 476.174 | ( 181.000) | 13.537.041 | 11.761.297 |
| ( 866.626) | ( 327.348) | ( 204.644) | 181.000 | ( 6.077.421) | ( 6.182.497) |
| 2.659.032 | 1.081.394 | 271.530 | 0 | 7.459.620 | 5.578.800 |

# Bæjarstofnanir og bæjarfyrirtæki

| | Bæjarsjóður | Ýmsir sjóðir |
|---|---|---|
| **Hlutfall af skatttekjum:** | | |
| Skuldir án lífeyrisskuldbindinga | 78% | |
| Skuldir með lífeyrisskuldbindingum | 157% | |
| Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga | 43% | |
| Peningaleg staða með lífeyrisskuldbindingum | 122% | |
| Rekstur málaflokka án vaxta og afskrifta | 92% | |
| Raunvextir | 1% | |
| Gjaldfærð og eignfærð fjárfesting | 42% | |
| Greiðslubyrði lána nettó | 2% | |
| **Í þúsundum króna á hvern íbúa:** | | |
| Skuldir án lífeyrisskuldbindinga | 174 | 4 |
| Skuldir með lífeyrisskuldbindingum | 352 | 4 |
| Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga | ( 97) | 54 |
| Peningaleg staða með lífeyrisskuldbindingum | ( 274) | 54 |
| Skatttekjur | 224 | |
| **Hlutfall af rekstrarniðurstöðu:** | | |
| Neikvæð peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga | 616% | |
| Neikvæð peningaleg staða með lífeyrisskuldbindingum | 1750% | |
| **Forsendur:** | | |
| Úr ársreikningi (Fjárhæðir eru á árslokaverðlagi 2001 í þús. króna): | | |
| Peningalegar eignir | 1.212.119 | 901.833 |
| Skuldir | ( 2.722.387) | ( 60.429) |
| Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga | ( 1.510.269) | 841.404 |
| Lífeyrisskuldbindingar | ( 2.778.800) | |
| Peningaleg staða með lífeyrisskuldbindingum | ( 4.289.069) | 841.404 |
| Skatttekjur | 3.509.818 | |
| Rekstur málaflokka, nettó | ( 3.243.606) | 2.178 |
| Afskriftir | | |
| Raunvextir sbr. skýringu 21 | ( 21.121) | ( 33.813) |
| Rekstrarniðurstaða | 245.091 | ( 31.635) |
| Gjaldfærð og eignfærð fjárfesting | ( 1.456.976) | |
| Gjaldfærðar afskriftir | | |
| Annað | 468.483 | ( 523.730) |
| Mismunur á útreikningi áhrifa verðlagsbreytinga sbr. skýr. 2, 3 og 22 | | |
| Raunbreyting á peningalegri stöðu á árinu | ( 743.401) | ( 555.365) |
| Greiðslubyrði lána, nettó | 67.475 | 2.249 |
| **Íbúafjöldi:** | | |
| Í ársbyrjun | | |
| Breyting á árinu | | |
| Í árslok | | |
| **Vísitölur:** | | |
| Vísitala neysluverðs í ársbyrjun | | |
| Meðalvísitala neysluverðs á árinu | | |
| Vísitala neysluverðs í árslok | | |

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.

# Lykiltölur

| Norðurorka | Félagslegar-íbúðir | Eignarhaldsfélagið Rangárvellir | Millifærslur | Samtals 2001 | Samtals 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 187% | 188% |
| | | | | 281% | 284% |
| | | | | 121% | 106% |
| | | | | 216% | 202% |
| | | | | 78% | 57% |
| | | | | 6% | 7% |
| | | | | 51% | 47% |
| | | | | 15% | 15% |
| 167 | 89 | 17 | | 414 | 361 |
| 196 | 91 | 17 | | 623 | 546 |
| ( 141) | ( 67) | ( 17) | | ( 268) | ( 203) |
| ( 170) | ( 69) | ( 17) | | ( 477) | ( 388) |
| | | | | 224 | 199 |
| | | | | 743% | 293% |
| | | | | 1320% | 559% |
| 410.444 | 340.540 | 0 | ( 588.789) | 2.276.147 | 2.473.338 |
| ( 2.611.775) | ( 1.395.334) | ( 271.530) | 588.789 | ( 6.472.666) | ( 5.648.540) |
| ( 2.201.331) | ( 1.054.794) | ( 271.530) | 0 | ( 4.196.520) | ( 3.175.202) |
| ( 457.700) | ( 26.600) | | | ( 3.263.100) | ( 2.883.911) |
| ( 2.659.031) | ( 1.081.394) | ( 271.530) | 0 | ( 7.459.620) | ( 6.059.112) |
| | | | ( 50.603) | 3.459.215 | 3.006.257 |
| 524.589 | 23.131 | 13.617 | ( 4.644) | ( 2.684.735) | ( 1.700.542) |
| ( 433.135) | | ( 15.062) | | ( 448.197) | ( 443.345) |
| ( 120.483) | ( 35.618) | 1.724 | | ( 209.311) | ( 221.004) |
| ( 29.030) | ( 12.487) | 279 | ( 55.247) | 116.972 | 641.361 |
| ( 165.578) | ( 37.610) | ( 153.811) | 36.903 | ( 1.777.071) | ( 1.405.143) |
| 433.135 | | 15.062 | | 448.197 | 443.345 |
| | 36.903 | | 18.344 | ( 0) | 0 |
| ( 188.604) | | | | ( 188.604) | ( 136.101) |
| 49.924 | ( 13.194) | ( 138.470) | 0 | ( 1.400.507) | ( 456.537) |
| 418.340 | 37.381 | 5.917 | | 531.362 | 446.397 |
| | | | | 15.395 | 15.139 |
| | | | | 240 | 256 |
| | | | | 15.635 | 15.395 |
| | | | | 202,1 | 194,0 |
| | | | | 210,8 | 198,5 |
| | | | | 219,5 | 202,1 |

# Raunbreyting á peningalegri stöðu á árinu 2001

| | Staða samkv. ársreikningi 2001 | Staða samkv. ársreikningi 2000 | Staða í árslok 2000 á verðlagi í árslok 2001 | Raunbreyting á árinu 2001 |
|---|---|---|---|---|
| **Veltufjárstaða:** | | | | |
| Veltufjármunir: | | | | |
| Handbært fé | 208.188 | 452.811 | 491.796 | ( 283.608) |
| Skammtímaverðbréf | 649.237 | 548.823 | 596.074 | 53.163 |
| Óinnheimtar tekjur | 665.284 | 556.784 | 604.721 | 60.564 |
| Skammtímakröfur | 111.772 | 83.510 | 90.700 | 21.072 |
| Vöru- og efnisbirgðir | 86.881 | 73.457 | 79.781 | 7.100 |
| Næsta árs afb. langtímakrafna | 47.473 | 67.740 | 73.572 | ( 26.099) |
| Samtals | 1.768.836 | 1.783.125 | 1.936.644 | ( 167.809) |
| Skammtímaskuldir: | | | | |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 870.872 | 652.209 | 708.361 | 162.511 |
| Næsta árs afb. langtímaskulda | 390.825 | 356.167 | 386.832 | 3.993 |
| Samtals | 1.261.697 | 1.008.376 | 1.095.193 | 166.504 |
| Veltufjárstaða | 507.139 | 774.749 | 841.451 | ( 334.313) |
| Veltufjárhlutfall | 1,40 | 1,77 | | |
| **Aðrir peningalegir liðir:** | | | | |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | 507.310 | 494.149 | 536.694 | ( 29.384) |
| Langtímaskuldir | ( 5.210.969) | ( 4.192.398) | ( 4.553.347) | ( 657.622) |
| Lífeyrisskuldbindingar | ( 3.263.100) | ( 2.655.300) | ( 2.883.911) | ( 379.189) |
| **Peningaleg staða (neikvæð)** | ( 7.459.620) | ( 5.578.800) | ( 6.059.112) | ( 1.400.507) |

| | Staða skv. ársreikningi á meðalverðlagi 2001 | Staða á verðlagi í árslok 2001 |
|---|---|---|
| **Afstemming á peningalegri stöðu:** | | |
| Skatttekjur | 3.322.737 | 3.459.215 |
| Málaflokkar, nettó | 2.578.814 | 2.684.735 |
| Niðurstaða án vaxta | 743.924 | 774.480 |
| Reiknaðir raunvextir, sbr. skýringu 21 | ( 201.053) | ( 209.311) |
| Gjaldfærð fjárfesting, nettó | ( 644.089) | ( 670.544) |
| Eignfærð fjárfesting, nettó | ( 1.062.871) | ( 1.106.527) |
| Mismunur á útreikningi áhrifa verðlagsbreytinga sbr. skýr. 2, 3 og 22 | | ( 188.604) |
| **Raunbreyting á peningalegri stöðu** | ( 1.164.089) | ( 1.400.507) |

Allar fjárhæðir eru í þús. kr.



# Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnum 31. desember 2001

## Bæjarstjórn Akureyrar:

Kristján Þór Júlíusson
Þórarinn B. Jónsson
Sigurður J. Sigurðsson
Þóra Ákadóttir
Steingrímur Birgisson
Ásgeir Magnússon
Oktavía Jóhannesdóttir
Jakob Björnsson
Ásta Sigurðardóttir
Guðmundur Ó. Guðmundsson
Oddur Helgi Halldórsson

## Bæjarráð:

Ásgeir Magnússon
Þórarinn B. Jónsson
Sigurður J. Sigurðsson
Jakob Björnsson
Oddur Helgi Halldórsson

## Bæjarstjóri:

Kristján Þór Júlíusson

## Endurskoðendur:

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

## Skoðunarmenn bæjarreikninga:

Birgir Björn Svavarsson
Guðmundur Gunnarsson

# Fastanefndir

## Atvinnumálanefnd:

Valur Knútsson
Magnús Steinar Magnússon
Matthildur Sigurjónsdóttir
Hákon Hákonarson
Helga Rósantsdóttir

## Umhverfisráð:

Vilborg Gunnarsdóttir
til 01.10.2001
Þóra Ákadóttir
frá 02.10.2001
Knútur Karlsson
til 08.05.2001
Guðmundur Jóhannsson
frá 08.05.2001
Oddný Stella Snorradóttir
Guðmundur Ó. Guðmundsson
Stefán Jónsson

## Félagsmálaráð:

Oktavía Jóhannesdóttir
Þóra Ákadóttir
Jóhanna H. Ragnarsdóttir
Jakob Björnsson
Valgerður Jónsdóttir

## Framkvæmdaráð:

Ásgeir Magnússon
Sigurður J. Sigurðsson
Valgerður Hrólfsdóttir
lést 21.06.2001
Þóra Ákadóttir
frá 14.08.2001
Jakob Björnsson
Oddur Helgi Halldórsson

## Stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar:

Ásgeir Magnússon
Sigurður J. Sigurðsson
Valgerður Hrólfsdóttir
lést 21.06.2001
Þóra Ákadóttir
frá 14.08.2001
Jakob Björnsson
Oddur Helgi Halldórsson

## Húsnæðisnefnd:

Jóhann Sigurðsson
Alfreð Almarsson
Eygló Birgisdóttir
Páll Jóhannsson
Einar Hjartarson

## Íþrótta- og tómstundaráð:

Þórarinn B. Jónsson
Steingrímur Birgisson
Sigrún Stefánsdóttir
Þórarinn E. Sveinsson
Nói Björnsson

## Jafnréttisnefnd:

Sigrún Stefánsdóttir
Ingibjörg S. Ingimundardóttir
Hinrik Þórhallsson
Mínerva B. Sverrisdóttir
Páll Jóhannsson

## Kjarasamninganefnd:

Þórarinn B. Jónsson
Ásgeir Magnússon
til 12.06.2001
Jón Ingi Cæsarsson
frá 12.06.2001
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

## Kjörstjórn:

Ásgeir Pétur Ásgeirsson
Guðmundur Gunnarsson
Haraldur Sigurðsson

### Menningarmálanefnd:

Þröstur Ásmundsson
Páll Tómasson
Helgi Vilberg Hermannsson
Ásta Sigurðardóttir
Ágúst Hilmarsson

### Skólanefnd:

Jón Kr. Sólnes
Valgerður Hrólfsdóttir
lést 21.06.2001
Anna Þóra Baldursdóttir
frá 14.08.2001
Jón Ingi Cæsarsson
til 22.05.2001
Kristín Sigfúsdóttir
frá 22.05.2001
Guðmundur Ó. Guðmundsson
Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir

### Stjórn Norðurorku:

Páll Tómasson
Valgerður Hrólfsdóttir
lést 21.06.2001
Sigurður Hermannsson
frá 14.08.2001
Hilmir Helgason
Ásta Sigurðardóttir
Svavar Ottesen

### Náttúruverndarnefnd:

Jón Ingi Cæsarsson
Sveinn Heiðar Jónsson
Sunna Borg
Friðrik Sigþórsson
Björn Snæbjörnsson

### Áfengis- og vímuvarnanefnd:

Þorgerður Þorgilsdóttir
Jón Viðar Guðlaugsson
Guðmundur Jóhannsson
Helga Rósantsdóttir
Jóhann Sigurjónsson

### Fræðslunefnd:

Sigríður Stefánsdóttir
Leifur Þorsteinsson
Eiríkur Bj. Björgvinsson
Þórgnýr Dýrfjörð
Kristján Þór Júlíusson

### Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Bæjarstjóri
Oktavía Jóhannesdóttir
Jakob Björnsson

### Reynsluverkefnanefnd:

Sigurður J. Sigurðsson
Oktavía Jóhannesdóttir
Jakob Björnsson

## Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum

### Almannavarnanefnd Eyjafjarðar:

Bæjarstjóri
Bæjarverkfræðingur
Slökkviliðsstjóri

### Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar:

Baldur Dýrfjörð
Jakob Björnsson
Oktavía Jóhannesdóttir
Elías Kristjánsson
til 14.08.2001
Jóhanna Ragnarsdóttir
frá 14.08.2001

### Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri:

Halla Margrét Tryggvadóttir

### Hafnasamlag Norðurlands:

Björn Magnússon
Bjarni Kristinsson
Tryggvi Gunnarsson
Valtýr Sigurbjarnarson
Konráð Alfreðsson

### Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra:

Ólafur Hergill Oddsson
Anna Fr. Blöndal

### Leikhúsráð:

Þröstur Ásmundsson

### Fulltrúaráð Málræktarsjóðs:

Erlingur Sigurðarson

### Stjórn Minjasafnsins á Akureyri:

Ágúst Hilmarsson
Helgi Vilberg Hermannsson
Þröstur Ásmundsson

### Skólanefnd Myndlistarskólans á Akureyri:

Þóra Ákadóttir

### Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands:

Helgi Vilberg Hermannsson

### Safnráð Listasafnsins á Akureyri:

Valgerður Jónsdóttir
Þröstur Ásmundsson

### Stjórn Gilfélagsins, áheyrnarfulltrúi:

Páll Tómasson

### Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra:

Lilja Ragnarsdóttir

### Stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri:

Sigurður J. Sigurðsson
Ásgeir Magnússon
Ársæll Magnússon

### Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga:

Eiður Gunnlaugsson

### Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga:

Kristján Þór Júlíusson

### Launanefnd sveitarfélaga:

Ásgeir Magnússon

### Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Kristján Þór Júlíusson
Vilborg Gunnarsdóttir
til 01.10.2001
Sigurður J. Sigurðsson
frá 02.10.2001
Ásgeir Magnússon
Oktavía Jóhannesdóttir
Jakob Björnsson
Guðmundur Ó. Guðmundsson
Oddur Helgi Halldórsson

### Héraðsnefnd Eyjafjarðar:

Kristján Þór Júlíusson
Valgerður Hrólfsdóttir
lést 21.06.2001
Þóra Ákadóttir
frá 14.08.2001
Ásgeir Magnússon
Oktavía Jóhannesdóttir
Jakob Björnsson
Ásta Sigurðardóttir

### Stjórn Eyþings:

Kristján Þór Júlíusson

### Umsjónarnefnd fólksbifreiða á Akureyri:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir

### Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Hreinn Pálsson

### Veiðifélag Eyjafjarðarár:

Jóhannes Kristjánsson

### Vetraríþróttamiðstöð Íslands:

Jóhann G. Sigurðsson
Þórarinn E. Sveinsson

## Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnum fyrirtækja

### Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.:

Sigurður J. Sigurðsson
Hallgrímur Ingólfsson
Hákon Hákonarson

### Landsvirkjun:

Kristján Þór Júlíussson

### Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.:

Jón Ingi Cæsarsson
Jakob Björnsson

### Fóðurverksmiðjan Laxá hf.:

Árni V. Friðriksson





# Nöfn þeirra sem prýða ársskýrsluna að þessu sinni


Bls. 1 Bjarki Sæþórsson
- 4 Kristín S. Stefánsdóttir
- 7 Pétur Ásgeirsson
- 9 Kristján Þór Júlíusson
- 10 Aron Dagur Birnuson og Birna Rún Arnarsdóttir
- 13 Elín Aðalsteinsdóttir
- 14 Sólveig Þorsteinsdóttir
- 16 Haraldur Anton Sófusson
- 18 Sólrún Stefánsdóttir
- 21 Anna Þyrí Halldórsdóttir
- 22 Sesselía M. Gunnarsdóttir
- 23 Óskar Helgason
- 27 Kristín Kristjánsdóttir
- 29 Valdimar Baldvinsson
- 30 Aron Dagur Birnuson
- 32 Þórdís Jónsdóttir
- 33 Þráinn Karlsson
- 35 Jóhanna Jóhannesdóttir
- 36 Guðmundur Ármann Sigurjónsson
- 38 Birna Rún Arnarsdóttir
- 41 Jóna Raguels
- 42 Tryggvi Þórarinsson
- 44 Gestur Jónsson
- 45 Hanna Gunnur Sveinsdóttir
- 47 Gunda Celie Jóhannsdóttir
- 48 Arnar Sigurðsson
- 51 Vignir Víkingsson
- 53 Hafdís Freyja Rögnvaldsdóttir
- 54 Magnús Ingi Birkisson
- 65 Kolbrún Anna Vignisdóttir
- 67 Elvar Steinn Ívarsson
- 68 Jón Helgi Kjartansson